

SÆLL MEÐ SAMANBURÐ VIÐ HARRY POTTER
Rithöfundurinn Eoin Colfer ræðir um Artemis Fowl og hjálparstarfið með Ice Aid



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

2. september 2007 – 237. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Gengur upp Akrafjall

Fótboltamamma Katrín Leifsdóttir gengur upp Akrafjall í hvert sinn sem ÍA vinnur leik í Landsbankadeildinni.

FÓLK 30

Kaflaskil í gæðamálum

Menntamálaráðherra segir forsendu framfara hér á landi að menntun og rannsóknir séu í hæsta gæðaflokki.

Í DAG 10

Heilög Díana

Bandaríski heimspekingurinn Peter Singer veltir fyrir sér arfleifð og ímynd Díonu heitinnar prinsessu.

PISTILL 18

Á toppnum

Liverpool skaut á topp ensku úrvalsdeildarinnar í fyrsta skipti í fimm ár er liðið rúllaði Derby upp, 6-0. Chelsea getur náð toppsætinu í dag.

ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



NORÐAUSTANÁTT Í DAG Með skúrum eða rigningu norðan og austanlands, en bjartviðri syðra.

VEÐUR 4

VISA BIKARINN 2007

Undanúrslit karla



Laugardalsvöllur í dag kl: 16:00

Ofbeldi á heimilum mjög sjaldan kært

Um 200 kærur vegna heimilisofbeldis og annars ófriðar hafa komið fram á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. 800 sinnum á árinu hafa slík brot verið tilkynnt. Sextán prósent kvenna sem komu í Kvennaathvarfið í fyrra kærðu ofbeldið.

HEIMILISOFBELDI „Við vitum að réttarkerfið er þannig að fæst málin enda með dómi,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir hjá Kvennaathvarfinu. Sextán prósent þeirra 300 kvenna sem leituðu til athvarfsins í fyrra vegna heimilisofbeldis kærðu ofbeldið.

„Oft kemur upp í umræðunni að það gagnist lítið að kæra,“ segir Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Við höfum samt engar upplýsingar sem staðfesta að það geti ekki haft eitthvað upp á sig.“

Kærur vegna heimilisofbeldis eða heimilisófriðar eru tæplega 200 talsins það sem af er ári hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynningar vegna slíkra brota hafa hins vegar verið nær átta hundruð, samkvæmt samantekt lögreglu.

Samkvæmt tölunum eru ofbeldismenn á heimilum helst karlmenn á aldrinum 35 til 44 ára. Meðalaldurinn er lægri í flestum öðrum flokkum afbrota, að sögn Rannveigar.

Í fyrra leituðu rúmlega 300 konur til Kvennaathvarfsins

vegna ofbeldis á heimili, þar af 99 í dvöl. Yfir hundruð voru að flýja morðhótanir og töldu sig hafa ástæðu til að óttast um líf sitt.

Þriðjungur þeirra sem dvöldu í Kvennaathvarfinu fóru aftur heim í óbreyttar aðstæður. „Sumar konurnar koma oft og með stuttu millibili,“ segir Sigprúður. „Þetta eru konurnar sem við höfum mesta ástæðu til að ætla að séu beinlínis í hættu heima hjá sér. Þær sem hafa lífað lengi við mjög ljótt ofbeldi stoppa gjarnan stutt og við höfum miklar áhyggjur af þeim.“

Jafnréttisumræða í öngstræti: Óttast bakslag í jafnréttisbaráttu

RÉTTINDAMÁL „Stundum heyrir maður raddir um að jafnréttisbaráttan hafi orðið til þess að tekið hafi að halla á karlmenn,“ segir



Kristín Ástgeirsdóttir, nýskipuð framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. Hún segir umræðuna þá komna í öngstræti. Þegar lítið sé

á stöðu kvenna annars vegar og karla hins vegar hljóti fólk að átta sig á því að karlmenn ráði enn lögum og lofum. „Sjáið ríkisstjórnina, Hæstarétt, fjármálakerfið, íslensku útrásina og aðra staði þar sem völdin eru,“ segir hún.

Kristín segist óttast að bakslag hafi orðið í jafnréttisbaráttu og ætlað að beita sér fyrir því að kennsla í kynjafræðum verði í skólum.

Segir séröryggishlið óþarft: Gullna hliðið lítið notað

LÖGREGLUMÁL Tilraun með sérstakt öryggishlið fyrir farþega Ícelandair á Saga class-farrými hefur leitt í ljós að það er óþarfi. Þetta segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á vef sínum.

Tilraunin var gerð að beiðni Ícelandair og flugstöðvarinnar, og hefur hliðið verið kallað gullna hliðið. Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir hliðið hafa verið minna notað en reiknað hafi verið með.

Hann segir þjónustugíð í öryggishliðum fyrir almenning hátt, og mesti kúfurinn sé að auki yfirleitt búinn þegar farþegar á Saga class skrái sig inn í flug. Fundað verði um málið með öllum sem málinu tengjast á mánudag þar sem endanleg niðurstaða mun liggja fyrir.



Í **TRYGGU SKJÓLI** Regnið truflaði ekki skyggni þessa manns sem fylgdist með leik Þróttar og Grindavíkur í fyrstu deild karla í knattspyrnu í gær. Þróttur sigraði með þremur mörkum gegn einu og skaut þar með í efsta sæti deildarinnar. **FRÉTTA BLAÐIÐ/VILHELM**

Karl Júlíusson leikmyndahönnuður vinnur við kvikmynd Katherine Bigelow:

Breytir Amman í Bagdad

MENNING „Ég hef verið að byggja rústir og einnig verið í nánu samstarfi við bandarískt sprengjulið sem sérhæfir sig í svona verkefnum,“ segir Karl Júlíusson leikmyndahönnuður. Karl hefur undanfarna fimm mánuði unnið að gerð leikmynda við nýjustu kvikmynd Katherine Bigelow, The Hurt Locker.

Í myndinni segir frá sprengjusveit sem hefur það hlutverk að aftengja sprengjur Al Kaída í Íraksstríðinu. Myndin gerist að öllu leyti í Bagdad en ekki reyndist unnt að fara með

kvikmyndaþökulið þangað vegna stríðsins. Karl hefur því haft það hlutverk með höndum að breyta borginni Amman í Bagdad.



KARL JÚLÍUSSON

emy Renner, sem Karl ætti að þekkja vel enda unnu þeir saman

á gerð myndarinnar A Little Trip to Heaven.

Karl segir dvölinna ytra hafa verið einstaka og það séu forréttindi að fá að kynna þessum heimshluta. „Okkur hefur verið tekið með kostum og kynjum, verið boðið í mat og kaffi og þetta er bara eins og að sitja í teboði uppi í Mávahlíð,“ segir Karl og bætir við að Jórdanir séu eitthvert það gestrisnasta og yndislegasta fólk sem hann hafi kynnt.

Ráðgert er að The Hurt Locker verði frumsýnd næsta sumar eða haust.

- fgg /sjá síðu 30

Í NÝJU LAUGARDALS-HÖLLINI UM HELGINA

ÍSMÖT 2007

Gefðu þér góðan tíma um helgina í Höllinni - Við tökum vel á móti þér!

Enginn aðgangseyrir



Yngvi, ætti hann þá ekki bara að heita Menntaskólinn í Ekki-Reykja-vík?

„Nei, þú veður nú aldeilis í reykt með það, karlinn minn!“

Skólafyrirvöld Menntaskólans í Reykjavík hafa bannað veggspjald með mynd af reykjandi stúlku. Rök skólanna eru þau að ekki megi reyka í skólanum.

Forseti Venesúela:

Miðlar málum í gísladeilu

KÓLUMBÍA Hugo Chavez, forseti Venesúela, og Alvaro Uribe, forseti Kólumbíu, hafa náð samkomulagi um að fulltrúi stærsta vígahóps Kólumbíu komi til



HUGO CHAVEZ

Venesúela í því skyni að semja um lausn tuga gísla sem eru í haldi hópsins. Í staðinn yrði fjöldi upp-reisnarmanna í haldi yfirvalda sleppt lausum.

Þátttaka

Chavez gæti aukði áhrif hans í Suður-Ameríku og bætt ímynd hans, en ekki er víst að víðræðurnar fái farsælan endi. Í haldi upp-reisnarmanna eru meðal annars kólumbíska stjórnmálakonan Ingrid Betancout.

- sgj

Nýstárlegur veitingastaður:

Maturinn borinn fram á járnbraut

ÞÝSKALAND Þýskur maður hefur opnað fyrsta sjálfvirka veitingastað heims í borginni Nürnberg. Á staðnum eru engir þjónar, afgreiðslumenn eða gjaldkerar. Matarpantanir fara allar fram með snertiskjám á borðunum og réttirnir eru bornir fram með hjálp járnbrautar sem liggur frá eldhúsinu á efri hæðinni niður í salinn á neðri hæðinni.

Á snertiskjámum má velja af matseðli og er einnig upp gefið hversu langan tíma matreiðslan muni taka. Greiðslan fer svo fram með greiðslukorti sem krafist er í byrjun máltíðar. Eigandinn segist hafa orðið leiður á að bera fram diska. „Ég skil ekki að enginn hafi gert þetta áður,“ segir hann.

- sgj

Forseti framkvæmdastjórnar ESB heimsótti slóðir skógareldanna í Grikklandi:

Eldarnir vandamál allrar Evrópu

GRIKKLAND, AP Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, flaug yfir sviðna jörð Grikklands í þyrilu í gær og lofaði fjárstuðningi ESB við illa farin héruð. Alls 64 fórust í eldunum og um 190.000 hektarar ræktarlands og skóga lögðust í eyði.

Rýma þurfti tvö þorp til viðbótar í gær og bjarga hópi slökkviliðsmanna sem voru umkringdir eldtungum. „Við stöndum með ykkur og munum gera allt sem við getum til að styðja Grikkland,“ sagði Barroso eftir flugferðina ásamt forsætisráðherra Grikklands, Costas Karamanlis.



ENN LOGAR GLATT Starfsmenn orkuvers í Grikklandi reyna að slökkva nálæga elda sem umkringja vinnustað þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Vandamál Grikkja er vandamál Evrópu. Við munum þurfa að endurbyggja það sem tor-

tímdist,“ sagði Barroso. ESB tilkynnti um rúmlega 17 milljarða króna neyðaraðstoð, með vilyrði um aðra 34 milljarða eftir að ríkisstjórn Grikklands metur skemmdirnar.

Barroso sagði fjármunina munu koma úr Samstöðusjóði ESB, sem settur var á fótt árið 2002 til að fjármagna uppbyggingu eftir náttúruhamfarir.

Öllum stærri eldsvoðum hefur tekist að halda í skefjum síðan á miðvikudag eftir að eldurinn hafði logað í viku.

Enn þurfa slökkviliðsmenn að berjast við nýja elda á hverri nóttu.

- sgj

Skopmyndadeila í Svíþjóð:

Mótmæli gegn myndbirtingu

SVÍÞJÓÐ, AP Hundruð múslíma efndu til mótmæla í Svíþjóð í gær gegn dagblaðinu Nerikes Allehanda, sem gefið er út í Örebro, vegna þess að blaðið birti skopteikningu af Múhamedó spámanni.

Múslímarnir söfnuðust saman fyrir utan ritstjórnarskrifstofur blaðsins, en áður höfðu múslímar í Pakistan og Íran efnt til mótmæla gegn birtingu teikninganna í Svíþjóð.

Í uppsiglingu virðist svipuð deila og varð um skopteikningar af Múhamedó, sem birtust í danska dagblaðinu Jyllandsposten á síðasta ári.

- gb

Öryggismat sagt gert eftir forskrift forseta

Athafnamaðurinn Þorsteinn Jónsson telur ríkislögreglustjóra kunna að hafa „búið til sjónarmið“ um öryggi gesta forseta Íslands á Laufásvegi eftir forskrift forsetaembættisins til að stöðva framkvæmdir sem falli embættinu ekki í geð.

STJÓRNÝSLA Eigendur tveggja húsa í næsta nágrenni við gestahús forseta Íslands á Laufásvegi 72 hafa nú kært borgaryfirvöld vegna synjunar leyfis til að gera breytingar við hús þeirra.

Skipulagsráð Reykjavíkur neitaði báðum húseigendum um heimild til breytinganna á grundvelli öryggismats sem forsetaembættið fékk hjá ríkislögreglustjóra, sem taldi breytingarnar torvela öryggis-gæslu við gestahúsið.

Í kærnu lögmanns Þorsteins M. Jónssonar, stjórnarformanns Víðifells, sem býr á Laufásvegi 73, segir meðal annars að synjun byggingarleyfis til handa Þorsteini sé brot á meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur gefið Reykjavíkurborg frest til 6. september til að skýra sjónarmið sín. Það sama gildir um kærnu Einarssonar, sem býr á Laufásvegi 74 og fær ekki að reisa sólstofu vegna nábylinsins við gestahúsið.

Þorsteinn hefur nú um árabíl reynt að fá leyfi fyrir ýmsum breytingum. Meðal annars vill hann byggja nýtt tvöfalt bílskily og jarðhýsi og reisa skjólveggi. Forsetaembættið hefur ávallt lagt gegn því að leyfið verði veitt, bæði vegna áður nefndra öryggissjónarmiða og vegna þess að breytingar myndu raska virðingu og ró góttunnar.

Hvorki skipulagsráð né umræddir nágrennar gestabústaðarins fá aðgang að öryggismati ríkislögreglustjórans. Þá segir lögmaður Þorsteins, Einar Þór Sværnisson, að ríkislögreglustjóri hafi snúist í



LAUFÁSVEGUR 72 Gestahús forsetaembættisins á Laufásvegi 72 er sagt nýtt fyrir tigna gesti en nágrennarnir segja þá ekki hafa sést þar árum saman. Öryggisástæður eru sagðar liggja að baki því að neitað er að upplýsa um þá sem gist hafa í húsinu á undanföllum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



EINAR EIRÍKSSON



ÞORSTEINN M. JÓNSSON



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

skoðun sinni á málinu eftir samtöl við fulltrúa forsetaembættisins.

„Það hvarflar að kæranda (Þorsteini M. Jónssyni) að sjónarmið um öryggi hugsanlegra gesta hússins hafi einfaldlega verið búið til af ríkislögreglustjóra samkvæmt forskrift forseta Íslands,“ segir

Einar.

Þeir Þorsteinn draga báðir í efa að gestahúsið sé í raun notað fyrir tigna gesti eins og sagt er. „Sé minnsti fótur fyrir þessum öryggiskröfum er starfsemin á

röngum stað og ber að víkja en ekki eðlilegir hagsmunir hverfisins,“ segir Einar Eiríksson.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur áður neitað að svara spurningum Fréttablaðsins varðandi gestahúsið á Laufásvegi.

gar@frettabladid.is



BÍLLINN Á VELLINUM Búið er að fjarlægja jeppann svo hægt sé að leika knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Bílvelta í Vestmannaeyjum:

Ölvaður drengur velti jeppa

LÖGREGLUMÁL Ölvaður sautján ára drengur velti jeppa við Týsveg í Vestmannaeyjum klukkan fjögur aðfaranótt laugardags. Hann var einn í bílnum og slapp ómeiddur.

Drengurinn missti stjórn á bílnum þegar hann var á leið af dansleik í Týsheimilinu. Jeppinn fór út af veginum og endaði á hvolvi á knattspyrnuvelli Týs. Að sögn lögreglu varð drengurinn ekki meint af, en hann var nær málstola af ölvun. Hann hafði haft ökuleyfið í tíu daga.

- sgj

Bandarískur þingmaður:

Segir af sér eftir kynlífshneyksli

BANDARÍKIN, AP Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Larry Craig sagði af sér í gær í kjölfar handtöku fyrir að falast eftir kynmökum við óeinkennisklæddan lögreglumann á salerni flugvallar.

„Ég biðst afsökunar á því sem ég hef gert,“ sagði Craig, sem hefur verið þingmaður repúblikana í Idaho í rúman aldarfjórðung. Eftir handtökuna hafði hann ekki viljað biðjast afsökunar. „Ég er ekki samkynhneigður og hef aldrei verið það,“ lýsti hann yfir.

- sgj

Flokksráðsfundur Vinstri grænna segir lýðræðið að engu haft við breytingu á OR:

Andmæla hlutafélagavæðingu

STJÓRNMÁL Hlutafélagavæðing Orkuveitu Reykjavíkur er fyrsta skrefið í átt til einkavæðingar fyrirtækisins, og andmæla Vinstri græn áformunum. Þetta kemur fram í ályktun flokksráðsfundar VG sem lauk á Flúðum í gær.

Þar segir að um breytingar á grundvelli fyrirtækisins sé að ræða og slíkar breytingar eigi að taka á grundvelli umræðu kjörinna fulltrúa. Með þessari framgöngu sé lýðræðið að engu haft, enda þjóni það ekki markmiðum meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur, segir enn fremur í ályktun fundarins.

„Það er afdráttarlaus afstaða Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að samfélagsþjónustan, þar með talin Orkuveita Reykjavíkur, eigi að vera í eigu almennings. Af því verður ekki gefinn afsláttur undir nokkrum kringumstæðum,“ segir í ályktuninni.

Flokksráð VG krafðist þess í annarri ályktun að afleiðingar markaðs- og einkavæðingar yrðu kannaðar með markvissum hætti, en þingmenn flokksins hafa boðað tillögu um slíkt á haustþingi. Krefst flokksráðið þess að þar til slíkt könnun hafi verið unnin verði fallið frá öllum áformum um frekari einkavæðingu og einkarekstur.

Fundurinn krafðist þess enn fremur að unnin yrði



VG Í GÖNGUFERÐ Eftir flokksráðsfund á Flúðum á föstudag og laugardagsmorgun fóru fundarmenn í gönguferð við neðri hluta Þjórsár.

MYND/ARNI ÞÓR SIGURÐSSON

rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma áður en lengra yrði haldið í átt til nýtingar. Þá leggur ráðið áherslu á að staða Íslands innan Atlantshafsbandalagsins verði tekin til umræðu, og að Ísland eigi ekki erindi í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna með óbreyttri stjórnarstefnu.

- bj

Reykjavík
871 ±2


Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

Lífið á
landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur



NORAH JONES

Söngkonan **Norah Jones** hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli um allan heim fyrir tónlist sína. Þessi einstaka tónlistarkona heldur **tónleika í Laugardalshöll í kvöld, sunnudagskvöld**. FL Group styrkir tónleikana og stuðlar þannig að fjölbreytni og áframhaldandi grósku í tónleikahaldi á Íslandi.

FL Group styður dyggilega við bakið á íslensku tónlistarlífi. Hvort sem um ræðir útrás, framsækni tónleikahald eða eflingu tónlistar innanlands. Um leið og við gleðjumst yfir árangri og sigrum undanfarinna ára munum við halda áfram að styrkja íslenskt tónlistarlíf og hvetja okkar góðu listamenn til dáða.

Fjölmarginir ólíkir tónlistarmenn njóta stuðnings FL Group í gegnum fjárfestingarfélagið **Tónvís** og útgáfufyrirtækið **Believer**. Má þar nefna **Garðar Thór Cortes**, **Friðrik Karlsson** og **Barða Jóhannsson** í Bang Gang.

FL Group er einnig aðalstyrktaraðili **Sinfóníu- hljómsveitar Íslands** og vill með því leggja áherslu á mikilvægi þess að Íslendingar eigi jafn öfluga og metnaðarfulla hljómsveit og raun ber vitni.



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	63,04 63,34
Sterlingspund	127,29 127,91
Evra	86,12 86,60
Dönsk króna	11,560 11,628
Norsk króna	10,832 10,896
Sænsk króna	9,197 9,251
Japanskt jen	0,5416 0,5448

SDR	96,57	97,15
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	116,911	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



BRUNNUR Árni Sigfússon bæjarstjóri gaf göngufólki vatnssopa úr endurgerðum brunni.

Gamall brunnur endurgerður:

Þorsti göngu-fólks slökktur

REYKJANESBÆR Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, vígði í gær endurgerð brunns við Brunnstíg við upphaf sögugöngu um bæinn sem var einn viðburða ljósanætur í bænum. Ný dæla er komin á brunninn og dældi Árni upp vatni fyrir þyrst göngufólk áður en gengið var af stað á aðrar söguslóðir í bænum.

Haft er eftir Árna á vef bæjarins að skortur á neysluvatni hafi verið mikill vandi á Suðurnesjum á árum áður. Brunnar sem hafi verið á Suðurnesjum áður en brunnurinn við Brunnstíg var gerður hafi verið rammsaltir. - bj

STJÓRN MÁL

Samvinna vegna útlendinga

Félagsmálaráðherra hefur skipað vinnuhóp til að efla samvinnu innan stjórnsýslunnar milli þeirra sem koma að málefnum útlendinga á vinnu-markaði. Hópurinn mun vinna að nánari útfærslu á fyrirkomulagi slíkrar samvinnu, segir á vef ráðuneytisins.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fimm naut sluppu út

Lögreglan á Höfn í Hornafirði var kölluð til þegar fimm naut sluppu úr girðingu við Hólaveg rúma fimm kílómetra fyrir utan Höfn. Nautunum var smalað til baka og bóndinn áminntur um að laga girðinguna.

Ríkisskattstjóri segir ekki ganga lengur að fjórðungur lögaðila skili ekki framtölum:

Vill að lög heimili afskráningu

SKATTAMÁL Það er verulegt áhyggjuefni að tæplega fjórðungur lögaðila hafi ekki skilað skattframtölum vegna ársins 2005, segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Hlutfallið hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

„Þetta er alvarlegt ástand. Félögum hefur fjölgað gríðarlega mikið og það vantaði skattframtal frá 24,6 prósentum lögaðila vegna ársins 2005,“ segir Skúli Eggert. Gjarnan er um að ræða einstaklinga sem stofnað hafa einkahlutafélag um rekstur sinn, eða fyrirtæki sem ekki eru komin í rekstur, þótt inn á milli séu allt-

af einhver stærri fyrirtæki.



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Þegar félög skila ekki skattframtölum og gögnum um virðisaukaskatt áætla starfsmenn skattsins á þau með tilheyrandi umstangi, og fara jafnvel í innheimtuáðgerðir. Skúli Eggert segir að þá skili félögin gjarnan inn framtölum og áætlanir séu felldar niður án þess að viðurlög komi til. Ekki hefur verið metið hver

kostnaður skattayfirvalda er vegna þessa.

„Þetta er ástand sem getur ekki gengið lengur. Það verður að taka á þessu, og til þess þarf hugsanlega lagabreytingar,“ segir Skúli Eggert. „Ef þetta endurtekur sig ár eftir ár hjá ákveðnum félögum hlýtur á endanum að koma að því að félögin verði afskráð.“

Hann metur það svo að ekki sé nægjanleg heimild fyrir því í lögum að grípa til slíkra aðgerða, enda um mjög róttækar aðgerðir að ræða. Hjá ríkisskattstjóra sé nú unnið að tillögum að úrbótum á lögum sem kynntar verði stjórnvöldum á næstunni. - bj

Röng endurkrafa á bótaþega:

Fráskilin kona hýrudregin

FÉLAGSMÁL Tryggingastofnun var óheimilt að krefja konu um rúma hálf milljón króna í endurgreiðslu af lífeyri ársins 2005. Tryggingastofnun vildi draga lífeyri konunnar vegna tekna sem eiginmaður hennar hafði af sölu íbúðar þeirra, af sölu hlutabréfa og vegna arðs af hlutabréfum.

Konan kærði til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Hún benti á að hjónin hefðu verið skilin í að skiptum þegar maður hennar fékk umræddar tekjur. Úrskurðarnefnd tók undir þau sjónarmið og hefur lagt fyrir Tryggingastofnun að gera nýjan endurreikning á lífeyri konunnar. - gar

Eitt stórt forlag betra en mörg lítil í bókaútgáfu


Nýr risi á bókamarkaði verður til með sameiningu bókaútgáfu Eddu og JPV-útgáfu. Þetta kann að draga úr útgáfumöguleikum fyrir ákveðna höfundu en fagfólk telur þó mikilvægara að sterk útgáfa sinni metnaðarfullum verkefnum. Bókaútgáfa sögð fordæmd til að vera basl á svo fámennu málsvæði á hjara veraldar.

BÓKAMARKAÐUR „Við hjá Bjarti erum bara hæstánægð með þetta, það er gaman að fá svona stóran óvin,“ segir Snæbjörn Arngrímsson, sem verður eigandi næststærsta bókaforlags Íslands, gangi sameiningaráform JPV og bókaútgáfu Eddu eftir. Hann segir ólíklegt að sameiningin breyti miklu í útgáfu fyrirtækjanna. Þau haldi sínu striki.

„Þeir fá líka noga samkeppni og þurfa að berjast um lesendur eins og áður. Það er ekki eins og þetta skaði einn né neinn, nema kannski að einstaka höfundar telji sig falla í skuggann inni í svona stóru bákni,“ segir hann. Bækur sem teljist lífsþurssmál fyrir þjóðina að lesa komi út eftir sem áður. „Menningarlífið er ekki í mikilli hættu,“ segir hann og hlær.

Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og varaformaður Rithöfundasambands Íslands, tekur í sama streng. „Það er höfundum í hag að eiga sterkt íslenskt forlag undir stjórn reynslu-bolta eins og Jóhanns Páls og Halldórs Guðmundssonar, sem hafa marga fjórana sopið í þessum bransa. Eg persónulega hef fulla trú á þeim,“ segir hann. Rúnar bendir á það sem kost við sameininguna að stærri forlög geti sinnt metnaðarfullri verk-

Áratugur í íslenski bókaútgáfu



Staðan í íslenski bókaútgáfu er nauðalík því sem hún var fyrir áratug. Bjartur stendur enn einn, nýtt Forlag verður undir stjórn sömu lykilmanna og voru í Máli og menningu og Edda tekur við hlutverki Vöku-Helgafells sem öflugasti bókaclúbður landsins.



RÚNAR HELGI VIGNISSON

efnum en þau minni. „En það er vissulega svolítið áhyggjuefni ef eitt forlag ber höfuð og herðar yfir öll önnur forlög. Það getur skapað ákveðin vandamál fyrir minni forlögin, sem eiga á brattann að sækja við að koma vörum sínum á framfæri,“ segir hann. „Við þurfum að eiga öflugt forlag, en það væri kannski æskilegra að þau væru fleiri en eitt.“

klemens@frettabladid.is

HÖFUNDAR ALMENNT JÁKVÆÐIR

„Það var talað við alla höfundana áður en þetta var tilkynnt og að því sem ég best veit hafa undirtektir verið góðar,“ segir Halldór Guðmundsson, verðandi stjórnarformaður Forlagsins.

„Enda hvað er það sem skiptir höfund mestu máli? Það er góð ritstjórn, sala á útgáfuréttindum til útlanda og gott markaðsstarf innanlands,“ segir hann.

Halldór telur að stórt forlag sé betur í stakk búið en minni, til að sinna ofantöldu. „Íslensk bókaútgáfa



HALLDÓR GUÐMUNDSSON

er dæmd til að vera basl hér á minnsta málsvæði veraldar, sem á annað borð heldur úti bókamarkaði. Við megum heppin heita ef okkur tekst að halda úti einu stóru forlagi og svo auðvitað sem flestum minni.“ Markaðurinn standi ekki undir mikið meiru.

„Ef valkostirnir eru þeir að vera með annaðhvort mörg forlög á brauðfótum eða almennilegt forlag sem getur sinnt skyldum sínum við lesendur, má ég þá frekar biðja um það!“

Bakleikfimi í vatni

Betri liðan í hálsi, herðum og baki. Skemmtileg og árangursrik þjálfun undir leiðsögn sjúkrapjálfa.

Rólegir- og kröftugir hópar, í hádeginu og eftirmiðdaga í nýlegri og bjartri sundlaug við Laugarás.

Sjúkrapjálfafrán: Harpa Helgadóttir MTc, MHSc, Hildur Guðny Ásgeirsdóttir og Gunnur Róbertsdóttir.

Skráning fer fram í síma 511 1575 og 897 2896. Vefur: www.bakleikfimi.is • Netfang: harpa@icf.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Suðaustan 10-15 syðra, hægari N-til

» þriðjudagur

Suðvestan 10-15 víða um land

Stað	Veður	Temperatúra
Kaupmannahöfn	18°C skúrir	London 21°C skýjað
Billund	18°C rigning	Paris 22°C skúrir
Oslo	18°C skúrir	Frankfurt 21°C skýjað
Stokkhólmur	16°C rigning	Friedrichshafen 22°C skýjað
Gautaborg	16°C rigning	Berlin 20°C skýjað
Eindhoven	20°C skúrir	
Basel	23°C skúrir	
Alicante	28°C léttskýjað	
Róm	29°C hálfskýjað	
Las Palmas	24°C heiðskirt	

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



SAFNKORTIÐ FLÝGUR ÚT

Margfaldaðu punktana þína og fljúgðu út á frábæru Safnkortstilboði til **London, Baltimore, Helsinki** eða **Amsterdam** á tímabilinu 1. okt.-9. des.

Bókaðu á **www.n1.is** á tímabilinu **3.-9. sept.**

Takmarkað sætaframboð

FILEN/SIA - FI022648



AMSTERDAM - Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 30.770 kr.

LONDON - Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 28.080 kr.

HELSINKI - Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 29.750 kr.

BALTIMORE - Verð frá **26.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 46.300 kr.

N1 býður nú safnkortshöfum sem eiga 3000 punkta eða fleiri að taka flugið til fjögurra áfangastaða Icelandair á frábæru verði. Þú greiðir aðeins frá 16.900 kr. og bætir við 3000 punktum. Þannig margfaldar þú virði punktanna þinna. Ekki missa af þessu einstaka tilboði. **N1 - Meira í leiðinni.**



Finnst þér ríkisstjórnin hafa staðið sig vel á fyrstu hundrað dögnum við völd?

Já	50%
Nei	50%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er það góð þróun að skattfyrirvöld vinni skattframtöl fyrir einstaklinga?



Segðu þína skoðun á viris.is

Alþjóðleg ráðstefna á Selfossi spáir mikilli þörf vegna mannfjölgunar:

Vantar meiri mat en frá upphafi

UMHVERFISMÁL „Vegna mikillar fjölsfjölgunar gæti þurft að framleiða meiri matvæli í heiminum fyrir næstu aldamót en samanlagt frá upphafi mannkyns,“ segir Andrés Arnalds, fagmálastjóri hjá Landgræðslu ríkisins. „Bara á næstu fimmtíu árum gæti þurft að tvöfalda framleiðsluna.“

Þetta var meðal þess sem fram kom um helgina á stórrí þjóðlegri ráðstefnu um jarðveg, samfélag og hnattvæðingarmál, sem nú stendur yfir á Selfossi. Gestir eru um 130 talsins frá nánast öllum heimshornum, segir Andrés.

Að ráðstefnunni standa Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna

og Þróunarstofnun SP, svo eitt-hvað sé nefnt, en Landgræðsla ríkisins skipulagði hana, í tilefni af hundrað ára afmæli landgræðslustarfs á Íslandi.

„Markmið ráðstefnunnar er að fjalla um mikilvægi jarðvegs og jarðvegsverndar og hvernig þetta tengist markmiðum um varnir gegn loftslagsbreytingum og uppblæstri,“ segir hann.

Jarðvegur er grundvöllur mikils hluta matvælaframleiðslu heimsins. Andrés segir ekki ástæðu til að óttast þörfina fyrir tvöföldun framleiðslunnar, því mikið sé til af góðu landi. Þetta sé þó háð því að nýtingin verði skynsamleg. - kóp



LÍTILL MATVÆLAFRAMLEIÐANDI Þörf er á sjálfbærri þróun í matvælaframleiðslu og skynsamlegri nýtingu jarðvegs til að metta mannkyn. MYND/ÚR SAFNI

Tillögur samfylkingarkvenna:

Fjórleg og frjáls málþing um list

STJÓRNMÁL „Ég vona að málþingin geti orðið fjórleg og frjáls í forminu,“ segir Oddný Sturlu-dóttir borgarfulltrúi.

Samfylkingarkonurnar Oddný Sturludóttir og Guðrún Erla Geirsdóttir, myndlistarkona og fulltrúi Samfylkingar í menningar- og ferðamálaráði, lögðu fram tvær tillögur á síðasta fundi ráðsins. Önnur fjallar um málþing með aðildarfélögum hvers listgreinar þar sem komið væri á beinu sambandi milli listamanna og stjórnmálamanna. Hin fjallar um reglulega tónleika á Miklatúni á sumrin. Tillögnum var frestað. - lbb

Rannsóknarleyfi í Gjástykki: LV harmar ósk um rannsókn

ORKUMÁL Landsvirkjun (LV) harmar að náttúruverndarsamtök hafi sent þingnefndum og fjölmiðlum bréf til að biðja um opinbera rannsókn á veitingu rannsóknarleyfis á Gjástykkisvæðinu án þess að kynna sér málavexti.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að sótt hafi verið um rannsóknarleyfi árið 2004, en afgreiðsla hafi tafist. Umsóknin hafi verið ítrekuð 2006, en afgreiðsla hafi verið slegið á frest vegna fyrirhugaðra lagabreytinga.

Þegar lagabreytingarnar hafi ekki náð fram að ganga á vörþingi 2007 hafi umsóknin verið ítrekuð 8. maí.

Ráðherra hafi veitt leyfið 10. maí, tveimur dögum fyrir kosningar. - bj

Ljósanótt í Reykjanesbæ: Eins og um hefðbundna helgi

REYKJANESBÆR Föstudagskvöldið, fyrra kvöld ljósanætur í Reykjanesbæ, fór vel fram að sögn varðstjóra lögreglunnar á Suðurnesjum. Einn gisti fanga-klefa vegna ölvunar og tveir voru teknir fyrir ölvunarakstur.

Erillinn var „eins og á hefðbundnu föstudagskvöldi“ og gæti slæmt veður og rigning verið orsök. Yfirleitt hefur laugar-dagskvöld ljósanætur verið annasamara hjá lögreglu. - sji

LÖGREGLUFRETTIR

Brutu rúðu vegna reyks

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út vegna gríðarlegs reyks sem lagði frá potti á eldavel í húsi í Breiðholtinu klukkan fimm í gærmorgun. Slökkviliðið þurfti að brjóta rúðu til að komast inn og reykraesta.

Aftur á vinnumarkað í kjölfar veikinda

Hafin er þriggja ára tilraun þar sem fólki sem er nýdottið út af vinnumarkaði vegna alvarlegra veikinda er hjálpað í endurhæfingu og svo aftur í vinnu. Af sextíu eru sex þegar komnir út á vinnumarkaðinn. Verkefnið er rétt að hefjast.

VINNUMARKAÐUR Blásið hefur verið til þriggja ára tilraunaverkefnis þar sem starfstengd endurhæfing er gerð á fólki með skerta starfsorku sem hefur nýlega dottið út af vinnumarkaði. Sextíu einstaklingar sem hafa verið alvarlega veikir taka þátt í verkefninu. Tuttugu þeirra hafa fengið þverfaglega endurhæfingu og eru sex þegar komnir út á vinnumarkaðinn.

Kristján Guðmundsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar Glæsibæ, tekur þátt í verkefninu, sem er á vegum heilsugæslustöðva, Vinnuálastofnunar, Tryggingastofnunar og velferðarsviðs Reykjavíkur. Hann segir að tilraunin sé unnin í þverfaglegu samstarfi lækna, sjúkrahjálfa, sálfræðings og félagsráðgjafa á heilsugæslustöðvunum í Glæsibæ, Efra-Breiðholti, Salastöð og Garðabæ.

„Markmiðið er að veita fólki starfstengda endurhæfingu, koma því eins fljótt og hægt er út á vinnumarkaðinn og styðja það til að halda áfram að vinna,“ segir Kristján.

Sigurður Thorlacius, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, segir að atvinna sé mannréttindi. Vinna skipti gríðarlega miklu máli fyrir heilsufar og því hafi atvinnumissir heilsuspillandi áhrif til lengri tíma lítið. Hingað til hafi ekki verið nægilegt pláss á vinnumarkaði fyrir fólki með skerta starfsorku. Mikilvægt sé að hugarfarsbreyting verði.

„Þegar einstaklingar lenda í hremmingum og geta ekki sinnt vinnu sinni nógu vel hafa ekki verið nægir möguleikar á hlutastarfi, að fá önnur verkefni eða komast í vinnu hjá öðrum vinnu-



VEITA STARFSTENGDA ENDURHÆFINGU „Markmiðið er að veita fólki starfstengda endurhæfingu og koma því eins fljótt og hægt er út á vinnumarkaðinn,“ segir Kristján Guðmundsson, yfirlæknir á Heilsugæslunni Glæsibæ. Myndin er úr verksmiðju og tengist ekki fréttinni beint.

veitanda þó að starfskraftarnir séu ekki alveg þeir sömu og áður,“ segir Sigurður.

„Hingað til hefur fólk annað hvort verið í vinnu eða verið öryrkjar. Hugmyndin er að fólk geti verið með skerta starfsorku og fengið bætur en samt fengið vinnu við hæfi,“ segir hann og bendir á að kerfið hafi hingað til virkað sem fátæktargildra vegna tekjutryggingarinnar þar sem allar tekjur hafa komið til frádráttar bótum og jafnvel tekjur maka líka.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, segir að stórauka þurfi starfsendurhæfingu og gera stórar kerfisbreytingar. „Við viljum brjótast út úr þeirri fátæktargildru sem núver-

andi örorka er og efla atvinnuþátttöku öryrkja.“ ghs@frettabladid.is

KOSTNAÐUR OG ÚTGJÖLD

Útgjöld hins opinbera:

1997	2003
3,8 milljarðar	12,7 milljarðar

Áætlaður kostnaður samfélagsins vegna tapaðra vinnustunda öryrkja 2003 - 34 milljarðar á föstu verðlagi.

Heimild: Fjölgun öryrkja - orsaker og afleiðingar eftir Tryggva Þór Herbertsson.

Óskum eftir

sölu- og/eða umboðsaðilum á landsbyggðinni. Góðir tekjumöguleikar.

Áhugasamir sendi uppl. á bspain@internet.is



Snorrabraut 27 s. 534 1599

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL Í NÆSTA APÓTEKI

Metfjöldi íslenskra fjárhunda kom saman í Bandaríkjunum ásamt eigendum:

Gæta barna við frístundaheimili

BANDARÍKIN Eigendur íslenskra fjárhunda í Bandaríkjunum reyndu að komast í sögubækurnar á dögnum þegar 45 hundar af þessari tegund komu saman í Maryland-ríki til að fagna tíu ára afmæli Íslenska fjárhundasambandsins í Bandaríkjunum.

Knox Rhine, forseti sambandsins, segir hundategundina njóta sífellt meiri vinsælda og nú séu um 700 íslenskir fjárhundar í Bandaríkjunum öllum. Hann segir vel af þeim látið, tveir vinni til dæmis við að gæta barna á leikvelli við frístundaheimili í Kansas og passi að þau fari ekki út af skólalóðinni.

„Margir af þeim sem komu til að fagna afmælinu höfðu aldrei séð annan íslenskan fjárhund en sinn eigin,“ segir Rhine. Hann á

sjálfur tvær tikur og hefur átt þá eldri í þrettán ár.

Hann segir ekki erfitt að átta sig á því af hverju tegundin eigi vinsældum að fagna í Bandaríkjunum. „Þetta eru indælir hundar sem elska fólk, þeir vilja frekar vera með fólki en öðrum hundum. Sumir nota þá sem smalahunda á kúabýlum, hestabúgörðum, sauðfjárbúum og kjúklingabúum,“ segir Rhine.

Hann segir mikla orku fara í að fá tegundina viðurkennda í Bandaríkjunum en eftir nokkur ár geti eigendur íslenskra fjárhunda vonandi tekið þátt í öllum stærstu hundasýningunum. - bj

ÍSLENSKIR FJÁRHUNDAR Einn þeirra sem lögðu á sig langa ferð til að taka þátt var Knox Rhine, sem fór með tvær tikur.



Glæsileiki



Audi A6 með ríkulegum aukabúnaði á einstöku verði

2,0 TFSI, 170 hestöfl, stíglaus multitronic sjálfskipting,
leðuráklæði á sætum, Bluetooth símabúnaður,
18" álfelgur, Bi-Xenon aðalljós.

Verð 4.990.000 kr.



VEISTU SVARID?



1. Hver seldi alla hluti sína í Ícelandair í vikunni?
2. Í hvaða menntaskóla er veggspjald kvikmyndarinnar Vefdráttu bannað?
3. Hver skoraði eftir 10 sekúndur í leik FH og KR á fimmtudagskvöld?

SVÖR Á SÍÐU 30

Morðið á Politkovskaju:

Tveir menn af tíu látnir lausir

RÚSSLAND, AP Tveir af mönnum tíu, sem handteknir voru í Rússlandi í tengslum við morðið á blaðakonunni Önnu Politkov-



ANNA POLITKOVSKAYA

skaju, hafa verið látnir lausir. Báðir eru þeir lögreglumenn. Auk þess liggur þriðji maðurinn, sem er leyniþjónustumaður, ekki lengur undir grun í málinu. Þessi þróun mála þykir ýta undir efasemdir um að saksóknarinn í Moskvu hafi verið eins langt kominn með að leysa málið og látið var í veðri vaka þegar yfirlýsing um handtöku tíu manna var gefinn á mánudag fyrir tæpri viku.

Eigandi Formaco bregst við kærnu Verkalýðsfélags Akraness:

Stefnir félaginu fyrir rógburð

VINNUMARKAÐUR Ragnar Jóhannsson, eigandi Formaco ehf., ætlar að stefna Verkalýðsfélagi Akraness fyrir rógburð.

Formaður verkalýðsfélagsins, Vilhjálmur Birgisson, kærði Formaco í byrjun júní fyrir að vera með fjórtán Litháa í vinnu sem að sögn Vilhjálms voru óskráðir hjá Vinnuálastofnun.

Ragnar segir að í upphafi hafi Formaco reynt að skrá starfsmennina fjórtán á vefsíðu Vinnuálastofnunar en að síðan hafi verið biluð og þess vegna hafi það ekki gengið í stuttan tíma. „Starfsmenn okkar hafa alltaf verið skráðir hjá Vinnuálastofnun



RAGNAR JÓHANSSON
Eigandi Formaco segist ætla að stefna Verkalýðsfélagi Akraness á næstu dögum fyrir rógburð.

nema í þessu eina tilfelli þegar það komst upp að skráning starfsmanna hefði ekki gengið vegna þess að heimasíðan var biluð. Þá var skráningin leiðrétt hjá Vinnuálastofnun. Við höfum alltaf

farið eftir lögum í einu og öllu,“ segir Ragnar.

„Ég bað lögfræðing minn því um að undirbúa málsókn á hendur verkalýðsfélaginu á miðvikudaginn vegna ítrekaðra niðrandi ummæla Vilhjálms um Formaco,“ segir Ragnar og bætir því við að formaðurinn hafi haldið úti harðri gagnrýni á fyrirtækið vegna málsins á heimasíðu verkalýðsfélagsins.

Kæra Verkalýðsfélags Akraness gegn Formaco er nú til meðferðar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Ragnar segir að ekki hafi verið haft samband við Formaco vegna kærunnar. - ifv

Faðir átta ára stúlku í Kína:

Stúlkan hljóp 3.575 kílómetra

KÍNA, AP Fyrirverandi langhlaupari í Kína, Zhang Jianmin, lét dóttur sína hlaupa að jafnaði 65 kílómetra, eða nærri hálf tölva maraþonhlaup, á hverjum degi í 55 daga samfleytt.

Hann segist ekki hafa neytt dóttur sína til að hlaupa, heldur hafi hún haft gaman af því. Stúlkan hljóp ekki eins heldur fylgdi Jianmin henni eftir á rafknúna reiðhjól allt frá heimili þeirra á Hainan-eyju í sunnanverðu Kína til höfuðborgarinnar Peking.

Sérfræðingar telja líklegt að stúlkan muni bíða heilsutjón af völdum maraþonhlaupanna. - gb

SKAGASTRÖND

Fimmtán þúsund í frístundir

Foreldra barna á Skagastrand munu fá fimmtán þúsund króna greiðslu úr sveitarsjóði vegna tótmundaiðkunar barna sinna samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.

SVÍPÍJÓÐ

Kjarabætur til blaðamanna

Sænskir blaðamenn fá 10,2 prósent launahækkun á þremur árum samkvæmt nýjum kjarasamningi. Lágmarkslaun verða jafnvirði 232 þúsund íslenskra króna, að sögn Dagens Nyheter, auk annarra kjarabóta.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Velti bíl við Korpúlfsstaði

Maður velti bíl sínum við hringtorg á Vesturlandsvegi, skammt frá Korpúlfsstöðum, klukkan níu í gærmorgun. Hann var einn í bílnum og slapp án meiðsla.

Dreifa strætókortum til 30.000 námsmanna

Nemendafélög framhalds- og háskóla á höfuðborgarsvæðinu útdeila kortum til námsmanna, sem veita gjaldfrjálssar ferðir í strætó. Rúmlega þrjátíu þúsund nemar úr um 25 skólum fá frítt í strætó. „Algjör geðveiki,“ segir formaður Stúdentaráðs.

SAMGÖNGUR „Þetta hefur verið algjör geðveiki, röð fram á gang. En við erum tilbúin að leggja smá á okkur fyrir frítt í strætó,“ segir Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Nemendafélög framhalds- og háskóla á höfuðborgarsvæðinu vinna nú hörðum höndum um að dreifingu strætókorta.

„Það hefur farið endalaust tími í þetta og hellingur af sjálfbóðaliðum hefur hjálpað okkur,“ segir Dagný. Starfsmenn á skrifstofu Stúdentaráðs eru þrjú talsins og því miklar annir. „Það komu svona 150 manns í gær og stöðugur straumur alla vikuna. Við erum með um níu þúsund kort og tvö þúsund þeirra eru þegar farin,“ segir Dagný.

„Við erum að hjálpa að, það eru náttúrulega þrjár byggingar í HR,“ segir Sveinn Kristjánsson, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík. Hann segir allt að tíu manns hafa tekið þátt í dreifingunni hverju sinni.

„Þetta er gríðarlega mikil vinna, en þetta er okkar starf, þar sem við erum hagsmunafélag nemenda,“ segir Sveinn.

„Við höldum að 99 prósent hafi fengið kort,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, Inspector scholae í Menntaskólanum í Reykjavík. „Þetta hefur gengið mjög vel, en eitt prósent kortanna kom ekki úr prentun. Við fáum þau á næstunni.“

Dreifingin hefur ekki gengið snurðulaust fyrir sig og vantaði kort nokkurra nemenda fyrstu dagana. Pálmi Freyr Randversson hjá umhverfissviði Reykja-



KORTIÐ Í HENDURNAR Fjöldi sjálfbóðaliða hefur dreift strætókortum í skólum höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR



BJÖRN BRYNJÚLFUR BJÖRNSSON



SVEINN KRISTJÁNSSON

víkurborgar segir að ákveðið hafi verið að prenta eftir listum frá skólunum sem ekki voru fullkláraðir.

„Við vildum að nemendur gætu fengið kortin í upphafi skólans,

en á þeim tíma er fólk enn þá milli skóla eða ekki rétt skráð. Núna erum við að leggja loka-hönd á kort fyrir þessa nemendur,“ segir Pálmi.

stendor@frettabladid.is

Síðustu sætin í september! - frábært tilboð

6. sept. - vika
13. sept. - vika
20. sept. - 8 dagar

Montreal í Kanada

frá 29.990 kr.*

Heimsferðir bjóða frábært tilboðsverð á síðustu sætum til Montreal í september. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Grípu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Frábært verð

*Verð kr. 29.990

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal *** m/morgunverði í 7 (8) nætur.

Verð kr. 59.990

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Delta Centre Ville **** í 7 (8) nætur.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Starfsemi Stuðla skerðist ekki þrátt fyrir eldsvoðann á dögnum:

Neyðarvistunin færð í aðra álmu

ELDSVOÐI „Við munum gera smávægilegar breytingar á húsnæðinu og vera með neyðarvistunina áfram,“ segir Sólveig Ásgrímsdóttir, forstöðukona Stuðla.

Eftir að neyðarvistunarálma Stuðla brann fyrir skömmu hafa forsvarsmenn Stuðla og Barnaverndarstofu leitað bráðabirgðalausna á neyðarvistuninni.

Þar sem um sérhæfða starfsemi er að ræða er ekki hægt að flytja hana hvert sem er. Nú hefur verið ákveðið að gera breytingar á þeirri álmu sem slapp við brunann og halda uppi neyðarvistun þar ásamt almennri meðferðardeild.

Starfsemi meðferðardeildarinnar mun ekki skerðast að sögn Sólveigar en neyðarvistunin mun ekki verða jafnafkastamikil.

„Matsmenn hafa sagt okkur að það taki þrjátíu fjóra mánuði að koma álmunni í samt lag aftur. Núna er það bara spurning hvernig gengur að fá iðnaðarmenn til verksins,“ segir Sólveig.

Á Stuðlum eru reknar tvær deildir. Annars vegar er það meðferðardeild þar sem ungmenni dvelja í allt að tvo mánuði og fá meðferð sem ætluð er til að styrkja sjálfsmynd þeirra.

Hins vegar er neyðarvistun eða lokuð deild.



STUÐLAR Álman sem brann er nokkuð illa farin eins og sést á þessari mynd. Matsmenn telja að þrjátíu fjóra mánuði taki að koma henni í samt lag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Barnaverndarnefnd getur skikkað ungmenni í neyðarvistun að hámarki tvær vikur á meðan unnið er í málefnum barnsins. - av

Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINI UM HELGINA

ÍSMÓT 2007

Íslandsmeistaramót hársnyrta,
snyrtifræðinga, gullsmiða,
klæðskera og ljósmyndara innan
Samtaka iðnaðarins

Yfir 200 meistarar og sveinar
KEPPNI OG SÝNING

Um 50 fyrirtæki taka vel á móti gestum
KYNNING OG SALA Á STAÐNUM

Tískusýningar fagfólksins
HÁR, HÖNNUN OG TÍSKA

Tískuteymi-SÍ
SJÓ TEYMI KEPPA Á SVIÐI

Heilsueyjan Íslands
HEILSA, DEKUR, VELLÍÐAN

Demantasýning
Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

Hönnunarkeppni nemenda
TÍMAVÉLIN

Nordic Youth Skills
OG HÁRSNYRTIR ÁRSINS

Skartgripur ársins
FYRIR DÖMUR OG HERRA

Ljósmynd ársins
LJÓSMYNDASÝNING

Stúdíómyndatökur

Símakosning fyrir alla

Galakvöld ársins

- og margt fleira



Gefðu þér góðan tíma
um helgina í Höllinni
- Við tökum vel á móti þér!

Sýningin er opin laugardag
og sunnudag frá 10:00 til 17:00

Enginn aðgangseyrir

Athugið: Börnum yngri en 14 ára er ekkert hleypt inn nema í fylgd með fullorðnum

Upplýsingar á
www.si.is/ismot



Gott frumkvæði borgaryfirvalda:

Skólar og ferjur

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fá orð koma oftar fyrir í umræðu um opinber málefni nú um stundir en eftirlit. Ad því leyti er það tískuorð og að sama skapi áhrifaríkt pólitískt lausnarorð. En hvað sem öðru líður er eftirlit fylgífiskur nýrra tíma.

Kjarni málsins er sá að stöðugt flóknara og sérhæfðara samfélag, margslungnari stjórnsýsla og fjölbreyttari þjónusta, hvort heldur hún er opinber eða á einkamarkaði, kallar á að litid sé eftir hlutum í ríkari mæli en áður. Árangur í stjórnsýslu er mældur með eftirliti af ýmsu tagi. Öryggi borgaranna er einnig reynt að tryggja með eftirliti.

Hitt er sérstakt skoðunarefni hvaða eftirlitsniðurstöður fanga helst athygli manna og kveikja umræður. Upp á síðkastið hafa eftirlitsniðurstöður um breytingar á ferju fyrir Grímseyinga verið eins konar umræða umræðunnar í þjóðfélaginu. Full ástæða er til að taka á þeim brotalómum í ákvarðanaferli sem það eftirlit leiddi í ljós.

Að baki búa hagsmunir íbúa í Grímsey. Flestir eru á einu máli um að þeim þurfi að sinna með sóma. Svo eru aðrar eftirlitsniðurstöður sem ná varla eyrum fólks og þar af leiðandi ekki athygli stjórnmalamanna þó að mun viðtækari hagsmunir séu í húfi.

Á undanföllum árum hafa erlendar samburðarkannanir sýnt margar jákvæðar hliðar á íslensku skólastarfi. En þær hafa einnig varpað ljósi á að árangur skólastarfs er ekki endilega í samræmi við þá fjármuni sem til þeirra mála er varið. Slíkar niðurstöður hafa ekki valdið neinum pólitískum jarðhræringum í líkingu við Grímseyjarferjufárið.

Þær hafa heldur ekki kallað fram sterka pólitíska umræðu um leiðir til þess að bæta uppskeru skólastarfsins. Þó að skólamáli séu mikilvægasta viðfangsefni stjórnmalanna á nýrri öld er engu líkara en endurbætur á skólastarfi séu einhvers konar skuggaviðfangsefni þegar ferjubætur eru annars vegar.

Á dögum kynntu borgaryfirvöld í Reykjavík nýjar aðferðir sem menntasvið borgarinnar hyggst beita til þess að ná meiri vexti úr frjóum jarðvegi skólastarfs á hennar vegum. Ætlunin sýnist vera sú að meta gæði skólastarfsins og greina með markvissum hætti hvernig menntastefnunni er framfylgt.

Ef vel tekst til getur eftirfylgni af þessu tagi styrkt innviði skólastarfsins og umfram allt skilað betri og hæfari nemendum til framhaldsnáms. Hvernig sem á þetta verkefni er litið ber það vott um pólitísk viðbrögð til þess að gera gott betra. Markmiðið er augljóslega að hver króna frá skattborgurunum skili sér í betri menntun.

Á næturlífsómningunni í miðborg Reykjavíkur eru fleiri en ein hlið og hún á sér ýmsar orsakir. Ein þeirra nýst um uppeldi, aga og menntun. Bætt skólastarf verður að vísu ekki þáttur í skyndilausn þess konar vanda sem þar er um rætt. En skilningur þeirra sem ábyrgð bera á mikilvægi þess að gera markvissari kröfur um árangur í skólastarfi er liður í ræktun framtíðarsamfélags með siðaðra og menningarlega yfirbragði en á stundum má nú sjá í miðborginni.

Verkferlar í skólum eiga að skila því sem vænta má í gæðum og árangri. Satt best að segja er meira virði að skattþeningarnir skili því sem með réttu má ætlast til í skólum en ferjum. Stjórnmalamenn mega því gjarnan gefa þessu viðfangsefni meiri gaum og tíma. Frumkvæði borgaryfirvalda er þar gagnlegt framlag og vert eftirtektar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. **ISSN 1670-3871**

FRÁ DEGI TIL DAGS

Geymt en ekki gleymt?

Steingrímur Sævarr Ólafsson, nýráðinn fréttastjóri Stöðvar 2, lét það verða eitt sitt fyrsta verk í starfi að segja upp fréttakonunni Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur. Þóra Kristín segir ástæðuna vera gagnrýni sína á pólitísk tengsl Steingríms, en hann starfaði sem upplýsingafulltrúi Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi forsætisráðherra. Óánægja Þóru með Steingrím er þó ekki nýttílkomin. Á fundi hjá Bláðamannafélaginu í febrúar 2005 gagnrýndi hún aðstoðarmann Halldórs, þar á meðal Steingrím, og sagði „þið spunakerlingarnar í kringum forsætisráðherra teljið ykkur vera búnar að vefa klæði úr glitrandi

þræði en sjáid ekki að maðurinn er allsber“. Fréttastjórinn hefur varla gleymt þessum beittu orðum Þóru.

Menningarheimar

Bloggsvæði Morgunblaðsvefjarins, oft kallað Moggabloggið, hefur verið tilnefnt til alþjóðlegra vefverðlauna. Moggabloggið þykir „stuðla að því að brúa bil milli menningarheima“. Ef með því er átt við að leiða feminista og fólk sem fyrirliur feminista saman í tilgangslausu skitkasti, þá er Moggabloggið vissulega vel að verðlaununum komið. Sum bil þarf kannski ekki að brúa.



Þeir eru bara þannig báðir

Félag ungra framsóknarmanna í Skagafirði heldur úti bloggísiðu. Á síðunni er færsla þar sem því er velt upp hvort fyrrverandi framsóknarmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson verði næsti formaður Frjálslynda flokksins. Núverandi formaður fari að komast á aldur og því sé næsta víst að nýr taki brátt við. Verði það þá Kristinn eða Jón Magnússon þingmaður. „Vandi er að spá hver myndi vinna, en ég veðja á að sá sem tapar gengur úr flokknum, þeir eru bara þannig báðir, auk þess sem það er hefð í Frjálslynda flokknum,“ segir sá sem færsluna skrifar.

steindor@frettabladid.is

Kaflaskil í gæðamálum

Fyrrir helgi voru birtar tölur um að árleg útgjöld til menntamála hafa aukist um 15 milljarða króna á síðustu níu árum, með tilliti til verðlagsbreytinga. Það jafngildir tæplega 70% aukningu. Í krónum talið hafa útgjöldin aukist mest á háskólastigi eða um 9,2 milljarða króna, sem jafngildir 95% aukningu. Þau fara úr 9,6 milljörðum kr. árið 1998 í 18,8 milljarða í ár.

Síðasta áratuginn hefur fjöldi háskólanema hér á landi meira en tvöfaldast. Einnig hefur námsframboð á háskólastigi margfaldast, ekki síst framhaldsnám. Sumarið 2006 voru ný rammalög um háskóla samþykkt frá Alþingi. Í þeim lögum var brugðist við þessari þróun og áhersla lögð á gæði íslensks háskólastarfs.

Gæðamál verða mikilvægasta verkefni háskólakerfisins á næstu árum. Forsenda framfara hér á landi á næstu áratugum er að menntun og rannsóknir séu í hæsta gæðaflokki og standist fyllilega allan samanburð.

Ný háskólafröðleg gæðum gæðakerfi sem meðal annars felur í sér viðurkenningu menntamálaráðherra á háskólum, viðmið um æðri menntun og prófgráður og eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

Ég hef í þessu ferli öllu lagt áherslu á að gera þyrfti ítarlegri kröfur til íslenskra háskóla frá því sem áður var. Því var ákveðið að allir háskólar, burtséð frá rekstrarformi eða stærð, þyrftu að sækja um viðurkenningu til stjórnvalda á þeim fræðasviðum sem þeir hygðust starfa á. Slík viðurkenning felur í sér að menntamálaráðuneyti vottar að viðkomandi háskóli uppfylli þær kröfur sem ráðuneytið gerir til hans á grundvelli laga um háskóla.

Í samvinnu háskóla og menntamálaráðuneytis hafa einnig verið þróuð viðmið um æðri menntun og



PORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Í DAG | Íslenskir háskólar

prófgráður. Þar eru skilgreind þau atriði sem nemendur skulu hafa tileinkað sér þegar prófgráða er veitt. Þau byggja á viðmiðum sem gefin voru út í tengslum við Bologna-ferlið og gerir íslenskum háskólum kleift að laga sig enn frekar að sameiginlegu evrópsku háskólasvæði.

Til að háskólar öðlist viðurkenningu þurfa þeir að hafa lagað nám sitt að viðmiðunum og birta yfirlit yfir afrakstur þess náms sem prófgráður þeirra veita. Viðurkenning háskóla tengir saman viðmið um æðri menntun og prófgráður og eftirlit með gæðum kennslu á skilvirkan máta.

Tvíþætt gæðaeftirlit

Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna verður tvíþætt. Ytra eftirlit með kennslu og rannsóknum skal beinast að því að ganga úr skugga um hvort forsendur viðurkenningar séu enn til staðar. Hins vegar verður það leiðbeinandi fyrir skólana um hvernig megi bæta kennslu og rannsókni.

Menntamálaráðuneyti hefur unnið að skipulagi viðurkenningarferlisins. Rík áhersla er lögð á að tryggja trúverðuleika ferlisins og á að uppfylla alþjóðlega gæðastaðla. Viðurkenningar háskóla miðast við fræðasvið og undirflokk þeirra út frá Frascati-staðli OECD. Fræðasviðin eru náttúruvísindi, hugvísindi, verk- og tæknivísindi, heilsvísindi, bú- og auðlindavísindi og

félagsvísindi. Þá verða listir flokkaðar sem sérstakt fræðasvið.

Í fyrstu lotu voru tekin fyrir fræðasviðin náttúruvísindi, hugvísindi og verk- og tæknivísindi ásamt listum. Skipaðar voru sjö nefndir erlendra sérfræðinga og leitast eftir að fá til verkis færustu einstaklinga sem vól er á. Gerðar voru kröfur um að viðkomandi sérfræðingar hefðu reynslu af viðurkenningum og gæðastarfi á háskólastigi ásamt viðtækri reynslu af stjórnun háskólastofnana ásamt prófessors-hæfi innan fræðasviðs. Vel gekk að fá reynda háskólamenn til að taka að sér þetta verk en þeir komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Írlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku.

Frelsi til þróunar

Afraksturinn liggur nú fyrir og öðlast háskólar fyrstu viðurkenningar á fyrrnefndum fræðasviðum við athöfn í Listasafni Íslands á morgun. Með viðurkenningunni hljóta háskólarinnir aukid frelsi til að þróa og styrkja starfsemi sína á þeim fræðasviðum og undirflokkum þeirra sem viðurkenningin nær til, meðal annars frelsi til að móta nýjar námsleiðir á bakkalár- og meistarastigi.

Þá verða jafnframt gerðar opinberar niðurstöður sérfræðinganefndanna og viðbrögð háskólanna við þeim. Í þeim kemur fram athyglisverð innsýn í starf íslensku háskólanna. Þær staðfesta hversu sterkt þeir háskólar sem teknir voru til umfjöllunar standa sem kennslu- og rannsóknastofnanir. Viðurkenning er hins vegar einungis fyrsta skrefið í því gæðastarfi sem framundan er.

Höfundur er menntamálaráðherra.

Íbúðalánasjóður fólksins

UMRÆÐAN

Íbúðalánasjóður

Vextir á Íslandi eru háir, allt of háir. Það að eiga þak yfir höfuðið er mannréttindamál, ein af grunnþörfum okkar allra. Stjórnvöldum ber því að stuðla að því að fjármagnskostnaður til þessara grunnþarfa sé sem lægstur.

Sú fjármálastofnun sem veitir bestu kjör til húsnæðiskaupa er Íbúðalánasjóður. Allir landsmenn, hvar sem þeir búa, njóta jafnræðis þegar kemur að lánnum Íbúðalánasjóðs. Sjóðurinn er rekinn án arðsemissjónarmiða, á einungis að standa undir sínum rekstri og því nýtur almenningur þess sem eigendur fjármálastofnana hefðu annars gert til þeirra viðskipta. Kannanir sýna að yfir 90% landsmanna vilja áfram sjá sterkan Íbúðalánasjóð. Sjóðurinn hefur kappkostað að þjónusta viðskiptavini sína af metnaði og ólíku er saman að jafna þegar horft er til Íbúðalánasjóðs og gömlu Húsnæðismálastofnunarinnar.

Íbúðalánasjóður hefur verið þróaður undir forystu Framsóknarflokksins allt frá 1999. Sjóðurinn hefur tekið breytingum á tímabilinu í takt við þróun á



BIRGIR JÓN JÓNSSON

húsnæðis- og skuldabréfamarkaði. Váleg tíðindi heyrast nú, eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum, að húsnæðiskerfinu verði gjörbylt. Heyrst hefur að Íbúðalánasjóður eigi einungis að sinna þeim hópum sem eiga undir högg að sækja, lágtekjufólki og kaupendum á óvirkum markaðssvæðum á landsbyggðinni. Bankarnir eiga síðan að fleyta rjómann.

Samkeppni á húsnæðislanamarkaði í dag virðist af skornum skammti. Sú einkavæðing sem hefur átt sér stað, og skilað miklum árangri á mörgum sviðum, hefur ekki skilað sér til húsnæðiskaupenda hér á landi. Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, virðist hafa látið eftir frjálshyggjudeild íhaldsins um framtíð Íbúðalánasjóðs og breytingar eru í nánd. Ef það verður að veruleika breyttist Íbúðalánasjóður í bákni í ríkisrekstrinum. Félaglegt bákni sem mun þurfa milljarða á ári hverju til að standa undir rekstri sínum. Gegn því munum við framsóknarmenn berjast með hetjulegri dáð á næstu misserum, því það eru hagsmunir fólksins að áfram verði rekinn öflugur Íbúðalánasjóður. Öllum almenningi til heilla.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



tónleikar

Prime í samvinnu við Kaupþing Luxembourg S.A. kynnr:

poull krebs

í borgarleikhúsinu

sérstakir gestir
bubbi morthens
og stríð og friður

fimmtudag
13. sept.
kl. 21.00

Allur ágóði tónleikanna
rennur til
Krabbameinsfélags
Íslands.

Miðasala hefst
þriðjud. 04. sept.
í Borgarleikhúsinu.

Miðasalan opin frá kl. 10 - 20

www.prime.is

prime

KALPTHING BANK
LUXEMBOURG S.A.



RITHÖFUNDURINN J.R.R. TOLKIEN
LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1973

„Hugrekki má finna
á ólíklegustu stöðum.“

John Ronald Reuel Tolkien er
best þekktur fyrir *Hobbitann* og
Hringadróttinsögu. Tolkien var
náinn vinur C. S. Lewis, höfundar
ævintýraheimsins *Narníu*, og
voru þeir félagar báðir mjög
virtir við Oxford-háskóla þar
sem þeir störfuðu.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 2. SEPTEMBER 1666

Bruninn mikli í Lundúnum

Á þessum degi árið 1666 braust út mikill eldur í
Lundúnum. Í þrjú daga stóð allt í björtu báli í mið-
borginni og hefur þessi atburður verið kallaður
bruninn mikli í London.

Eldurinn átti upptök sín í bakaríi á Pudd-
ing Lane skömmu eftir miðnætti sunnugag-
inn 2. september og breiddist hann strax hratt
út. Á mánudeginum tók hann stefnuna norð-
ur að hjarta borgarinnar og á þriðjudeginum lag-
aði stærstur hluti hennar og þar með heimili lang-
flestra borgarbúa.

Strax á mánudeginum kom orðrómur um að
grunsamlegir útlendingar hefðu kveikt eldinn af
stað miklum óeirðum á götum borgarinnar þar
sem heimilislausir borgarþáttar réðust með off-
orsi að frönskum og hollenskum innflytjendum
sem þeir töldu ábyrga fyrir ógæfu sinni. Götubar-
dagana lægði þó á þriðjudeginum, líkt og vind-
inn, sem varð til þess að hægt var að ráða niður-



lögum eldsins.

Ekki er vitað hversu margir létu lífið í brunanum
en hann er talinn hafa gert um 70.000 af 80.000
íbúum borgarinnar heimilislaus. Um 13.200 hús
brunnu til kaldra kola, þar á meðal 87 kirkjur,
Dómkirkja heilags Páls og flestar byggingar borg-

MERKISATBURÐIR

- 1625 Gos hefst í Kötlu í Mýr-
dalsjökli með miklu
vatnsflóði og ísreki.
Þegar óskufallið var sem
mest var ekki hægt að
sjá í næsta mann þó að
haldið væri í hendina á
honum, samkvæmt því
sem kemur fram í Skarðs-
árránnál. Gosið stóð til 14.
september.
- 1845 Gos hefst í Heklu eftir 77
ára hlé og stóð fram á
næsta vor.
- 1876 Kveikt er á fyrsta götu-
ljósinu í Reykjavík, sem
var steinolíulukt á háum
stólpa neðst í Banka-
stræti.
- 1967 110 metra löng brú yfir
Jökulsá á Breiðamerkur-
sandri er vígð en hún var
önnur lengsta hengibrú
landsins.

AFMÆLI



Lisa
Snowdon
fyrirsæta
er 33 ára
í dag.



Salma
Hayek
leikkona
er 41 árs
í dag.



Mark
Harmon
leikari
er 56 ára
í dag.



Keanu
Reeves
leikari
er 43 ára
í dag.

Tanni fimmtán ára

Í tilefni af fimmtán ára af-
mæli fyrirtækisins Tanna
hefur stjórn þess ákveð-
ið að gerast styrktarað-
ili Barnaspíala Hringsins
næstu ár.

Tanni auglýsingavör-
ur býður heildarlausnir
fyrir fyrirtæki varðandi
auglýsingavörur, eins og
léttan vinnufatnað með
merkjum fyrirtækjanna.



GLAÐUR HÓPUR Starfsmenn
Tanna auglýsingavara eru tólf.
Starfsmenn Tanna eru
tólf. www.tanni.is



SÉRA JÓN HELGI Á
bæði stórafmæli og
silfurbrúðkaup í ár.

SÉRA JÓN HELGI ÞÓRARINSSON: FIMMTUGUR Í DAG

Pakklátur fyrir sína nánustu

Séra Jón Helgi Þórarinsson, prestur í
Langholtskirkju, er fimmtugur í dag.
Hann ætlar að halda veislu í kvöld og
skemmta sér, vinum sínum og fjöl-
skyldu.

„Ég hef ekkert haldið sérstaklega
upp á þessi áratugaafmæli mín áður
þannig að við hjónin ákváðum að gera
eitt hvað núna og bjóða svona nánustu
ættingjum og einhverju samstarfs-
fólki,“ segir Jón Helgi.

Afmælisveislan í kvöld verður hald-
in í stórum sal, þar sem fjöldi gesta
verður of mikill til þess hægt sé að
koma þeim öllum fyrir heima hjá Jóni
Helga. „Þegar maður er í daglegu sam-
starfi við stóran hóp þekkir maður svo
marga og það var reyndar heilmik-
ið mál fyrir mig að ákveða hvort ég
ætti að vera með veislu yfir höfuð því
það var erfitt að þurfa að takmarka
fjöldann. En ég ákvað að eiga þarna
skemmtilega kvöldstund með þeim

sem eru mest í kringum mig þessa
dagana þó ég gæti ekki boðið öllum
sem ég þekki.“

Veislan byrjar með móttöku og lét-
tum veitingum og síðan verður sleg-
ið upp harmonikkuballi að sögn Jóns
Helga. „Mér finnst sjálfum gaman
að dansa gömlu dansana og held að
fólki á okkar aldri finnst það almennt
skemmtilegt. Annars á ekkert að vera
mikil dagskrá. Ég er búinn að fá ágæt-
an veislustjóra sem ætlar að halda vel
utan um allt þannig að ræðuöld verða
af mjög skörnum skammti en menn
mega syngja og vissulega vera eitthvað
skemmtilegir. Eins vil ég stemma
mjög stigu við að fólk sé að koma með
einhverjar gjafir og vil helst sem
mínst af slíku. Mestu máli skiptir að
hittast og eiga góða stund saman.“

Fimmtugsafmælið er ekki eina af-
mælið í lífi Jóns Helga því hann og
konan hans eru nýbúin að eiga 25 ára

brúðkaupsafmæli „Við hjónin giftum
okkur þegar ég var 25 svo við áttum
silfurbrúðkaup en við höfum gjarnan
haldið upp á brúðkaupsafmælið okkar
frekar en afmælið mitt. Það er seinni
partinn í ágúst og því mjög stutt á
milli. Þetta er eiginlega í fyrsta skipti
sem ég hef haldið svona upp á afmæli.
Við höldum því ekki mikið upp á brúð-
kaupsafmælið í ár en gerðum okkur
aðeins dagamun.“

Jón Helgi segir að á þessum tíma-
mótum hafi hann aðeins verið að líta
yfir farinn veg og rifja upp stundir
með vinum og kunningjum. „Ég hef
svolítið verið að fara í gegnum fjöl-
skyldualbúmin og skoða myndir og
skanna inn í tölvuna og það hefur verið
mjög skemmtilegt. Á svona stundum
kemur eitthvað upp í manni og maður
verður þakklátur fyrir hvað maður á
af góðum vinum og fjölskyldu.“

emilia@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Guðrún Jónsdóttir

áður til heimilis í Víðilundi 13, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Kjarnalundi 28. ágúst. Útförin
auglýst síðar.

Jón Trausti Guðjónsson Þórdís Guðmundsdóttir
Gunnsteinn Guðjónsson
Anna Kristín Guðjónsdóttir Jón Gisli Grétarsson
Jóhann Guðjónsson
Magnús Guðjónsson Sigríður Jóhannesdóttir
Ingvar Guðjónsson
ömmu- og langömmubörn.



**Legsteinar
og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Rúnar
Geirmundsson



Sigurður
Rúnarsson



Elfi
Rúnarsson



Þorbjörgur
Þórdáttir

Allhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Öryggisnámskeið í Malaví

Fyrsta námskeiðinu sem haldið hefur
verið í Malaví um öryggismál fiski-
manna er nýlökkið. Þróunarsamvinnu-
stofnun Íslands stóð fyrir námskeiðinu
þar sem fjallað var um skyndihjálp, slys
á vatni, ástæður slysa og rétt viðbrögð
við þeim. Auk þess var ítarleg kynning á
öryggisbúnaði og björgunaráferðum.

Veðurfar á Malavívatni getur verið
erfitt og stundum hversig snögglega á
þessu stóra stöðuvatni, sem er það ní-
unda stærsta í heimi. Námskeiðin eru
hluti af stærra verkefni um þróun smá-
bátafiskveiða á dýpra vatni en venja
hefur verið hjá malavískum fiskimön-
num. Fiskirannsóknir hafa leitt í ljós
ónýtta stofna á dýpra vatni en fæstir



ÚTSKRIFTARHÓPURINN Alls voru útskrifaðir
áttatíu veiðieftirlitsmenn, þar af fimm konur,
úr héruðum umhverfis Malavíhluta vatnsins.

fiskimanna hafa möguleika á að nýta
sér þá stofna. Betri búnað skortir til
fiskveiðanna, bæði báta og veiðarfæri.

Auk þess hefur gætt ofveði á grunn-
slóð vatnsins. Þróunarsamvinnustofn-
un vinnur nú að því með heimamönnum
að þróa hentug veiðarfæri fyrir dýpra
vatn.

Þentaðir hafa verið bæklingar auk
þess sem samdar hafa verið tilkynning-
ar fyrir útvarp um tilmæli um öruggar
siglingar á vatninu.

Námskeiðið sem var að ljúka var
haldið fyrir veiðieftirlitsmenn hérað-
anna við Malavívatn sem sjá um þjálf-
un og eftirlit fiskveiða fyrir yfirvöld.
Eiga þeir síðan að miðla þekkingu sinni
til fiskimanna við vatnið.

Fleiri námskeið eru fyrirhuguð til að
ná til sem flestra fiskimanna í Malaví.



Sængurver og teppasett í sérflokk
Komdu og upplifðu allt það nýjasta í svefnherbergið



elegante
bed linen fashion

bb
bruno banani
NOT FOR EVERYBODY

JOOP!

Betra
BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Á vígstöðvum kvennabaráttunnar

Staða jafnréttismála á Íslandi hefur gjörbreytt frá því að **Kristín Ástgeirsdóttir** lék sér sem barn í Vestmannaeyjum. Fáir, ef nokkrir, hafa meiri þekkingu á þeim breytingum en með sanni má segja að hún hafi barist fyrir jöfnum hlut karla og kvenna í samfélaginu á öllum vígstöðvum. Hún er nú nýskipuð framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. **Karen D. Kjartansdóttir** settist niður með Kristínu og leit yfir farinn veg og hina óförna braut sem eftir er að ryðja.

A hugi minn á jafnréttismálum kviknaði fyrst þegar ég var þrettán ára. Þá fór móðir mín út að vinna. Hún var lærður hjúkrunarfræðingur en hafði verið ein heima með fjögur börn. Það að komast aftur í samband við líf og starf gjörbreytti henni. Ég gerði mér þá fyrst grein fyrir því hve mikilvægt það er fyrir konur að mennta sig, en það var nú ekki sjálfsagt á þeim tíma," segir Kristín í upphafi samtals. Hún segir að þótt margar konur hafi unnið úti á þessum tíma í Eyjum, í kringum 1965, hafi störf þeirra yfirleitt verið í fiskverkun. Sú framtíð freistaði Kristínar ekki.

Árið 1967 hóf hún nám í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Leið hennar lá því næst í háskólanám, þar sem hún lagði stund á sagnfræði. „Frá því ég man eftir mér hef ég haft áhuga á sögu. Snemma beindist áhuginn einkum að lífi og starfi kvenna og las ég mér vel til um þær sem mér þótti hafa skarað fram úr á einhvern hátt," segir Kristín og nefnir sem dæmi þær Marie Curie og Helen Keller. „Það var samt ekki fyrr en ég var komin í háskóla að ég fór almennilega að gera mér grein fyrir stöðu þeirra út frá víðara sjónarhorni.“

Sýnilegar konur

„Andrúmsloftið um og yfir 1970 var sérstakt. Það var ofsalega mikið að gerast og margt sem vakti okkur til vitundar um stöðu mála. Þá var Rauðsokkuhreyfingin líka að koma fram," segir hún og brosir.

Kvennaárið sem haldið var árið 1975 hafði mikil áhrif á Kristínu og árið eftir gekk hún til liðs við Rauðsokkurnar. Þar var samankominn fjöldi ungra kvenna sem síðar áttu eftir að kveðja sér hljóðs á vettvangi stjórnmálanna, til að mynda þær Guðrún Ógmundsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

„Það kom þó að því að okkur þótti Rauðsokkuhreyfingin komin í blindgötu. En konur voru enn mjög vakandi og forsetaframbod Vigdísar Finnbogadóttur varð að veruleika. Við gerðum okkur grein fyrir því hve mikilvægt skref það var í að konur yrðu sýnilegar. Umræðan í kringum frambod hennar var þó oft á tíðum alveg með ólíkindum. Vigdís var fráskilin og mörgum þótti sem það væri alveg ótækt að ekki yrðu hjón á Bessastöðum og veltu því mikið fyrir sér hver ætti eiginlega að hugsa um heimilið og fleira í þessum dúr. Þetta allt varð mjög vekjandi og skömmu síðar varð Kvennaframbodið til," segir Kristín en hún var einn stofnenda þess árið 1982. Upp úr því segir hún hafa sprottið margar nýjar hugmyndir. Víkið var frá marxískum áherslum Rauðsokkuhreyfingarinnar en þess í stað lögð áhersla á menningarlegan mun karla og kvenna. Dreigið var fram það jákvæða sem konur hefðu fram að færa auk sögu þeirra, sem lítil gaumur hafði verið gefinn, og hvatt til þess að konur ættu fulltrúa sem víðast í samfélaginu. Sama ár og Kvennaframbodið varð til bauð það fram til sveitarstjórnarkosninga á Akureyri og í Reykjavík og fékk tvo fulltrúa kjörna á hvorum stað.

Frambodið var upphaf Kvennalistans, sem fyrst bauð sig fram til alþingiskosninga árið 1983 og síðast árið 1995.

„Það voru miklar deilur um hvort frambod til Alþingis hefði verið rétt skref en ég vil meina að svo hafi verið og áhrif þess verið mikil. Bæði fjölgaði konum mikið á þingi en auk þess komust ýmis mál á dagskrá í tengsl-



KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR Rauðsokka, þingmaður, diplómat, fræðimaður og nú embættismaður. Fáir þekka sögu jafnréttismála á Íslandi betur en Kristín Ástgeirsdóttir, sem hefur barist fyrir jafnri skiptingu valds á flestum vígstöðvum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um við konur og börn," segir Kristín ákveðnum rómi og nefnir sem dæmi kynbundið ofbeldi.

Eftir að Kvennalistinn rann sitt skeið endanlega árið 1999 segist Kristín hafa óttast að bakslag yrði í umræðu um jafnréttismál í samfélaginu. Það hafi þó ekki varað lengi, bæði hafi Feministafélag Íslands komið fram og sem henni þyki konur innan allra stjórnmálahreyfinga orðnar sýnilegri og meira vakandi fyrir málefninu.

þátttakandi í grasrótarhreyfingu Rauðsokkanna, þingmaður fyrir Kvennalistann, diplómat á vegum Sameinuðu þjóðanna, fræðimaður við Háskóla Íslands; „Og nú er ég að verða embættismaður. Þannig að þetta er fremur fjölbreyttur ferill," segir Kristín og kímir.

„Við verðum að vita hver staðan er til að geta unnið að úrbótum," segir Kristín þegar mikilvægi rannsókna á sviði kynjafræða ber á góma. Hún segir mikið áhyggjuefni að viðhorf ungs fólks sé að verða íhaldssamara í

reisn gegn því," segir hún.

Kristín segir erfitt að vita til þess að baráttumál nú og fyrir þrjátíu árum séu mikið til hin sömu. Þar fyrir utan hafi mikil og erfið viðfangsefni bæst við, svo sem klámvæðing, kynbundið ofbeldi og mansal. „Við höfum öll tilhneigingu til að draga fremur fram það sem betur má fara heldur en það sem áunnist hefur. Það er þó mikilvægt að minna sig á sigrana til að halda í bjartsýnina. Við megum ekki gleyma því að þótt við séum að benda á það sem fer miður er staða kvenna á fáum stöðum jafn góð og hér á landi.“

Hlutverk Jafnréttisstofu

Talið berst að framtíðinni og þar með Jafnréttisstofu. „Þetta er eftirlitsstofnun en auk þess á stofan að sjá til þess að jafnréttislög séu virt og eiga frumkvæði að nýjum leiðum til að stuðla að jafnrétti. Ég vil að Jafnréttisstofa verði mikið sýnilegri. Það stendur fyrir dyrum að ljúka endurskoðun jafnréttislaganna og það þarf að semja nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir ríkisstjórnina. Eitt af stefnumálum ríkisstjórnarinnar er að draga úr kynbundnum launamun og hækka laun lægst launuðu stéttanna. Í þeim málum getur Jafnréttisstofa komið með ráðgjöf. Þá er einnig brýnt að auka rannsóknir til að bæta þekkingargrunninn og einnig þarf að draga karlmenn meira inn í umræðuna, vinna að breyttum hugmyndum um karlmennsku og styrkja konur," útskýrir hún þegar spurt er út í hlutverk Jafnréttisstofu og þau verkefni sem liggja fyrir.

„Stundum heyrir maður raddir um að jafnréttisbaráttan hafi orðið til þess að tekið hafi að halla á karlmenn. Þar finnst mér umræðan komin í algert óngstræti. Það á sér stað mjög alvarleg umræða um forræðismál og réttindi einstæðra fedra. Það þarf að fara mjög gætilega í slíkum málum því fyrst og fremst eru það hagsmunir barnanna sem eiga að ráða. Þau á ekki að gera að leiksoppi umræðunnar. Mér þykir svo vert að minna á að það eru aðeins um hundrað ár frá því konur fengu yfirhöfuð rétt yfir börnum sínum. Þar til þá voru börn eigin karla og þeirra fjölskyldna.

Vissulega geta karlmenn staðið höllum fæti, rétt eins og konur, en þegar maður horfir á félagslega stöðu karla annars vegar og hins vegar félagslega stöðu kvenna sjá allir að karlmenn ráða lögum og lofum. Sjáir ríkisstjórnina, Hæstarétt, fjármálakerfið, íslensku útrásina og aðra staði þar sem völdin eru. Það er enn mikið til í því sem sagt var hjá Sameinuðu þjóðunum 1975: „Þar sem völdin eru, þar eru konurnar ekki.“



Skólar virðast halda að þessu máli þurfi ekki að sinna. Ég mun beita mér fyrir breytingum á því sviði.

Snúid inn í heim fræðanna

Eftir að hafa verið að störfum fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Kosovo á árunum 2000 til 2001 ákvað Kristín að ljúka meistaranámi í sagnfræði. Námið leiddi hana aftur inn í heim fræðanna. Árið 2003 varð hún stundakennari við Háskóla Íslands og tveimur árum síðar tók hún við stöðu forstöðumanns á Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum.

Ferill Kristínar á sviði jafnréttismála er því orðinn æði fjölbreyttur. Hún hefur verið

tengslum við kynhlutverk, eins og nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós. „Það er ógnvekjandi að sjá þetta og verður að bregðast við með aukinni umræðu og kennslu.

Það er búið að slaka of mikið á umræðunni og í ljós hefur komið að í grunnskólum er ekki verið að nota það kennslufni sem til er um jafnréttismál. Skólar virðast halda að þessu máli þurfi ekki að sinna. Ég mun beita mér fyrir breytingum á því sviði.“

Bakslag í jafnréttismálum

„Ég óttast að bakslag hafi orðið í jafnréttismálum á síðari árum en um leið er umræðan um þau, og vilji til hennar, mjög mikill. Það skortir þó eftirfylgni og aðgerðir. Hér er náms- og starfsval mjög hefðbundið og vinnu- markaðurinn kynskiptari en víða í Evrópu. Það tengist launamuninum og því hve hefðbundnar kvennastéttir eru láglaunaðar.

Ég vona að mönnum sé að verða það ljóst hvað það er gríðarlega þarft að bæta kjör umönnunarstéttanna og hve hlutverk þeirra er mikilvægt. Ef þessir hlutir eru ekki í lagi kemur það niður á öllu samfélaginu. Tap vinnu- markaðarinn á lágum launum umönnunarstétta er mikið. Það kemur fram í óánægju, veikindum, álagi og ofboðslegri starfsmannaveltu þar sem fólk gefst upp vegna slæmra tekna. Þetta allt er dýrt, auk þess sem við misum menntað fólk úr störfunum.

Viðhorfið að eðlilegt sé að karlar fái hærri laun en konur er ríkjandi í íslensku samfélagi. Þá hafa rannsóknir sýnt að þess gætir ekki síður meðal kvenna. „Við erum aldar upp í þessu viðhorfi og mótaðar af því. Konur viðhalda kerfinu á meðan þær gera ekki upp-

→ JAFNRÉTTISMÁL Á ALÞJÓÐAVETTvangi

Kristín Ástgeirsdóttir hefur ekki aðeins látið sig varða um stöðu kvenna á Íslandi. Á árunum 2000 til 2001 starfaði hún á vegum utanríkisráðuneytisins og UNIFEM, þróunar- sjóðs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, í Kosovo. „Ég hvet alla til að vinna við slík störf, ekki síst á átakasvæði líkt og Kosovo var á þessum tíma. Þó að hatur og sársauki einkenni líf fólksins var svo margt sem hægt að gera sem ýtti undir jákvæðar breytingar.

Konurnar þar voru mjög valdalausar en jafnframt voru mjög öflugar kvennahreyfingar að störfum á þessu svæði. Þær unnu að skilgreiningu vandans og tóku á honum, til að mynda

með aðgerðum gegn ofbeldi á konum og gegn ólæsi þeirra," segir hún.

Erfitt er að gera sér grein fyrir þeim mikla vanda sem Kristín og aðrir þeir sem unnu að uppbyggingu samfélagsins í fyrrum Júgóslavíu stóðu frammi fyrir á þessum tíma. Konurnar þar höfðu orðið fyrir miklu ofbeldi, ekki aðeins af hendri óvina í stríði heldur einnig af karlkyns heimamönnum. Ofbeldið sem börnin höfðu orðið fyrir segir Kristín ekki hafa mátt ræða á þessum tíma. „Okkar starf fólst mikið til í að leiða konurnar saman. Sundurlyndið og samkeppni milli fólksins var gríðarlegt og en það varð að sameinast um uppbyggingu

samfélags síns. Síðar tóku önnur verkefni við, til að mynda leiðbeiningar við gerð jafnréttislaganna og ekki síst aðgerðir gegn ofbeldi," segir Kristín.

Í tengslum við umræðuna um störf Kristínar í Kosovo minnst hún kvennaradstefnunnar í Kína árið 1995. Hún var þá þingmaður og sat ráðstefnuna en þar var meðal annars fjallað um skipulagðar nauðganir á konum í Rúanda og Júgóslavíu. „Par var nauðgun fyrst skilgreind sem stríðsgæp- ur. Þar til þá hafði það þótt eitthvað sem eðlilegt væri að karlmenn gerðu þegar stríðs- stand ríkti," segir hún. Minng þessa mikla áfanga í sögu jafnréttismála.

OPIÐ Í DAG

FRÁ 13-17

OPIÐ Í DAG SUNNUDAG • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

FARTÖLVUR
FRÁ PACKARD
BELL OG ACER
Í MIKLU ÚRVALI

VERÐ
VÖRN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta óðyrari en hjá okkur
þá lækkum við okkar verð á staðnum



STÚTFULLUR 8BLS
BÆKLINGUR AF
SPENNANDI
TILBOÐUM



IP4300
PRENTARI

7.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa
helgi, meðan
birgðir endast



1GB
MINNI

3.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

Aðeins þessa
helgi, meðan
birgðir endast



25DVD
DISKAR

1.690

Verbatim 16x DVD+R spindill

Aðeins þessa
helgi, meðan
birgðir endast



320GB
HARÐDISKUR

4.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa
helgi, meðan
birgðir endast



18xDVD
NEC SKRIFARI

2.990

Svartur NEC 18x DVD skrifari

Aðeins þessa
helgi, meðan
birgðir endast



TOLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG

13:00 - 17:00

Hjálparstarf og heimsyfirráð

Rithöfundurinn **Eoin Colfer** er hvað þekktastur fyrir skrif sín um glæpasnillinginn unga, Artemis Fowl. Hann var staddur hér á landi um helgina í stuttri heimsókn á vegum hjálparstarfssamtakanna IceAid. **Sunna Dís Másdóttir** hitti Colfer og ræddi við hann um hjálparstarfið, ritstörfin og heimsyfirráð.

Grámóskulegur úði setur svip sinn á útsýnið frá Hótel Nordica, þegar blaðamaður tyllir sér við hlið Eoin Colfer. „Veðrið er eins og á Írlandi, svo mér finnst ég vera heima,“ segir rithöfundurinn og brosir út í annað. Colfer er fæddur og uppalinn í bænum Wexford á suðausturhluta eyjunnar grænu, og hefur því séð sinn skerf af regni í gegnum tíðina. Colfer er menntaður kennari og starfaði sem slíkur í Wexford þar til fyrsta bókin um Artemis Fowl leit dagsins ljós og hann gat einbeitt sér að ritstörfum.

Aðdáunarvert starf

Heimsókn Colfers til Íslands var þó fyrst og fremst helguð hjálparstarfi, en hann tekur virkan þátt í verkefnum IceAid, hjálparstarfssamtaka Glúms Baldvínssonar og Pádraig Grant.

„Fyrir um það bil tveimur árum síðan settist ég niður með vini mínum frá Wexford að nafni Pádraig Grant,“ útskýrir Colfer. „Hann er ljósmyndari sem ferðast til svæða þar sem aðstæður eru erfiðar og tekur myndir. Hjálparsamtökin nýta svo myndirnar til að vekja athygli á ástandinu og fá hjálp fyrir svæðin. Ég hafði lengi vitað af starfi hans með írskum hjálparsamtökum, en þarna sagði hann mér að hann væri að stofna hjálparsamtökin IceAid með Glúmi. Ég fékk mikinn inblástur frá honum, sem manneskju sem helgar líf sitt því að hjálpa fólki. Ég ákvað þess vegna að það væri kominn tími til að reyna að nota þessa litlu frægð sem ég hef öðlast til að hjálpa honum,“ segir hann.

IceAid á Íslandi var opinberlega hleypt af stokkunum í gær, þegar ljósmyndasýning með myndum Grants frá Afríku var opnuð í Art Iceland galleríi á Skólavörðustíg. Colfer og Glúmur Baldvínsson komu báðir fram við athöfnina. „Ekki Pádraig, hann er væntanlega eini Írinn í heiminum sem finnst ekki gaman að tala,“ skýtur Colfer inn í og glottir. Með sýningunni í Art Iceland, sem er styrkt af JPV, útgefanda Colfers á Íslandi, Icelandair og Íslandsprenti, er ætlunin að kynna IceAid og safna fjármunum til hjálparstarfs. IceAid hefur þó þegar látið til sín taka með byggingu munaðarleysisjahælis í Líberíu, og er í samstarfi við Atlantsskip og Actavis í nýju verkefni í Tansaníu.

Ævistarfið með börnum

„Það sem mér líkar við IceAid er að þetta eru mjög persónuleg samtök og maður sér virkilega í hvað peningarnir fara. Maður getur bókstaflega séð peningana byggja vegg, grafa brunn eða kaupa rúm. Ég kann mjög vel að meta það, því manni finnst maður tengdari verkefnum,“ segir Colfer um samtökin. Hann segir það einnig hafa hentað honum afar vel að fá að taka þátt í byggingu munaðarleysisjahælisins. „Allan starfsferil minn hef ég unnið með börnum, sama hvort um ræðir kennslu eða skrif, svo mig langaði til að gera eitthvað fyrir börn,“ sagði Colfer.

Hann er einnig virkur í öðrum hjálpar-samtökum, og nefnir sérstaklega ensk samtök fyrir börn sem eiga við námserfiðleika að stríða. „En ef ég ætti að velja ein samtök til að starfa með yrðu það IceAid. Þau breyta mjög miklu á minni stöðum,“ sagði hann.

Umhverfisvernd og boðskapur álfa

Börn eru að sjálfsögðu einnig í lykilhlutverki í ritstörfum Colfers. Bókaflokkurinn um Artemis Fowl sló í gegn á heimsvísu eftir að fyrsta bókin kom út árið 2001. Í bókunum segir frá ævintýrum ungs glæpasnillingss að nafni Artemis Fowl. Í fyrstu bókinni fremur hann álfrán í þeim tilgangi að komast yfir álfagull, og kemst í nánari kynni við hulinn heim álfa, dverga og trölla í seinni bókum.

Álit álfanna á umgengni manna um jörð-



AÐDÁUNARVERT STARF Írski metsölurithöfundurinn Eoin Colfer dádíast að vini sínum Pádraig Grant fyrir starf hans með hjálparsamtökum IceAid og gekk snarlega til liðs við þau. Hann var staddur á Íslandi um helgina til að kynna samtökin fyrir landsbúum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ina er ekki upp á marga fiska, svo að segja, og í bókunum er að finna þó nokkurn umhverfisverndarboðskap. „Ég reyni fyrir hverja bók að velja eitthvað sem mér finnst vera vandamál,“ segir Colfer. „Ég reyni líka að koma boðskapnum til skila án þess að messa yfir börnunum sem lesa bækurnar. Ég læt persónurnar í bókinni frekar ræða hann, svo lesendur sjái málið gegnum þeirra augu. Ef maður segir við börn „þetta er viðvörðun!“ loka þau eyrunum. Ég plata þau kannski dálítið, en á góðan hátt. Þetta er líka góð leið til að koma þessum skilaboðum til barna, því ég get náð til mun stærri hóps en stakt dagblað eða sjónvarpsþáttur gæti gert,“ segir hann.

Aðalsöguhetjan Artemis er í lykilhlutverki hvað þennan boðskap varðar. „Hann er skelfilegur náungi,“ segir Colfer og hlær. „Málið er að hann er líka að læra þessar lexíur. Ég vonast til þess að hann verði orðinn vinaleg manneskja í lok sjöttu bókarinnar,“ bætir hann við.

Vill vilja skrifa

Colfer leggur líka áherslu á að bækurnar séu aðgengilegar börnum sem lítið hafa lesið áður. „Artemis Fowl-bækurnar eru mjög nútímalegar, með mikilli tækni, og

gerast hratt, sem strákar kunna vel að meta. Þær eru góðar fyrir stráka sem hefur ekki lesið mikið áður og er ekki hrifinn af löngum lýsingum,“ segir hann.

Í umræðum um minnkandi lestur barna verða kvikmyndir og sjónvarp oftast en ekki sökudólgurinn. Colfer er ekki þeirrar skoðunar. „Ég held að maður geti ekki spornað við þróuninni. Það er bara ekki hægt að segja að farsímar og tölvuleikir geri það að verkum að börn lesi ekki, vegna þess að þetta er komið til að vera,“ segir Colfer. „Ef það kemur kannski út kvikmynd og tölvuleikir eftir bók, hjálpar það bókinni. Ef barn verður mjög hrifið af þessu tvennu mun það lesa bókina. Og ég held að um leið og barn hefur lesið eina góða bók sé það fast. Það þarf ekki meira, þá mun það halda áfram að lesa,“ segir hann.

Engin áætlun

Colfer vinnur nú að sjöttu bókinni um Artemis Fowl, sem hann hefur áður sagt að gæti orðið sú síðasta í flokknum. „Ég er ekki með neina áætlun. Ef ég fæ góða hugmynd skrifa ég bók. En eftir þessa bók er ég með þrjár, fjórar aðrar sem mig langar til að skrifa áður en ég sný mér aftur að Artemis, ef svo verður,“ segir hann. „Það er erfitt að skrifa

eitthvað af því að maður verður að skrifa það. Ég vil skrifa af því að ég er með góða hugmynd og langar til að skrifa. Stundum ákveður fólk að skrifa tuttugu bóka flokk. Það er búið með hugmyndirnar í bók sjó, en verður að halda áfram vegna sammingsins. Ég sem bara upp á eina bók í einu,“ segir hann.

Sæll með samanburð við Harry Potter

Mikið hefur verið rætt og skrifað um sprenginguna sem hefur orðið í barnabókmenntum þar sem töfrar og huldurverur koma við sögu. Þar eru bækur Colfers, bókaflokkurinn um Harry Potter, sagan af Eragon og þrileikur Phillip Pullman um Gyllta áttavítann oftast en ekki nefndar í sömu andrá. Colfer segir sér ekki vera illa við að bækur hans séu bornar saman við hinn margfræga bókaflokk um galdratrákinn Potter.

„Einhvern tíma sagði ég að mér mislíkaði það, en það var þegar ég var yngri og viðkvæmari,“ segir hann og hlær við. „Sú er alls ekki raunin í dag. Ég dáist að J.K. Rowling, hún er ótrúlega hæfileikarík og bækurnar hennar eru frábærar. Þetta er bara hrós,“ bætir hann við. Colfer segist þar að auki viss um að þeir sem lesi báða bókaflokka sjái mikinn mun þar á. „En það er mjög eðlilegt að bókaflokkarnir séu bornir saman, þar sem báðir fjalla um stráka og töfra,“ segir hann.

Hlutverk kvikmyndanna

Colfer hefur þó, eins og áður sagði, skrifað margt annað en bækurnar um Artemis. „Ég reyni að gera aðra hluti líka. Ég hef til dæmis skrifað draugasögur, vísindaskáldsögur og spæjarasögur. Ég er svo heppinn að ég get tekið mér árs hlé frá Artemis Fowl og skrifað eitthvað annað, og þegar ég kem aftur munu lesendur samt vilja lesa bækur um Artemis,“ segir Colfer.

Hann telur Harry Potter bera nokkra ábyrgð á umræddri sprengingu, en telur að heldur muni réna í flóðinu með lokum þess bókaflokks. „Svona sögur hafa alltaf verið vinsælar, en með tilkomu Harry Potter urðu þær ofurvinsælar,“ segir Colfer. „Það er reyndar að koma kvikmynd eftir Gyllta áttavítanum, sem lítur alveg ótrúlega vel út, svo það gæti ýtt þeim upp aftur,“ segir Colfer, sem vísar þannig aftur í veigamikil hlutverk kvikmynda og sjónvarpsþátta. „Ég held að þetta hjálpi virkilega. Kvikmyndagerð er núna á því stigi að það er hægt að gera mynd um Harry Potter og það kemur vel út. Fyrir tíu árum síðan hefði hún orðið skelfileg, og alls ekki raunveruleg. Kvikmyndagerðarmenn leita að þessum bókum, sem hjálpar bókunum líka,“ segir Colfer.

Heimsyfirráð rithöfundarinn

Þegar Íslandsheimsókn hans lýkur bíður heimsókn til annars útgefanda. Að henni lokinni liggur leiðin aftur heim til Wexford, þar sem Colfer hóf ritstörf sín fyrir margt löngu. „Þegar ég var lítil skrifaði ég lítil leikrit um víkinga. Ég var mjög hrifinn af þeim, vegna þess að bærinn okkar er víkingabær. Faðir minn, sem er sagnfræðingur, sagði mér sögur af þeim, og ég fór að skrifa leikrit. Þau voru mjög ofbeldisfull og allir dóu, nema ég, auðvitað,“ segir Colfer og hlær við minninguna. „En það voru fyrstu kynni mín af því að skrifa fyrir einhvern hóp, og ég sá áhrifin sem það hafði. Bara af því að eitthvað ákveðið orð stóð á blaðsíðunni gekk einhver yfir sviðið og fór með línu. Það voru mikil völd fyrir lítinn stráka. Manni finnst maður vera drottari heimsins,“ segir Colfer.

Þó að bókaflokknum um Artemis Fowl gæti brátt verið lokið er Colfer hvergi nærri hættur. Hann segist ætla að halda áfram þangað til fólk hættir að lesa eða hann fær engar hugmyndir lengur. Starfið felur þó ekki lengur í sér heimsyfirráð, að hans sögn. „Nú á ég börn, svo ég er fullviss um að ég er ekki drottari heimsins. Það vita allir foreldrar,“ segir Colfer og hlær.

www.iceaid.org/ www.eoincolfer.com

→ BÖRNIN ALLTAF Í FYRIRRÚMI

Ljósmyndir Pádraig Grants af lífinu í Afríku má sjá á sýningu hans í Art Iceland galleríi. Írski metsölurithöfundurinn Eoin Colfer flutti ræðu við opnun sýningarinnar, þar sem hjálparstarfssamtökunum IceAid var einnig ýtt úr vör. Colfer var áður kennari, skrifar barnabækur og hjálpaði IceAid að reisa munaðarleysisjahæli í Líberíu. Hann segir allt ævistarf sitt tengjast börnum.

Bækur hans um Artemis Fowl hafa notið gríðarlegra vinsælda um heim allan.v

DRENGUR Í SÓMALÍU

MYND/PÁDRAIG GRANT



FÓRNARLAMB JARÐSPRENGJU Í EPIÓPIU

MYND/PÁDRAIG GRANT



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

www.netto.is

Skrifstofustarf

Nettó Mjódd leitar að aðstoðarmanni á skrifstofu.
Vinnutími frá kl. 8.30 - 14.00

Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum

nettó
Mjódd Reykjavík



Krana- og tækjamaður óskast til starfa

Umsóknir sendist á slipp@slipp.is

Slippurinn Akureyri ehf. Naustatanga 2 600 Akureyri
Sími: 460 2900 Fax: 460 2901 www.slipp.is



SECURITY GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard in the Security Section. The closing date for this position is September 09, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>



Framkvæmdastjóri SMI verktaka

Við leitum að reynsluríkum og öflugum stjórnanda til að annast rekstur verktakafélagsins SMI verktaka ehf., sem er dótturfélag fasteignafélagsins SMI ehf.

Verktakafélagið hefur umsjón með framkvæmdum SMI hérlendis og í Færeyjum

Framkvæmdastjóri mun annast;

- * Daglegan rekstur félagsins.
- * Tilboðsgerð og frágang samninga við undirverktaka.
- * Innkaup, þróun nýrra verkefna og samskipti við m.a. undirverktaka.
- * Starfsmannahald og stýringu verkferla.
- * Áætlanagerð og annað það er fellur undir ábyrgð framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri verður þátttakandi í lykiltæmi félagsins og tekur þátt í stefnumótun og markmiðasetningu. Hann annast jafnframt eftirlit með framkvæmdum í samstarfi við verkefna- og byggingastjóra. Starfinu fylgir einhver ferðalög.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi tæknimenntun á háskólastigi (framhaldsmenntun æskileg) auk þekkingar eða reynslu á sviði viðskipta og reksturs. Áhersla er lögð á mjög góða stjórnunar- og skipulagshæfileika, frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi. Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, guðny@stra.is, svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum. Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu www.stra.is.



Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

SMI ehf. er alþjóðlegt fasteignafélag, sem er með starfsemi á Íslandi, Færeyjum, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu og Búlgaríu.

Umfang núverandi framkvæmda er um 140.000m² og má þar nefna 20 hæða skrifstofuturn í Kópavogi, stækkun á Glerártorgi, verslunarmiðstöð við Vesturlandsveg, vöruhús í Lettlandi og verslunarmiðstöð í Litháen.

Verkefni á undirbúningsstigi eru í kringum 280.000m² að stærð. Þar má nefna m.a. verslunarmiðstöð, skrifstofur og íbúðir í Færeyjum auk þess verslunarmiðstöðvar og skrifstofur hérlendis, sem og erlendis.

www.smi.is



Fagmennska í yfir 20 ár

Viltu vinna hjá...

Símafyrirtæki - Auglýsingastofu - Öryggisfyrirtæki - Olúfyrirtæki - Skiltagerð - Matvælafyrirtæki - Verslun með flísar og baðtæki - Húsgagnaverslun - Bílannflutningsfyrirtæki - Vélaverslun - Skólafyrirtæki - Heildverslun - Ferðapjónustufyrirtæki - Ræstingafyrirtæki - Verslun með gluggatjöld og heimilisvörur - Byggingafyrirtæki - Lyfjafyrirtæki - Félagasamtökum - Gámafyrirtæki - eða öðrum fyrirtækjum?

Okkur vantar líka starfsmann á kúabú!

Kíktu á www.vinna.is - S: 511 1144



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra hjá upplýsingaþróun Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Starfssvið

- Undirbúa nýjan tækjabúnað fyrir uppsetningu t.d. myndavélar, umferðargreina, ferilvöktunarbúnað, veðurskilti og veðurstöðvar
- Prófun á búnaði og bilanagreining
- Fylgjast með virkni tækja og að gögn skili sér í gagnagrunn
- Umsjón með uppsetningu og viðhaldi búnaðar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tækni- eða verkfræði á veikstraumssviði. Önnur menntun sem nýtist í starfi kemur einnig til greina
- Æskileg reynsla af framangreindum búnaði
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



KREFJANDI TÆKNI!

Landsnet óskar eftir að ráða hugbúnaðarsérfræðing í starf umsjónaraðila með vefsetri og sérfræðing við rekstur tölvuneta.

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærrí, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugan liðsheimild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

Vefari

Starfssvið

- Umsjón með vefsetri Landsnets, rekstri og þróun
- Ábyrgð á aðgengi vélbúnaðar, hugbúnaðar og öðrum tækjum til reksturs vefseturs
- Framsetning efnis í samræmi við kröfur
- Sjálfvirknivæðing gagnasamskipta við aðila raforkumarkaðar Landsnets

Hæfniskröfur og eiginleikar

- Háskólapróf í tölvunarfræði, tölvu- og rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla af sambærilegu starfi, reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking og reynsla af vefforritun og "dot.net" umhverfi (MSDN2, JavaScript)
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og gagnavinnslu, s.s. úr MS-SQL og Oracle
- Góð þekking á Microsoft stýrikerfum, Office umhverfi, innleiðingu, uppsetningu og rekstri tölvukerfa
- Þekking og reynsla af upplýsingaöryggismálum (ITS)
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði og þjónustulund
- Áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi

Netumsjón

Starfssvið

- Umsjón með tölvunetvæðingu (IP-net) starfsstöðva Landsnets
- Rekstur staðarneta (LAN) og víðnets (WAN)
- Netumsjón og ábyrgð á öryggiskröfum tölvuneta

Hæfniskröfur og eiginleikar

- Háskólapróf í tölvunarfræði, tölvu- og rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun
- 2 ja- 3ja ára reynsla af rekstri tölvuneta (IP-net) og uppsetningu (configuration) netbúnaðar
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Reynsla af greiningu, hönnun og innleiðingu á nýjum staðar- og víðnetum (LAN og WAN)
- Góð þekking og reynsla af upplýsingaöryggismálum (ITS)
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og gagnavinnslu, s.s. úr MS-SQL og Oracle, góð þekking á Microsoft stýrikerfum og Office umhverfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði og þjónustulund
- Áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildur.arnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfraeðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Starfsfólk Hagstofunnar vinnur að gerð hagskýrslna og miðlar þeim til almennings, atvinnulífs og stjórnvalda.

Nánari upplýsingar er að finna á www.hagstofan.is

SÉRFRÆÐINGUR

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í Launa- og kjaramáladeild.

Starfið felst í úrvinnslu og framsetningu gagna auk skýrslugerðar. Helstu verkefni eru útreikningur vísitölu launakostnaðar, þróun aðferða, svörun evrópskra launarannsóknna auk annarra sérhæfðra verkefna við úrvinnslu og greiningu gagna.

Menntunar- og hæfniskröfur eru háskólapróf til dæmis á sviði hagfræði eða tölfraeði. Umsækjandi þarf að hafa góða almenna tölfraeðikunnáttu, geta unnið sjálfstætt og í hópi, hafa góða tölvukunnáttu, vera nákvæmur og skipulagður, sýna frumkvæði og hafa góða tölulega greind. Reynsla af greiningu og framsetningu tölulegra upplýsinga er kostur.

Launa- og kjaramáladeild stendur að framkvæmd launarannsóknar á íslenskum vinnumarkaði og hagskýrslugerð á sviði launa- og kjaramála. Við framkvæmd launarannsóknar er tekið mið af þeim kröfum sem reglugerðir á evrópska efnahagssvæðinu gera til launarannsóknna. Deildin gefur út upplýsingar um laun, launakostnað og þróun þeirra á íslenskum vinnumarkaði og tekur þátt í alþjóðlegum samanburði auk annarra sérvinnsla.

Um er að ræða spennandi starf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Umhverfisráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, mengunarvarnir, mat á umhverfisáhrifum, mannvirki, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun. Þá fer ráðuneytið með fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi í umhverfismálum. Ráðuneytinu er jafnframt ætlað að samræma opinberar aðgerðir í umhverfismálum. Í umhverfisráðuneytinu starfa um 30 starfsmenn og skiptist ráðuneytið í 3 skrifstofur.

LÖGRÆÐINGUR

Í umhverfisráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu laga og stjórnsýslu.

Skrifstofan fer með málaflokka er varða náttúru- og dýravernd, veiðistjórnun, mengunarvarnir, efnis- og efnavörur, hollustuhætti, mannvirki, brunavarnir, ofanflóð, skipulag, landmælingar og mat á umhverfisáhrifum. Meginhlutverk skrifstofunnar er umsjón með stjórnsýslu ráðuneytisins og undirbúningi lagafrumvarpa og reglugerða. Skrifstofan hefur umsjón með framkvæmd EES samningsins á starfssviði ráðuneytisins og starfi ráðuneytisins og stofnana þess hjá EFTA og ESB.

Starfssvið

- Afgreiðsla stjórnsýsluerinda, úrskurða og álitgerða
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi, stjórnvöld, hagsmunaaðila atvinnulífs og sveitarfélaga
- Þátttaka í stefnumótun
- Þátttaka í alþjóðlegu starfi á starfssviði skrifstofunnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kandidatspróf eða meistaraþróf í lögfræði
- Reynsla og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu æskileg
- Þekking í evrópurétti eða reynsla af framkvæmd EES samningsins æskileg
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Mjög gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



KREFJANDI OG ÁHUGAVERÐ STÖRF

Ríkisendurskoðun auglýsir eftir sérfræðingum í eftirtalin störf:

Sérfræðingar á endurskoðunarsviði

Starfssvið

Starfið felst í fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum, vottun fjárhagsupplýsinga og mati á fjármálastjórn. Hluti starfsins felst í skýrslugerð.

Hæfniskröfur

Leitað er eftir löggiltum endurskoðendum eða einstaklingum með háskólapróf í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald eða endurskoðun. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og geta unnið sjálfstætt og með öðrum. Umsækjendur þurfa einnig að hafa gott vald á íslensku og ensku og geta gert grein fyrir viðfangsefnum á skýran og skilmerkilegan hátt, jafnt í ræðu sem riti.

Sérfræðingur á skrifstofu ríkisendurskoðanda

Starfssvið

Starfið felst annars vegar í því að kanna hagkvæmni, skilvirkni og árangur í rekstri og hins vegar í eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Sérfræðingurinn þarf að gera grein fyrir niðurstöðum athugana í skýrslum sem birtar eru opinberlega.

Hæfniskröfur

Leitað er að einstaklingi með háskólapróf í viðskiptafræði eða hagfræði. Framhaldsmenntun á sviði stjórnsýslufræða eða sambærileg menntun er mikill kostur. Gerð er krafa um góða almenna tölfraeðiþekkingu og hæfni í að greina tölulegar upplýsingar sem og góða íslenskukunnáttu og getu til að útskýra flókin viðfangsefni á skýran og einfaldan hátt í texta. Viðkomandi verður að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og getu til að vinna í teymi.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og hefur það meginhlutverk að annast eftirlit með fjárreiðum og rekstri ríkisins. Hjá stofnuninni vinna um 50 manns með margvíslegu menntun og reynslu. Lögð er áhersla á starfsþróun og endurmenntun til að tryggja að þekking starfsmanna sé í samræmi við þau krefjandi verkefni sem stofnuninni eru falin.

Laun ákvarðast af ábyrgð, menntun, frammistöðu og árangri starfsmanna. Að auki er tekið mið af launakjörum á almennum vinnumarkaði.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



TellMeTwin®

Á TellMeTwin skráirðu og varðveitir persónuleika þinn. Þú tekur persónuleikapróf eða gefur kvikmyndum, tónlist, bókum ofl. einkunnir. Þú finnur fólk sem hugsar eins og þú (tvífara þína) og notar þeirra prófil sem val-síu í daglegu lífi (hvaða bíómynd á að sjá næst osfrv.)

TellMeTwin er alþjóðlegt samfélag þar sem áhersla er lögð á þátttöku notenda í þróun og uppbyggingu samfélagsins.

Mótaðu með okkur framtíðina á Internetinu! Sendu okkur línu með upplýsingum um þig á jobs@tellmetwin.com fyrir 11. september 2007.

Ertu frumkvöðull?

Netsamfélagið TellMeTwin leitar að öflugum frumkvöðlum, konum og körlum. Eignaraðild í boði fyrir rétta aðila.

Tækni- og þróunarstjóri

Verksvið

- Yfirumsjón og ábyrgð á tæknilegri hönnun og þróun TellMeTwin
- Stjórnun forritara, forritun
- Lykilmaður í stefnumótun með framkvæmdastjóra

Hæfniskröfur

- Við leitum að þungavigtarmanneskju á sviði gagnagrunna og hugbúnaðarþróunar. Leiðtoga sem getur séð fyrir tæknilegar þarfir milljónasamfélags á netinu.
- Eldmóður, framtíðarsýn, sjálfstæð hugsun
- Umtalsverð reynsla af vefforritun og verkefnastjórnun
- Reynsla af öguðum vinnubrögðum í hugbúnaðargerð
- Tæknimenntun á háskólastigi

Aðrir frumkvöðlar

Leitum að fleirum til að byggja upp með okkur fyrirtækið. Grunnskilyrði er brennandi áhugi á viðfangsefninu og þekking og reynsla af netsamfélögum eins og Myspace, Facebook, digg del.icio.us, Wikipedia, linkedIn o.fl. auk þess að skilja hugmyndafræðina á bak við Web 2.0 og "semantic web"

Við leitum að forriturum í fullt starf, sem uppfylla ofangreind skilyrði. En einnig öðrum sem verða umsjónaraðilar með hluta samfélagsins. Þá er um að ræða hlutastarf sem annað hvort er greitt fyrir í peningum eða með öðrum hætti innan samfélagsins, allt eftir umfangi.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Lögfræðingur hjá PFS

Hjá Póst- og fjarskiptastofnun eru laus til umsóknar staða lögfræðings

Starfssvið lögfræðings er m.a. fólgið í samningu álitserða og stjórnsluávarðana, lögfræðilegri ráðgjöf, samskiptum við póst- og fjarskiptafyrirtæki og undirbúningi stjórnslureglna.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi lokið embættisprófi / MA í lögfræði eða sambærilegu prófi. Þekking á einhverju af eftirtöldum sviðum er æskileg:

- Fjarskiptarétti, stjórnslurétti, samkeppnisrétti eða persónuupplýsingarétti.

Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á og færni til að rita vandaðan texta á íslensku og ensku.

Um er að ræða krefjandi starf þar sem reynir á frumkvæði, lögfræðilega getu og kunnáttu. Starfið býður upp á möguleika á þátttöku í samstarfi við alþjóðasamtök og erlendar systurstofnanir í aðildarlöndum EES.

Í boði eru samkeppnishæf kjör í síbreytilegu og spennandi umhverfi, þar sem gerðar eru miklar fagkröfur. Verkefni eru ögrandi, vinnuumhverfið er vinnulegt og aðbúnaður starfsmanna góður.

Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir og Gunnar Hólmsteinn Ársælsson, hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum. Þeir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í 20 ár



TÆKNIMENN-SKRIFSTOFUSTJÓRI

Verkfræðiþjónustan ehf

Óskar eftir að ráða verkfræðing, tæknifræðing, byggingarfræðing, iðnfræðing og tækniteknara til starfa við hönnun á burðarvirkjum og lögnum.

Spennandi verkefni framundan. Góð vinnuástaða

Einnig óskum við eftir skrifstofustjóra í hlutastarf.

Umsókn skal skilað til Jóns Guðmundssonar á rafrænu formi á netfangið jong@teknik.is

Sjáumst.
Starfsfólk Verkfræðiþjónustunnar ehf.

Starfsmaður í framlínu

Við hjá Atlantsolíu leitum að kröftugum, stundvísnum og nákvæmum aðila til að efla framlínu okkar.

Í starfinu felst:

- móttaka viðskiptavina
- skráning Dælyklla
- önnur tilfallandi verkefni

Starfið gæti hentað einstaklingi sem er að ljúka námi úr framhaldsskóla. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Fyrirtækið

Atlantsólía var stofnað á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 10 bensinstöðvar ásamt því að veita verkþöfum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 20 manns. Atlantsólía hefur verið í fararbroddi með nýjungar hér á landi með innleiðingu Dælyklla.

Atlantsólía er reyklaus vinnustaður.

Umsjón með starfinu hefur Hugi Hreiðarsson. Umsóknir sendist fyrir föstudagurinn 7. sept. á netfangið: hugi@atlantsolia.is



Atlantsólía - Lönsbraut 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og pósthjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

PFS starfar í alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsemin annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og fjölmiðlun og hins vegar á laga-grundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hjá PFS starfa nú 25 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf. Sjá nánar www.pfs.is.





Gjaldkera - og skrifstofustarf

Gjaldkera- og skrifstofustarf á sölu- og markaðs sviði MS í Reykjavík, er laust til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.

Helstu verkefni eru m.a.:

- "Uppgjör við bílstjóra
- "Skráningar á endursendingum og kreditnótum
- "Flutningareikningar og frágangur ýmis konar
- "Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina
- "Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- "Símsvörun o.fl.

Leitað er að einstaklingi með góða tölvukunnáttu og er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni í vinnubrögðum, þægilega framkomu og þjónustulipurð.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Erlingsson afgreiðslustjóri í síma 569-2322. Umsóknarfrestur er til 12. september nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is

Byggingaverkamenn



Byggingaverkamenn vantar til starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veitir Eiríka Ásgrímsdóttir í síma 530-4200. Sækja skal um á vefsíðu ÍAV www.iav.is (eða senda póst á umsokn@iav.is)

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga.

Við bjóðum góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

Pracownicy budowlani

Pracownicy budowlani poszukiwani w rejonie Reykjavíku.

Dalszych informacji udziela Eiríka Ásgrímsdóttir tel. 530-4200. Aplikacje wysylac po islandzku lub angielsku ze strony internetowej ÍAV www.iav.is (lub na e-mail umsokn@iav.is)

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og býr yfir áratuga reynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, mannvirkjagerð eða opinberar byggingar. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 600 manns.

Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200



Áhugaverð störf á fjármálasviði

Fjármálastjóri

Óskum eftir að ráða fjármálastjóra hjá LAGERNUM ehf., sem er eignarhaldsfélag Jákups Jacobsen, aðaleiganda Rúmfatalagersins og SMI Real Estate Group.

Fjármálastjóri mun hafa umsjón með daglegum rekstri skrifstofu og yfirumsjón með samstæðuuppjöri félagsins auk þess að hafa eftirlit með fjárreiðum og bókhaldi dótturfélaga. Hann mun jafnframt annast gerð fjárhagsáætlana og önnur sérhæfðari fjármálatengd verkefni að beiðni framkvæmdastjóra/stjórnar hverju sinni

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta, en menntun og reynsla á sviði endurskoðunar er kostur og/eða viðbótarmenntun frá erlendum háskólum. Marktæk reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði, enskunnátta er nauðsynleg. Áhersla er lögð á nákvæm og skilvís vinnubrögð, útsjónarsemi og styrk í mannlegum samskiptum auk fagmennsku í hvívetna. Starfinu fylgir ferðalög.

1. flokks bókari

Óskum jafnframt eftir að ráða reynsluríkan og færna bókara til að sjá um afstemmingar, merkingu fylgiskjala, gagnaskráningu, uppgjör og frágang bókhaldsgagna auk annarra fjölbreytilegra verkefna á fjármálasviði.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af frágangi bókhalds og skilum til endurskoðenda. Áhersla er lögð á töluglöggvun og nákvæmi í vinnubrögðum, góða samskiptahæfileika, frumkvæði, samvirkusemi og áreiðanleika. Við leitum að öflugum einstaklingi, sem hefur faglegan metnað og er áhugasamur um að fá tækifæri til að spreya sig í líflegu og metnaðarfullu starfsumhverfi.

Í boði eru áhugaverð störf hjá öflugum, alþjóðlegu félagi, sem er í hópi leiðandi fyrirtækja hérlendis, sem og í nærliggjandi löndum.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, gudny@stra.is, svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum. Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu www.stra.is.



Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Lagerinn er eignarhaldsfélag Jákups Jacobsen.

Lagerinn hefur eftirlit með rekstri félaga í 14 löndum, í þremur heimsálfum. Starfsemi Lagersins skiptist í þrjú svið:

» Smásölu; Jysk, The Pier, ILVA.

» Fasteignir; SMI Real Estate Group, rekstur og þróun fasteigna á Íslandi, Færeyjum, Lettlandi, Litháen og Rúmeníu.

» Fjárfestingar; rekstur fjárfestingasjóðs.

Sjá nánari upplýsingar á www.lagerinn.is



Afgreiðsla og ráðgjöf

565055

Gluggatjalda- og heimilsvörverslun óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Vinnutími er frá kl. 09:00-18:00 virka daga og annar hver laugardagur frá kl. 10:00-14:00.

Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, stundvís og hafa ríka þjónustulund. Áhugi eða þekking á saumaskap er kostur, ekki skilyrði.

Einungis reyklusir einstaklingar koma til greina.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Framúrskarandi einstaklingar

Vegna vaxandi umsvifa Straums héraðs sem erlendis leitum við að framúrskarandi einstaklingum til starfa í viðskiptaveri bankans.

Skilyrði er að viðkomandi einstaklingar séu talnaglöggir, nákvæmir í vinnubrögðum og með góða enskukunnáttu. Mikilvægt er að þeir séu sveigjanlegir og hafi hæfni í mannlegum samskiptum.

BAKVINNSLA

Starfið felst í daglegri vinnslu markaðsviðskipta, skráningu, frágangi verðbréfavíðskipta, afstemmingum og skýrslugerð. Reynsla af bankastörfum er kostur en ekki skilyrði.

MIÐVINNSLA

Starfið felst í daglegri vinnslu markaðsviðskipta, uppsetningu samninga, áhættumati og eftirfylgni verklagsreglna. Reynsla af bankastörfum er kostur en ekki skilyrði.

LÁNAUMSÝSLA

Starfið felst í daglegri vinnslu lánaviðskipta, skráningu og innheimtu á öllum útlánnum bankans og eftirliti með vanskilum. Einnig umsjón með langtímalántöku bankans, greiðslu vaxta og uppgjöri. Reynsla af bankastörfum er skilyrði og reynsla á Libra Loan kostur.

Straumur er stærsti fjárfestingarbankinn á Íslandi. Bankinn býður heildstæða, samþættaða fjárfestingarþjónustu á sviði markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar, fjármögnunar og eignastýringar. Starfsmenn bankans eru nú rúmlega 440 talsins.

Umsjón með störfunum hafa **Auður Bjarnadóttir**, audur.bjarnadottir@capacent.is og **Guðríður D. Hálfánardóttir**, guðridur.halfdanardottir@capacent.is hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. september n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent
RÁÐNINGAR

Straumur Fjárfestingabanki | Borgartún 25 | 105 Reykjavík | 580 9100 | www.straumur.net

6

ATVINNA

2. september 2007 SUNNUDAGUR

VERKTAKAR
MAGNI

Vantar vana menn á hjólaskóflu og beltagröfu til starfa strax
Mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA

ARKITEKT

BYGGINGAFRÆÐING

BYGGINGATÆKNIFRÆÐING

TÆKNITEIKNARA

TÖLVUTEIKNARA

VIÐKOMANDI ÞARF AÐ GETA STARFAÐ
SJÁLFSTÆTT AÐ MARGÞÆTTUM
HÖNNUNARVERKEFNUM.

VINSAMLEGAST SENDIÐ UMSÓKNIR
OG FYRIRSPURNIR Á NETFANGIÐ
gudjon@arkform.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Varmárskóli auglýsir

Lausar eru eftirtaldar stöður:

- Kennari í afleysingar
- Stuðningsfulltrúi í yngri deild
- Proskapjálfi
- Bókasafnsfræðingur eða starfsmaður á bókasafn
- Tölvuumsjónarmaður

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og einstaklingsmiðuðu skólasterfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla.

Við leitum eftir konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og vinna með skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki. Hlökkum til að heyra í þér.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir, skólustjóri í síma 525 0700 og 863 3297 og Þórunna Rósa Ólafsdóttir, skólustjóri í síma 525 0700 og 899 8465



Landform óskar eftir að ráða til starfa landslagsarkitekt eða landfræðing sem unnið getur í Autocad. Jafnframt er leitað að skipulagsfræðingi eða tæknimennuðum aðila sem unnið getur í Autodesk Civil 3D og með áhuga á SketchUp. Áhugasamir og spennandi verkefni í vinnslu og fjölmörg verkefni framundan. Landform hyggst setja upp starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu og geta áhugasamir valið um að starfa þar eða á Selfossi. Góð laun fyrir hæfa aðila. Skrifleg umsókn sendist Landform ehf. Austurvegi 6, 800 Selfossi fyrir 20. sept. 2007. Hafa má samband við Odd Hermannsson og farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Sjá nánar á heimasíðu www.landform.is

Samkaup **Úrval**

Samkaup Úrval í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki.

Við bjóðum uppá heildagsstörf og hlutastörf við almenn afgreiðslustörf einnig vantar okkur starfsfólk í kjötdeild okkar.

TÆKNILEGUR SÉRFRÆÐINGUR Á MÆLIFRÆÐISVIÐI

Neytendastofa óskar eftir að ráða metnaðarfullan tækni-menntaðan mann til starfa á Mælifræðisviði stofnunarinnar. Um er að ræða faglega krefjandi starf þar sem reynir á tæknilega ráðgjöf um reglur er varða lögmælfraeði, framkvæmd eftirlits með mælitækjum og fræðslu og kynningu á reglum er gilda um mælingar í viðskiptum við neytendur. Um er að ræða margvísleg áhugaverð verkefni er varða löggjöf á sviði mælifraeði og eftirlit með notkun mælitækja í viðskiptum hér á landi og samkvæmt reglum Evrópu-réttarins.

Helstu verkefni eru:

- Tæknileg ráðgjöf um reglur er varða lögmælfraeði
- Skipulagning og framkvæmd lögbundins eftirlits með mælitækjum
- Eftirlit og umsjón með námskeiðum og löggildingu vigtarmanna og starfsréttindum þeirra
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunarkerfi fyrir kvarðanir í samræmi við ÍST EN ISO 9001:2000 og annarra krafna á sviði mælifraeði
- Þátttaka í samstarfi um þróun laga og reglna sem gilda um mælifraeði og mælifraeðilegt eftirlit

Menntun:

Háskólapróf á sviði tækni- eða raungreina, einkum í tæknifraeði, verkfraeði eða eðlisfraeði.

Almenn þekking og hæfniskröfur:

- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í einu Norðurlandamáli
- Almenn þekking á íslensku stjórnkerfi og regluhverfi
- Frumkvæði
- Skipulags- og samskiptahæfni

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum Bandalags háskólanna. Vakinn er athygli á 20. gr. laga nr 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Umsóknir óskast sendar Neytendastofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða rafrænt á pósthöfn stofnunarinnar, postur@neytendastofa.is, eigi síðar en 18. september 2007. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Tryggvi Axelsson forstjóri og Guðmundur Árnason, sviðsstjóri Mælifræðisviðs, í síma 510 1100. Netföng: tryggvi@neytendastofa.is og guðmundur@neytendastofa.is.

Mælifræðisvið Neytendastofu fylgist með að mælingar hér á landi uppfylli alþjóðkröfur og að alþjóðlega mælingakerfið SI sé notað á Íslandi. Mælifræðisvið annast eftirlit með lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglum settum samkvæmt þeim; varðveitir landsmæligrunna og kvarðar mælitæki.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi

Innkaup og útflutningur

Þjónustufulltrúi innkaupadeildar

Við leitum að aðila til að takast á við nýtt, fjölbreytt og krefjandi starf í innkaupadeild sem krefst mikilla samskipta við starfsmenn og birgja, bæði hérlendis og erlendis. Viðkomandi þarf að hafa yfirsýn yfir mörg verkefni í einu, vera talnaglögur og geta unnið undir álagi.

Helstu verkefni:

- Gerð og eftirfylgni innkaupapantana
- Umsjón með mælikvörðum innkaupadeildar
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini

Við leitum að aðila með:

- Menntun sem nýtist í starfi eða reynslu af sambærilegum störfum
- Kunnáttu í ensku
- Góða almenna tölvufærni, reynsla af birgða- og innkaupakerfum er kostur

Starf í flutningadeild

Við leitum að aðila til að hafa almenna umsjón með útflutningi fyrirtækisins. Starfið krefst töluverðra samskipta, bæði hérlendis og erlendis. Viðkomandi þarf að hafa yfirsýn yfir mörg verkefni í einu og geta fylgt málum vel eftir.

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum útflutningi
- Umsjón með flug- og skipasendingum
- Gerð tollskýrsla og reikninga

Við leitum að aðila með:

- Reynslu af inn- og/eða útflutningsmálum
- Kunnáttu í ensku
- Góða almenna tölvufærni, reynsla af sölu- og tollakerfum er kostur

Nánari upplýsingar um starf þjónustufulltrúa veitir Jóhann Jón Ísleifsson, forstöðumaður innkaupadeildar, johanni@marel.is, í síma 563 8000. Nánari upplýsingar um starf í flutningadeild veitir Margrét Berg Theodórsdóttir, forstöðumaður flutningadeildar, margret@marel.is, í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf: www.marel.com fyrir 13. september nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.



RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel
food systems

Endurskoðandi

■ Í starfinu felst að hafa eftirlit og meta áreiðanleika reikningskila með hliðsjón af alþjóðlegum reiknings-skilastöðlum, taka þátt í samstarfi CESR, The Committee of European Securities Regulators (samstafsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði) og draga sjálfstæðar ályktanir um kröfur til reikningskila hér á landi með hliðsjón af niðurstöðum samstafsnefndarinnar.

■ Umsækjendur þurfa að hafa lokið löggildingu í endurskoðun, í samræmi við ákvæði laga nr. 18/1997 um endurskoðendur og hafa haldgóða þekkingu á meginatriðum stjórnsýslureglna. Sömuleiðis þarf viðkomandi að geta sýnt

frumkvæði, hafa gott vald á rituðu máli, bæði á íslensku og ensku og hæfni til að leysa úr álitamálum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Eggert Þórðarson í síma 563 1152 fimmtudaga og föstudaga milli kl. 09.30 og 10.30. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Umsóknir er hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, starfsferil og önnur atriði er máli skipta, sendist ríkisskattstjóra Laugavegi 166, 150 Reykjavík – auðkennt starfsmannahald, fyrir 25. september 2007.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Lýsum eftir starfsmanni

Lýsing er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi með öflugan starfsemi bæði á einstaklings- og fyrirtækjemarkaði. Aðalstarfsemi Lýsingar hefur frá upphafi verið á sviði eignaleigu með fjármögnun og atvinnutækjum, atvinnuhúsnæði og bifreiðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Allt starfsfólk Lýsingar leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf, skjóta og góða þjónustu og kappkostar að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Í viðleitni sinni við að veita ávallt framúrskarandi þjónustu vinnur starfsfólk Lýsingar eftir þjónustustefnu fyrirtækisins sem tekur á öllum snertiflötum við viðskiptavini þess.

Starfsmaður á Reikningshaldssvið:

Við leitum af metnaðarfullum einstaklingi til að ganga til liðs við samhentan hóp starfsmanna á Reikningshaldssviði okkar.

Helstu verkefni:

Færslur og afstemmingar.
Mánaðarleg uppgjör.
Útgáfa leigureikninga.
Greiningar og árangursmat.
Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun.
- Nákvæmni og geta til að vinna undir álagi.
- Góð almenn tölvuþekking og góðir greiningarhæfileikar.
- Reynsla af færslu bókhalds og tilheyrandi afstemmingum er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði og þjónustulund.
- Áhugi og metnaður í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Eygló Grímsdóttir skrifstofustjóri í síma 540 1524.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið eyglo@lysing.is en einnig er hægt að sækja um starfið á www.lysing.is. Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



KÓPAVOGSBÆR

Frá Sundlaug Kópavogs

- **Konur og karlar** óskast til starfa við laugar- og baðvörslu og í afgreiðslu við Sundlaug Kópavogs. Um er að ræða vaktavinnu. Lágmarksaldur er 20 ár.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður Vildís Guðmundsdóttir í síma 5700 470, netfang vildis@kopavogur.is

www.kopavogur.is - www.job.is

TOUS

Verslunin TOUS í Smáralind óskar eftir starfsfólki í hlutastarf, bæði í helgarvinnu og/eða seinnipartinn virka daga. Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, samviskusamir, reyklusir, sýna frumkvæði og æskilegt er að þeir séu eldri en 25 ára.

TOUS er skartgripaverslun frá Barcelona á Spáni en selur einnig töskur og ýmsa fylgihluti. Nánari upplýsingar um fyrirtækið og vörurnar má finna á heimasíðu fyrirtækisins www.tous.com

Umsóknir skulu sendar ásamt ferilskrá og mynd á tousiceland@tous.com



BOHEMIA
Befrákt - Innréttingar - Húsgögn

Spennandi framtíðarstörf í jákvæðu og skemmtilegu umhverfi

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf:

Sölu ráðgjafi í heildverslun

Traustan starfsmann til að sinna almennum sölustörfum á sviði bygginga- og hótelfara. Mikil verkefni framundan. Góð árangurstengd laun í boði.

Lagerstjóri

Traustan starfsmann til almennra lagerstarfa ásamt útkeyrslu. Líflegt og skemmtilegt starf. Góð laun í boði.

Afgreiðslustarf

Trausta starfsmenn í hálf dags- og hlutastörf í versluninni Bohemia. Líflegt og skemmtilegt starf. Góð laun í boði.

Umsóknir með upplýsingum um aldur og fyrri störf sendist á david@husaco.is eða bréfleiðis í Akralind 4, 201 Kópavogur. Allar nánari upplýsingar veitir Davíð Ólafsson framkvæmdastjóri í síma 544-2290 eða á david@husaco.is.

Húsaco ehf.

Bohemia og Húsaco ehf - Akralind 4 - 201 Kópavogur
Sími: 544-2290 - Fax: 544-2291

Húsaco ehf rekur húsgagna- og innréttingaverslunina Bohemia að Akralind 4, ásamt því að reka heildverslun á sviði bygginga-, hótelfara- og smíðuvara. Húsaco er einnig með starfsemi í Kína og Þýskalandi og er markmiðið að auka erlenda starfsemi félagsins.

Mótið framtíðina með okkur

Er nokkuð skemmtilegra en að taka þátt í að móta framtíðina með börnum og unglingum?

Við leik- og grunnskóla bæjarins eru laus störf og hægt er að velja um heilar stöður eða hlutastörf. Allar upplýsingar gefa stjórnendur skólanna.

Sjá nánar á heimasíðum skólanna og heimasíðu Hafnarfjarðar, www.hafnarfjordur.is.



Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvæðis á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Áhugaverð störf í Skútuvoggi

Viljum ráða þjónustulundaða og jákvæða starfsmenn í eftirtalin störf.

- Starfsmann í afgreiðslu á kassa og aðstoð í deildum
- Starfsmann í hreinlætistækjadeild
- Starfsmann í raftækjadeild

Hæfniskröfur:

- Þekking á byggingavörum æskileg
- Reynsla af sölumennsku er kostur

Hlutastörf og helgarvinna

Kaffi Garður

- Duglegur og þjónustulundaður starfsmaður frá 10-18 virka daga

Íhlaupa- og hlutastörf í verslun Húsasmiðjunnar og Blómavals

- Leitum af starfsmönnum sem eru tilbúnir til að taka að sér starf frá kl. 16-21 eða frá kl. 18-21 nokkra daga í viku og jafnvel einhverja helgarvinnu
- Um helgar er unnið á laugardögum frá kl. 16-21 og á sunnudögum frá kl. 13-21.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, atvinna@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is.



Matreiðslumeistari

Mjólkursamsalan ehf óskar eftir að ráða matreiðslumeistara til starfa til að stýra mótuneytum félagsins að Bitruhálsi 1 og Bitruhálsi 2 í Reykjavík.

Helstu verkefni eru m.a.:

- Ábyrgð á rekstri mótuneytanna.
- Endurskipulagning núverandi rekstrar mótuneytanna.
- Áætlanagerð, innkaup og annað sem tengist rekstrinum.
- Ráðgjöf við þróun og markaðsfærslu mjólkurafurða fyrir stórelldhús.

Við leitum að dugmiklum og skemmtilegum einstaklingi sem er reiðubúinn að byggja upp mótuneyti í fremstu röð.

Frekari upplýsingar gefur Aðalbjörg Lúthersdóttir starfsmannastjóri í síma 569-2225. Umsóknir skulu berast starfsmannastjóra MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfang starfsmannasvið@ms.is fyrir 15. september n.k

Saman náum við árangri

samskip



STÖRF Í BOÐI HJÁ SAMSKIPUM

> Starfsfólk í vörumiðstöð

Starfið felst í almennri vörumeðhöndlun: vörumóttaka, tiltekt á vörum og þjónusta við viðskiptavin.

Leitað er að einstaklingum sem eru skipulagðir, sýna frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt. Lyftarapróf er kostur en ekki skilyrði.

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Tryggvi Högnason, forstöðumaður, í síma 458 8380.

> Sendibílstjóri

Starfið felst í akstri sendibíls innan höfuðborgarsvæðisins, losun og lestun flutningstækja, þjónusta við viðskiptavin og öðrum tilfallandi störfum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með bílpróf sem býr yfir ríkri þjónustulund og hefur fagaða framkomu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og vera árangursdrifinn.

Upplýsingar um starfið veitir Oddný Stefánsdóttir, aksturastjóri, í síma 458 8651.

> Starfsfólk í vörumóttöku

Starfið felst í almennri vörumeðhöndlun, samskiptum og þjónustu við innri og ytri viðskiptavin. Einnig skráningum í tölvukerfi fyrirtækisins, vigtun og mælingu vöru, flokkun og dreifingu vöru í vöruhúsi.

Leitað er að traustum og samvissusömum starfsmönnum sem eru liprir í mannlegum samskiptum. Umsækjendur skulu hafa fagaða framkomu og geta unnið sjálfstætt.

Upplýsingar um starfið veitir Björn Steinar Stefánsson, verkstjóri, í síma 858 8430.

> Meiraprófsbílstjórar

Starfið felst í akstri meiraprófsbílfreiða og gámaakstri á höfuðborgarsvæðinu og út á land. Önnur tilfallandi verkefni er varða aksturinn.

Leitað er að dugmiklum og samvissusömum starfsmönnum, með reynslu af akstri og góða hæfni til manlegra samskipta. Umsækjendur skulu hafa lokið meiraprófi og eru ADR réttindi æskileg en ekki skilyrði. Frumkvæði, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal geta unnið undir álagi og hafa ríka þjónustulund.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Jónsson, rekstrarstjóri, í síma 458 8660.

> Fyrirtækið

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

ÁHUGASAMIR

Vinsamlegast fyllið út umsókn, sem fyrst, á vef Samskipa, www.samskip.is, og veljið viðeigandi starf. Allir umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

Sölumaður varahluta



Íshlutir ehf er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði sem sérhæfir sig í alhliðalausnum fyrir jarðvinnuverktaka. Hjá Íshlutum starfa 30 manns í 1.500 m² húsnæði að Völuteig 4 í Mosfellsbæ. Íshlutir leggja mikla áherslu á að bjóða góða þjónustu við viðskiptavinina. Íshlutir eru umboðsaðilar á Íslandi fyrir marga af fremstu framleiðendum á sínu sviði, má þar nefna Hitachi, Metso, Bell og FRD.

Vegna vaxandi verkefna þurfa Íshlutir ehf. að ráða starfsmann í varahlutasölu.

Leitað er að dugmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum við viðskiptavinina og býr yfir þjónustulipurð.

Starfið felst í

- Sölu til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskipta
- Samskipti við birgja

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Starfsreynsla er mikill kostur
- Heiðarleiki og snyrtimennska
- Almenn tölvuþekking
- Góð enskukunnátta

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is fyrir 9. september.

Upplýsingar veitir Björn H. Reynisson.
Netfang: bjorn@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Nám í rafveituvirkjun

Iðnskólinn í Reykjavík í samvinnu við Samorku bjóða upp á nám í fagáföngum rafveituvirkja. Nú er tækifæri til að ljúka náminu. Kennit verður samkvæmt námskrá rafveituvirkja frá 1994. Hefja á kennslu um miðjan september n.k með lotutengdu fyrirkomulagi.

Fagáfangar verða kenndir sem hér segir:

SEPTEMBER	Efnisfræði EFR202
OKTÓBER	Vinnuvernd og öryggisfræði VVÖ102
NÓVEMBER	Rafveitudreifikerfi RVK103
JANÚAR	Rafveitudreifikerfi RVK203
FEBRÚAR	Teikningar og skýrslur TES102
MARS	Varnarbúnaður og mælingar VAM102
APRÍL	Burður og verkfæri BUR102

Nánari upplýsingar um tímasetningar verða kynntar í upphafi kennslu. Innritun fer fram hjá Iðnskólanum í Reykjavík og stendur fram til 7. september 2007.



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Max1 vantar duglegt fólk

til starfa á hraðþjónustustöðvum Max1 í Reykjavík

Þetta gera bílaumsjónarmenn okkar á Max1:

**Smur-
þjónusta**
Skipta um olíu og síur.

**Hjólbarða-
þjónusta**
Bjóða vandaða hjólbarða frá Pirelli, Nokian og Nexen.

**Dempara-
þjónusta**
Endurnýja dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.

**Rafgeyma-
þjónusta**
Skipta um rafgeyma.

**Bremsu-
þjónusta**
Endurnýja bremsuklossa og diska í flestum gerðum bifreiða.

**Önnur
þjónusta**
Skipta um þurrklöð, perur og setja rúðuvökva á bílinn.

Hæfniskröfur

- Aldurstakmark: 18 ára.
- Gilt bílpróf skilyrði.
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg, þó ekki skilyrði.

Vinnutími

Er frá 8:00-18:00 alla virka daga. Unnið er annan eða þriðja hvern laugardag frá 9:00-13:00 nema í júní, júlí og ágúst.

Sækja um starfið:

Skoðaðu www.max1.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir Ívar Ásgeirsson, þjónustustjóri, í síma 690 1331. Umsóknarfrestur er til 14. september 2007. Hringdu eða komdu. Strax



Max1 Bílavaktin - Reykjavík, Bildshöfða 8, Bildshöfða 5a og Knarrarvogi 2



VIÐ LEITUM AÐ FERSKU STARFSFÓLKI

NTV er öflugur einkaskóli sem stofnaður var árið 1996. NTV býður upp á fjölbreytt nám með aðaláherslu á lengra starfsnám og undibúning nemenda fyrir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Hjá NTV starfar hópur fólks með mikla sérþekkingu á sínu sviði. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta við okkur starfsfólki í eftirtalin störf.

TÖLVUKENNARI

Við leitum að einstaklingi með yfirgrípsmikla tölvuþekkingu. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af hagnýtri tölvunotkun og samskiptahæfni til að miðla þeirri þekkingu. Starfið er bæði lifandi og fjölbreytt.

Viðkomandi þarf að vera fljótur að tileinka sér nýjungar og sýna frumkvæði í starfi. Vinnutíminn er breytilegur.

Starfssvið:

- Kennsla í skráastjórnun og tölvugrunni (Windows)
- Kennsla í notkun á Office pakkanum
- Kennsla í notkun á Photoshop
- Kennsla í viðskiptagreinum (Verslunarreikningur og bókhald)
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Yfirgrípsmikil þekking á ofangreindum starfssviðspáttum er skilyrði
- Háskólamenntun er æskileg
- Reynsla af kennslu er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð

STARFSMAÐUR Í MÓTTÖKU

Við leitum að starfsmanni í 65% starf. Langt jóla-, páska- og sumarfrí. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf sem krefst mikilla skipulagshæfileika.

NTV hefur ætíð haft það orðspor á sér að vera vinalegur og heimilislegur skóli, starfsmaður í móttöku þarf að endurspeglar andrúmlöftið sem í skólanum ríkir, vera sveigjanlegur og jákvæður í viðmóti. Starfið er bæði lifandi og fjölbreytt.

Starfssvið:

- Móttaka, símsvörin og bókanir á námskeið.
- Ýmis almenn skrifstofustörf og tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð

Skriflegar umsóknir óskast fyrir 15. september.

Nánari upplýsingar veitir Jón Vignir (jvk@ntv.is) eða í síma 5444500. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu skólans www.ntv.is



NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



Skólaliði/ stuðningsfulltrúi

„börnin sér leika að skeljum á hól“

Óskum að ráða skólaliða /stuðningsfulltrúa til starfa fyrir skólaárið 2007-2008 (heilsdagsskóla - Fristund, gangavarsla, ræsting og aðstoð með nemendum í námi og leik. 60-100% starf)

Upplýsingar veitir skólalastjóri í sínum 540-4700, 821-5007, netfang er sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Alftanesskóla. Sjá einnig vef Alftanesskóla www.alftanesskoli.is og vef Sveitarfélagsins Álftanes www.alftanes.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skólalastjóri.

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • Síma 587 1286 • Fax 587 1287 • hogmenn@hdfabakka.is • www.hogmenn.is

Löglærður fulltrúi

Lögmenn Höfðabakka leita eftir löglærðum fulltrúa til starfa. Æskilegt er að umsækjendur hafi hdl-réttindi og reynslu af verkefnum tengdum fyrirtækjalögfræði og fjármunarétti, sérstaklega á sviði verðbréfa- og skattaréttar.

Umsóknir skulu berast Lögmönnum Höfðabakka, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, b/t Þórðar Bogasonar, eða á tölvupóstfangið thordur.bogason@justice.is eigi síðar en **föstudaginn 7. september 2007**. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Þórður veitir nánari upplýsingar í síma 587-1286.



Ævintýri í Gullborg á hverjum degi!

Leikskólinn Gullborg óskar eftir að ráða leikskólakennara eða starfsfólk með aðra menntun.

Einnig er laus staða í sérkennslu.

Gullborg er fjögurra deilda leikskóli staðsettur á Rekagrandu 14. Unnið er markvisst með sjálfsmynd barna og einnig lögð áhersla á tónlist og myndlist. Leikskólinn er í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur.

Verið velkomin í heimsókn á Gullborg eða hafið samband við Rannveigu leikskólalastjóra í síma 562-2455 eða 693-9820.

➤ Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Lærum saman í leik



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Spennandi störf hjá Kaupþingi

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til starfa á framsækinn vinnustað.

Þjónusturáðgjafar óskast til starfa í útibú Kaupþings á höfuðborgarsvæðinu

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Almenn upplýsingagjöf og sala á þjónustu bankans
- Útgjaldadreifing og greiðsluþjónusta
- Almenn fjármálaráðgjöf
- Lánaumsóknir og yfirdráttarheimildir
- Greiðslumat
- Ráðgjöf um lífeyrismál og verðbréfavíðskipti

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf og góð reynsla á vinnumarkaði eða próf í viðskiptafræðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum
- Framúrskarandi þjónustulund, samskipta- og söluhæfileikar
- Reynsla af bankastörfum er æskileg

Vinnutími er frá kl. 9.00 - 17.00.

Sölustjóri óskast til starfa í útibú Kaupþings í Hafnarfirði

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Sala á öllum þjónustuþáttum bankans til einstaklinga
- Skipulagning sölumála og miðlun upplýsinga innan útibúsins
- Markmiðasetning í samráði við þjónustustjóra og eftirfylgni til að ná sölumarkmiðum
- Tengsl við sölusvið og markaðssvið í höfuðstöðvum Kaupþings
- Almenn upplýsingagjöf og fjármálaráðgjöf til einstaklinga
- Ýmis önnur verkefni í samráði við útibússtjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða víðtæk reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af bankastörfum er æskileg
- Áhugi og þekking á sölu- og markaðsmálum og vilji og hæfni til að selja
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni

Vinnutími er frá kl. 9.00 - 17.00.

Nánari upplýsingar um störf veitir Anna Rut Þráinsdóttir í síma 444 6381, netfang anna.thrainsdottir@kaupthing.com

Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans www.kaupthing.is og sendi ferilskrár sínar með umsóknum. Umsóknarfrestur er til og með 11. september.



KAUPÞING

Hugsum lengra



Byggir til framtíðar

HBH framkvæmdir ehf. óska eftir:

Trésmiðum

Starfssvið

- Almenn trésmiðastörf, jafnt úti sem inni
- Mótauppsláttur
- Vinna á trésmiðaverkstæði
- Fjölbreytt verkefni á höfuðborgarsvæðinu og erlendis
- Spennandi starf fyrir rétta aðila

Hæfniskröfur

- Menntun í trésmiði er æskileg
- Vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná langt í starfi

HBH framkvæmdir ehf. er öflugt 80 manna fyrirtæki í örum vexti. Við sjáum jafnt um hverskonar framkvæmdir á sviði hönnunar, skipulagsvinnu, endurbyggingar og nýbyggingar.

Fyrirtækið sinnir framkvæmdum jafnt hér á landi og erlendis og leitar nú að vönum trésmiðum til að sinna fjölbreyttum verkefnum m.a. á fullkomnu trésmiðaverkstæði okkar.

Umsóknir óskast fyrir 7. sept. nk.

Upplýsingar eru veittar í gegnum nefangið: karlomar@hbh.is eða á skrifstofu HBH í síma: 553 3322.

Einnig má fylla út umsókn á www.hbh.is

HBH framkvæmdir ehf.
Sími: 553 3322
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík

Aðstoð á tannlæknastofu

Aðstoð vantar sem fyrst á tannlæknastofu í miðbæ Reykjavíkur.

Áhugasamir sendi á box@frett.is merkt Tannlæknastofa-311



Starfsmaður í bókhald

Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmann í bókhaldsdeild fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking á Navision bókhaldskerfi eða öðru svipuðu kerfi.
- Almenn viðtæk tölvuþekking.
- Nákvæm og markviss vinnubrögð.

Við leitum að starfsmanni sem er lipur og þægilegur í samskiptum og býr yfir góðri kunnáttu í íslensku og ensku.

Umsóknir sendist til Kynnisferða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi, eða til sigrídur@re.is. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær allar sem trúnaðarmál.

ERTU Á LAUSU?

Vélaborg leitar eftir framtaksömum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingum til framtíðarstarfa í vaxandi fyrirtæki á spennandi markaði. Verkefnastaða fyrirtækisins hefur aldrei verið betri þannig að okkur vantar nú þegar fólk til að takast á við ýmiskonar verkefni. Okkur vantar:

STARFSMANN Í ALMENN SKRIFSTOFUSTÖRF

Í starfinu felst m.a. innheimta, bréfaskriftir, aðstoð við fjármálastjóra og ýmis önnur skjalavinnsla. Reynsla af skrifstofustörfum skilyrði, starfsmaður þarf að geta unnið sjálfstætt og geta hafið störf sem fyrst. Reynsla í notkun Axapta kostur en ekki skilyrði. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi góða tölvukunnáttu.

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: anna@velaborg.is fyrir 7.sept.

SÖLUMANN VARAHLUTA Á VÖRUSVIÐI

Leitum eftir vönum einstaklingi í sölu á varahlutum. Þekking á vinnuvélum nauðsynleg. Reynsla í viðgerðum á vinnuvélum kostur. Enskukunnátta nauðsynleg sem og almenn tölvukunnátta. Einnig góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska.

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: haraldur@velaborg.is fyrir 7.sept.

UMSJÓN VERSLUNAR Í REYKJAVÍK

Helstu verkefni eru móttaka viðskiptavina, afgreiðsla, vöru- og verðmerkingar og umsjón verslunar. Almenn tölvukunnátta nauðsynleg sem og góðir skipulags- og samskiptahæfileikar. **VIÐ HVETJUM JAFNT KONUR SEM KARLA TIL AÐ SÆKJA UM.**

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: haraldur@velaborg.is fyrir 7.sept.

VÉLVIRKJA, RAFVIRKJA, BIFVÉLAVIRKJA

Óskum eftir dugmiklum og vönum viðgerðarmönnum til starfa á tæknisviði. Æskilegt er að starfsmennirnir hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Enskukunnátta og tölvuþekking kostur.

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: gunnarm@velaborg.is fyrir 7.sept.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á sjötta tug manna, þar af 9 á vörusviði, 12 á sölusviði, 22 á tæknisviði og 10 á skrifstofu.

Vélaborg er með mörg mjög þekkt umboð og má þar helst nefna Case vinnuvélar, Bobcat vinnuvélar, Jungheinrich lyftara, Kalmar lyftara, Daf vöru- og flutningabíla, John Deere dráttarvélar, John Deere smávélar, Lely mjaltapjóna og Lely landbúnaðarvélar.

Vélaborg ehf.

KÓPAVOGSBÆR



LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!
Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga

Arnarsmári: 564 5380

- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús 75%

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600

- Leikskólakennarar
- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi

Efstihjalli: 554 6150

- Leikskólakennarar
- Leiksk.sérk/leikskólak/proskapj.

Fífusalir: 570 4200

- Starfsmaður í sérkennslu
- Deildarstjóri á eldri deild

Grænatún: 554 6580

- Sérkennslustjóri

Kópahvoll: 554 0120

- Leikskólakennari 100%
- Kópasteinn: 564 1565
- Leikskólak/leiðb. 100% og hlutast. e. hád.

Marbakkí: 564 1112

- Leikskólakennari
- Leiksk.kenn/leiðbeinandi hlutast. e. hád.

Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu
- Matráður

Rjúpnahæð: 570 4240

- Leikskólakennarar
- Smárahvammur: 564 4300

- Leikskólakennarar
- Sérkennsla – starfsmaður í stuðning

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu/proskapjálfi

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is
og www.job.is



Matreiðslumaður óskast

La Primavera óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa sem fyrst. Við leitum að ábyrgum einstaklingi með lifandi áhuga á ítalskri matargerð.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 898 1046.



TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Verslunarstjóri

Óskum eftir að ráða verslunarstjóra og starfsfólk í almenna afgreiðslu, fullt og hlutastarf.

Áhugasamir sendið fyrirspurn á tiger.sandra@simnet.is

Starf í TÆKNIDEILD

Smith & Norland vill ráða fagmann á rafmagnssviði til starfa í tæknideild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér samskipti við nokkra stóra erlenda birgja fyrirtækisins, tilboðagerð, dagleg tengsl við rafverktaka og aðra viðskiptavini, markaðsmál af ýmsu tagi og fleiri tengd störf.

Við leitum að **rafmagnsverkfræðingi, rafmagnstæknifræðingi eða rafionfræðingi/rafvirkja með góða tækniþekkingu**. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á sölu- og markaðsstörfum. Hann þarf að hafa góða samskiptahæfileika og eiga auðvelt með að vinna í hópi. Umsækjandi verður að hafa gott vald á ensku. Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði, þar sem samhentur hópur úrvalstarfsmanna sér um að halda því í fararbroddi.

Peir sem áhuga hafa á þessu starfi eru vinsamlega beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir **þriðjudaginn 11. september**.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Auglýsingasími

512 50 50



Taktu þátt í mótun framtíðar



Viltu vinna í alþjóðlegu umhverfi?

Leitum að verk- eða tæknifræðingum á véla- eða iðnaðarsviði

VGK-Hönnun er alhliða verkfræðistofa og þekkingarfyrirtæki með yfir 300 starfsmenn á 8 starfsstöðum á Íslandi. Fyrirtækið var stofnað 1963 og er stærsta verkfræðistofa landsins. Fyrirtækið er þátttakandi í verkefnum á alþjóðavettvangi.

VGK-Hönnun leitar að verk- eða tæknifræðingum á véla- eða iðnaðarsviði til að vinna með öflugum starfshópi fyrirtækisins í verkefnum héraendis og erlendis.

Meðal verkefna má nefna:

Hönnun tengd nýtingu jarðhita
Hönnun og ráðgjöf í margskonar iðnaði

Við bjóðum upp á:

Alþjóðlegt vinnuumhverfi
Krefjandi verkefni
Góðan starfsanda

Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólapróf á sviði verk- eða tæknifræði
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Upplýsingar:

Nánari upplýsingar veitir Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu VGK-Hönnunar, www.vgkhonnun.is.



VGK-Hönnun Reykjavík
Grensásvegur 1
105 Reykjavík
Sími: 422 3000

VGK-Hönnun Reykjavík
Laugavegi 178
108 Reykjavík
Sími: 422 3000

VGK-Hönnun Akranesi
Garðabraut 2A
300 Akranesi
Sími: 430 4050

VGK-Hönnun Akureyri
Strandgötu 29
600 Akureyri
Sími: 464 7500

VGK-Hönnun Egilsstöðum
Miðvangi 2-4
700 Egilsstöðum
Sími: 470 4050

VGK-Hönnun Reyðarfirði
Hafnargötu 2
730 Reyðarfirði
Sími: 470 4000



VGK-Hönnun
Kirkjubæjarklaustri
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustri
Sími: 487 4840

VGK-Hönnun Selfossi
Eyrarvegi 29
800 Selfossi
Sími: 480 4200



PÓSTURINN
allur pakkinn

Móttaka og afgreiðsla – framtíðarstörf

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa í fullt starf á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem getur hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580-1128.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29
110 Reykjavík
Merkt: Afgreiðslustarf.

Starfsúmsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is



JÁVERK

Starfsmannastjóri

Vegna sífellt fleiri verkefna og fjölgunar starfsmanna óskum við eftir að ráða starfsmannastjóra til að vinna með okkur að krefjandi verkefnum hjá ört vaxandi og skemmtilegu fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að starfsmannastjóri hafi starfsstöð á skrifstofu okkar í Reykjavík.

Menntun og hæfniskröfur:

Háskólamenntun, framhaldsnám í mannauðsstjórnun æskilegt.
3–5 ára reynsla af starfi á starfsmannasviði.
Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.

Umsóknir sendist til javerk@javerk.is fyrir 10. september merktar „Starfsmannastjóri 10.09.2007“
Nánari upplýsingar veitir Gylfi í síma 860 1707.

Lagerstjóri

Óskum eftir að ráða öflugan starfsmann til starfa á stórum vinnustöðum fyrirtækisins. Starfið er fólgið í innkaupum á rekstrarvörum og utnumhaldi um lager og verkfæri fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

Þekking á verkfærum og vörum í byggingariðnaði.
Nákvæmni og samviskusemi.
Ákveðni, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.

Umsóknir sendist til javerk@javerk.is fyrir 7. september merktar „Starfsmannastjóri 10.09.2007“
Nánari upplýsingar veitir Gylfi í síma 860 1707.

JÁVERK ehf er 15 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru nú liðlega 150 og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Áætluð veita ársins 2007 er 4,5 milljarðar. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701
www.javerk.is



Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Rafvirkjar

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa á Þjónustudeild í Reykjavík. Um fjölbreytt starf er að ræða við nýlagnir, uppsetningu á tækjabúnaði tengdum eldsneytisafgreiðslu, viðhaldi búnaðar og almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt landið, og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliodreifing.is

FÉLAGSÞJÓNUSTA SELTJARNARNESS

Heimþjónusta

Við viljum ráða starfsfólk í þjónustu á heimili aldraðra hér á Seltjarnarnesi. Starfsfólk í heimþjónustu annast þrif á heimilum og veitir ýmsa aðra þjónustu svo sem félagslegan stuðning. Vinnutími er frá 9 – 16 virka daga. Einnig kemur til greina að ráða fólk í hlutastörf með sveigjanlegan vinnutíma. Áhugasamt fólk er hvatt til að kynna sér kjör og vinnuáðstæður. Nánari upplýsingar veitir Þóra Einarasdóttir eða Snorri Aðalsteinsson í sínum 5959130, 8972079 og 8478180.

SELTJARNARNESBÆR



Radisson SAS 1919 Hótel býður alla hefðbundna hótél þjónustu og að auki öðruvísi upplifun. Á Radisson SAS 1919 hótél eru 88 mjög glæsilega hönnuð herbergi sem eru allt frá venjulegum eins manns herbergjum upp í glæsilegar svítur. Fyrir fólk í viðskiptaerindum er fundaraðstaða fyrir allt að 18 manns. Á hótelinu er nútímalegur veitingastaður og bar. Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

Ef þig langar að taka þátt í að uppfylla væntingar gesta okkar, þá ertu velkomin/n í hópinn.

Eftirfarandi störf eru í boði:

- **Starfsmaður í gestamóttöku 50 % starf**
Receptionist for part time position (50 %)
- **Matreiðslumaður í fullt starf**
Chef for full time position.
- **Matreiðslunemi í fullt starf**
Kitchen trainee for full time position
- **Þjónar og Barþjónar í fullt starf og hlutastarf**
Waiters and Bartenders for full / part time positions

Sendu skal inn umsóknir og ferilskrár á íslensku eða ensku fyrir 10.09. 2007.

Tölvupóst: sigrundur.valdimarsdottir@radissonsas.com
Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík
1919.reykjavik.radissonsas.com

Vilt þú leita að fólki?



Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar að áhugasömu fólki á öllum aldri, til starfa í björgunarsveitum félagsins. Hér er um að ræða fjölbreytt störf þar sem reynir á margs konar hæfileika. Viðfangsefnin eru af ýmsum toga, í senn krefjandi og þroskandi, og veita fólki þar að auki reynslu sem nýtist vel í daglegu lífi.

Helstu verkefni

- Björgun mannlífa og verðmæta við margvíslegar aðstæður
- Leitir að týndu fólki hvenær sem er sólarhringsins, alla daga ársins
- Fjölbreytt þjálfun, m.a. í skyndihjálpi og fjallamennsku

Hæfniskröfur

- Áhugi á björgunarstörfum
- Fórnúsir einstaklingar sem tilbúnir eru í útkall nótt sem dag
Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kemur fram í spjallþætti **Opruh Winfrey** á næstunni til að kynna bók sína Giving sem fjallar um góðgerðarmál. Winfrey tók einnig viðtal við Clinton þegar

hann gaf út sjálfsævisögu sína My Life fyrir þremur árum. Clinton mun kynna bókina í fleiri spjallþáttum á næstu dögum, þar á meðal hjá Larry King, David Letterman og Jay Leno.



Kvikmyndin Pirates of the Caribbean: At World's End var sigurvegari kvöldins á hinum árlegu Teen Choice-verðlaunum í Bandaríkjunum. Myndin hlaut fern stór verðlaun og fengu leikararnir **Johnny Depp**, Keira Knightley og Bill Nighy sína rósina hvert í hnappagatið. Söngvarinn Justin Timberlake hlaut þrenn verðlaun, ein fyrir að vera besti karlkyns tónlistarmaðurinn.



Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrymi
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ Flottur
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Öruuggur

- ✓ Hagstæður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Góð þjónusta



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánsflutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendra myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin

> Aston Villa hefur áhuga á Grétari

Aston Villa sýndi íslenska landsliðsmanninum Grétari Rafni Steinssyni áhuga á dögnum. Þetta staðfesti Grétar í samtali við Fréttablaðið í gær. Áhugi Villa breytir fyrirlætlunum Grétars Rafns í engu en hann ákvað í síðustu viku að vera áfram hjá AZ Alkmaar. Aston Villa er þriðja enska úrvalsdeildarfélagið sem sýnir Grétari Rafni áhuga en áður höfðu Middlesbrough og Newcastle verið orðuð við Grétar.

sport sport@

GYLFI EINARSSON Í LEIT AÐ FÉLAGI: LEYSTUR UNÐAN SAMNINGI HJÁ LEEDS UNITED

Dauðfeginn að vera laus frá félaginu

Gylfi Einarsson var leystur undan samningi við Leeds United á föstudagskvöldið og er því í leit að félagi þessa dagana. Þar með lauk skrautlegum tíma í lífi Gylfa, sem kom til félagsins árið 2004 frá Lillestrøm. Gylfi byrjaði feril sinn hjá Leeds vel og skoraði strax í sínum öðrum leik með liðinu. Það var á endanum hans eina mark fyrir þetta fornfræga félag.

Það gekk ágætlega hjá Gylfa fyrsta árið en síðan seig á ógæfuhliðina, Gylfi meiddist og hann er búinn að vera meira og minna meiddur síðustu mánuði. Hann spilaði þar af leiðandi ekki nema 25 leiki fyrir félagið á sínum tíma þar. Gylfi var ekki inni í framtíðaráætlunum stjórans Dennis Wise og þar af leiðandi fékk hann sig lausan frá félaginu.

„Ef ég á að segja eins og er þá er ég dauðfeginn að vera laus. Þetta er búíð að vera erfiður tími og þar sem Wise ætlaði ekki að nota mig var fínt að losna,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið í gær en hann hefur náð sér góðum af meiðslunum og er klár í slaginn.

„Nú vantar mig bara búning svo ég geti farið að spila. Ég

þarf sárlega á því að halda að komast að þar sem ég fæ að spila. Ég er með nokkur járn í eldinum sem ég get ekkert tjáð mig um að svo stöddu en get þó sagt að ég er ekki að koma heim, það er alveg klárt mál,“ sagði Gylfi en hann vonast til að fá lendingu í sínum málum snemma í næstu viku.

Leeds byrjaði tímabilið með 15 stig í mínus en hefur farið vel af stað og er búíð að vinna alla leiki sína í deildinni. Gylfi hefur trú á því að liðið geti farið upp.

„Leeds hefur alveg mannskapinn í það. Wise er búinn að hreinsa alveg út og þetta er bara nýtt lið hjá honum. Það hefur gengið mjög vel hjá þeim og ég sé þá alveg fara upp. Ég vona það því Leeds er allt of stórt félag til þess að leika í kjallaranum,“ sagði Gylfi en Leeds leikur í ensku C-deildinni.



ÚRSLIT

1. deildin:

Próttur-Grindavík 3-1
0-1 Paul McShane, víti (63.), 1-1 Magnús Már Lúdvíksson (77.), 2-1 Adolf Sveinsson (90.), 3-1 Adolf Sveinsson (90.+4).

STADAN:

1. Próttur	18	14	1	3	39:17	43
2. Grindavík	18	13	2	3	35:16	41
3. Fjölnir	18	12	3	3	51:19	39
4. ÍBV	18	9	5	4	31:17	32
5. Fjarðabyggð	18	9	3	6	20:13	30
6. Þór	18	5	4	9	28:34	19
7. Leiknir R.	18	4	6	8	18:24	18
8. Stjarnan	18	4	4	10	34:39	16
9. Njarðvík	18	3	7	8	17:26	16
10. Víkingur Ó.	18	4	4	10	20:31	16
11. Reynir S.	18	3	6	9	21:49	15
12. KA	18	4	3	11	11:40	15



KATRÍN ÓMARSDÓTTIR Spilar ekki meira í sumar.

Áfall fyrir KR:

Katrín úr leik

FÓTBOLTI Kvinnalið KR varð fyrir miklu áfalli á föstudag þegar landsliðskonan Katrín Ómarsdóttir öklabrotnaði. Frá þessu er greint á fótbolti.net.

Katrín spilar því ekki meira í sumar en þetta er mikil blóðtaka fyrir KR. -hbg

Adolf skaut Þrótturum á toppinn

Varamaðurinn Adolf Sveinsson tryggði Þrótti 3-1 sigur á Grindavík í toppslag efstu liðanna í 1. deild. Þróttur er þar með kominn á topp deildarinnar. Þetta var níundi sigurleikur liðsins í röð í deildinni.

FÓTBOLTI Adolf Sveinsson sá til þess að Þróttur komst á topp 1. deildarinnar þegar hann skoraði tvö mörk fyrir Þróttara undir lok stórleiks Þróttar og Grindavíkur á Valbjarnarvelli. Þróttur er með tveggja stiga forskot á toppi deildarinnar og komið með annan fótinn upp í úrvalsdeild.

„Þetta er nákvæmlega það sem ég átti að gera. Þetta var alveg hrikalega ljúft og ekki verra að vera kominn á toppinn,“ sagði kampakátur Adolf Sveinsson við Fréttablaðið eftir leikinn en fyrra mark hans kom á 90. mínútu leiksins en síðara þegar tæpar fjórar mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. „Mér fannst við vera betra liðið í leiknum og vildum kannski sigurinn meira. Við vildum heldur ekki láta stöðva þessa sigurhrinu okkar.“

Aðstæður voru ekkert til að hrópa húrra fyrir í gær, völlumurinn var blautur og þungur og það hellirigndi nánast allan leikinn. Leikurinn var ákaflega tíðindalíftill framan af. Grindvíkingar voru mun sterkari, spiluðu vel upp völlum en gekk ákaflega illa að brjóta niður sterka vörn heimamanna. Þróttararnir sköpuðu heldur ekki neitt enda var sóknarleikurinn í molum hjá þeim en það var helst Magnús Lúdvíksson sem



HARKA Það var hraustlega tekist á og ekkert gefið eftir. Þróttarinn Magnús Lúdvíksson tæklar hér Scott Ramsay hressilega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ógnaði með ágætum rispum.

Markahæsti leikmaður deildarinnar, Hjörtur Hjartarson, sást

ekki allan leikinn enda var hann í strangri gæslu hjá þeim Óla Stefáni og Eysteini Húna. henry@frettabladid.is

Ferðir á heimaleiki Liverpool

Úrval Útsýn býður upp á ferðir á flesta heimaleiki Liverpool í vetur. Miðarnir okkar eru tengdir sérstakri dagskrá á leikdegi þar sem farþegar eru sóttir á hótelið 4 tímum fyrir leik og haldið er úti dagskrá, þar sem veittur er matur og drykkir auk þess sem fyrrum leikmenn Liverpool koma í heimsókn, (sem stendur þangað til 2 klst eftir leik.) Gist er á Radison SAS hótelinu í Liverpool sem er frábært 4 stjörnu hótél. Fluglið er beint áætlunarflug á Manchester með Icelandair

Leikirnir í boði í vetur eru

21.- 24. september	Liverpool v Birmingham	87.500 kr.
5.- 8. október	Uppsett Liverpool v Tottenham	98.500 kr.
26.- 29. október	Uppsett Liverpool v Arsenal	110.000 kr.
9.- 12. nóvember	Liverpool v Fulham	87.500 kr.
30. nóv. - 3. des.	Liverpool v Bolton	98.500 kr.
14.-17. desember	Liverpool v Man.Utd	110.000 kr.
18.- 21. janúar	Liverpool v A.Villa	87.500 kr.
1.- 4. febrúar	Liverpool v Sunderland	98.500 kr.
14.- 17. mars	Liverpool v Reading	98.500 kr.
28.- 31. mars	Uppsett Liverpool v Everton	110.000 kr.
11.- 14. apríl	Liverpool v Blackburn	98.500 kr.
2.- 5. maí	Liverpool v Man.City	110.000 kr.

Verðin miðast við

flug, skatta, gistingu í 3 nætur í tveggja manna herbergi og miðann með öllu sem hann innifelur.

Nánari upplýsingar á www.uu.is eða í síma 585-4000



Íslenska kvennalandsliðið tapaði með 21 stigi fyrir Hollandi:

A-deildin úr sögunni hjá stelpunum

KÓRFUBOLTI Íslenska kvennalandsliðið á ekki lengur möguleika á að vinna riðilinn sinn í B-deild Evrópukeppninnar eftir 52-73 tap á móti Hollandi á Ásvöllum í gær en sigurvegurinn í riðlinum fer í umspil um sæti meðal A-þjóða. Íslenska liðið byrjaði leikinn illa og lenti strax 4-18 undir og eftir það var á brattann að sækja. Holland var 16 stigum yfir í hálfleik, 20-36, en munurinn var kominn niður í 13 stig, 36-49, fyrir lokaleikhlutann.

Hollenska liðið er á leiðinni upp í A-deild ef marka má leikinn í gær en liðið hefur unnið alla fjóra leiki sína til þessa. Þjálfarinn Meindert van Veen er samt ekki ánægður með frammistöðu sinna stelpna þrátt fyrir öruggan sigur. „Við þurfum að spila miklu betur ef við ætlum að komast upp í A-deildina. Við náðum góðu forskoti í byrjun og síðan var erfið fyrir mitt lið að halda einbeitingunni. Ég er mjög ósáttur með hvernig mitt lið leysti svæðisvörnina. Íslenska liðið var betra í fyrria, liðið er yngra og reynsluminna og það lítur út fyrir að það sé verið að byggja upp nýtt lið,“ sagði van Veen eftir leikinn.

Íslenska liðið keppir nú um annað sætið við Norðmenn og Íra en til þess að það komi í hús þarf liðið að vinna bæði lið á útivelli næstu tvær helgar.

„Þetta var allt of stórt tap. Við vorum bara svo lengi í gang, skotin



STIGAHÆST Helena Sverrisdóttir skoraði tólf stig fyrir íslenska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

duttu ekki og þær tóku of mörg sóknarfráköst. Ég fer samt ekkert ofan af því að við erum ekki með lélegra lið því það er svo margt hjá okkur sem þarf að slá. Sóknin gengur ekki nægilega vel og það er aðallega vegna þess að við erum ekki að spila æfingaleiki. Við erum ekki komnar eins langt í ferlinum eins og þær,“ sagði Guðjón Skúla-son landsliðsþjálfari. „Ég er ánægður með baráttuna en ég er ekki ánægður með varnarfráköstin. Sóknin getur líka verið miklu betri,“ sagði Guðjón en hvernig lítur hann á tvo síðustu leikina? „Við ætlum að vinna tvo

síðustu leikina. Stelpurnar voru flengdar af Noregi hérna heima og við ætlum að fara í þann leik og taka með okkur þá reynslu og vonandi náum við að nýta þessa viku vel,“ sagði Guðjón að lokum.

Stig Íslands: Helena Sverrisdóttir 12 (4 stoðs.), Hildur Sigurðardóttir 11 (9 þeirra í seinni hálfleik), Signý Hermannsdóttir 9 (8 fráköst, 4 stolnir), Svava Ósk Stefánsdóttir 6 (3 stoðs.), Bryndís Guðmundsdóttir 5, Pálína Gunnlaugsdóttir 4 (öll stig Íslands á fyrstu 8 mínútunum), Petrunella Skúladóttir 3, Margrét Kara Sturludóttir 2 (6 fráköst á 13 mín.). - 66j

Undanúrslitaleikur FH og Breiðabliks í VISA-bikar karla fer fram klukkan 16.00 á Laugardalsvelli í dag:

Þrjú töp hjá FH í Dalnum á síðustu fjórum árum

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH-inga, sem eru með sex stiga forskot á toppi Landsbankadeildar karla, eru enn á ný mættir í bikarleik á Laugardalsvelli þar sem þeir hafa dottið út úr bikarnum þrisvar sinnum á síðustu fjórum árum. FH mætir Breiðabliki í fyrri undanúrslitaleik VISA-bikars karla og hefst leikurinn klukkan 16.00.

FH-ingar hafa þegar unnið einn bikarleik í Laugardalnum í sumar þegar þeir slógu Valsmenn út úr átta liða úrslitunum með marki Ásgeirs Gunnars Ásgeirssonar í uppþórtíma. Þeir töpuðu hinsvegar bikarleikjum í Laugardal-

num 2005 (undanúrslit gegn Fram, 6-7 í vítakeppni), 2004 (undanúrslit gegn KA, 0-1) og 2003 (úrslitaleikur gegn IA, 0-1).

FH hefur unnið Íslandsmeistararitilinn þrjú ár í röð en FH hefur aldrei unnið bikarinn þrátt fyrir að eiga að baki þrjú bikarúrslitaleiki. FH tapaði bikarúrslitaleiknum 1972 fyrir ÍBV 0-2, 1991 töpuðu þeir 0-1 í aukaleik á móti val eftir 1-1 jafntefli í fyrri leiknum og 2003 töpuðu þeir 0-1 fyrir IA. FH spilar í dag sinn tólfta undanúrslitaleik í bikarkeppninni en Hafnfirðingar hafa tapað 8 af 11 leikjum þar af fjórum þeirra á síðustu sjö árum.



BARÁTTA Arnór Aðalsteinsson Bliki og FH-ingurinn Matthías Guðmundsson verða í eldlínunni í dag.

Breiðablik á allt annað en góðar minningar úr undanúrslitum bikarsins því eftir eina sigurinn fyrir 36 árum (1971 gegn Fram, 1-0) þá

hafa Blikar tapað sex undanúrslitaleikjum í röð síðast 0-3 gegn KR árið 1999.

- 66j

SÍÐUSTU ÁR HJÁ FH-INGUM Í BIKARNUM

2007	Undanúrslit
Mæta Breiðabliki á Laugardalsvelli	
2006	16 liða úrslit
1-2 fyrir Víkingi í Kaplakrika	
2005	Undanúrslit
Tap fyrir Fram í vítakeppni á Laugardalsvelli	
2004	Undanúrslit
0-1 tap fyrir KA á Laugardalsvelli	
2003	Úrslitaleikur
0-1 tap fyrir IA á Laugardalsvelli	
2002	16 liða úrslit
1-4 tap fyrir Fylki í Árbænum	
2001	Undanúrslit
0-3 tap fyrir KA í Kaplakrika	



MEISTARAR Íslandsmeistarar Vals mæta með laskað lið í Meistarakeppnina í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meistarakeppni HSÍ:

Stjarnan kveður Ásgarð

HANDBOLTI Meistarakeppni HSÍ fer fram í kvöld og báðir leikir verða spilaðir í Ásgarði í Garðabæ.

Konurnar ríða á vaðið klukkan 18 þegar Stjarnan og Haukar mætast en klukkan 20 mætast Stjarnan og Valur í karlaflokk.

Miðaverð á báða leikina er 500 krónur en ágóði leikjanna mun renna til liðanna sem taka þátt í Evrópukeppninni í vetur.

Þetta verða síðustu leikir Stjórnunnar í Ásgarði því liðið mun flytja yfir í Mýrina eftir þessa leiki.

- hbg



ARSENAL Fór alla leið í úrslit í fyrra.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enski bikarinn:

Arsenal mætir Newcastle

FÓTBOLTI Dregið var í þriðju umferð ensku bikarkeppninnar í gær og þar bar hæst að Arsenal tekur á móti Newcastle.

Man. Utd mætir Coventry og Chelsea heimsækir Hull. Leikirnir fara fram 24. september.

DRÁTTURINN:

Blackburn - Birmingham
Reading - Liverpool
Manchester United - Coventry
Tottenham - Middlesbrough
Hull - Chelsea
Blackpool - Southend
West Ham - Plymouth
Arsenal - Newcastle
Luton - Charlton
Manchester City - Norwich
Sheffield United - Morecambe
Sheffield Wednesday - Everton
Fulham - Bolton
Burnley - Portsmouth
Aston Villa - N. Forest eða Leicester
West Brom - Cardiff

VISA BIKARINN 2007

Í dag – Undanúrslit karla

FH - Breiðablik



LAUGARDALSVÖLLUR

Í dag kl. 16:00

ALLIR Á VÖLLINN!



Forsala aðgöngumiða er á www.midi.is

Almennt verð fyrir 17 ára og eldri er 1.500 kr.

Ef greitt er með VISA kreditkorti er miðinn á 1.200 kr.

Verð fyrir 11-16 ára er 300 kr. og frítt fyrir 10 ára og yngri

Munið leikinn á morgun mánudag, Fylkir - Fjölnir, kl. 20:00

VISA styður íslenska boltann www.visa.is

VISA



HÆNAN OG EGGIÐ Roy Keane kom í fyrsta skipti á Old Trafford í gær sem knattspyrnustjóri. Hann var sendur tómhentur heim en drakk eflaust smá viskítar með Ferguson eftir leikinn.

NORDIC PHOTOS/AFP

Eftirminnilegur dagur á Old Trafford:

Saha kom til bjargar

FÓTBOLTI Manchester United lagði Sunderland, 1-0, með marki frá Louis Saha, sem var að spila sinn fyrsta leik eftir meiðslu. Dagurinn var tilfinningaþrunginn fyrir stuðningsmenn Manchester United en Ole Gunnar Solskjær, sem neyddist til að leggja skóna á hilluna í vikunni vegna meiðsla, var heiðraður fyrir leik.

Svo var Roy Keane að snúa aftur á Old Trafford og nú sem knattspyrnustjóri. Keane fékk stórkostlegar móttökur á Old Trafford en 75 þúsund áhorfendur stóðu upp fyrir honum og sungu nafn hans heillengi.

„Móttökurnar voru ótrúlegar.

Stuðningsmenn United hafa alltaf verið góðir við mig en það er lítil sárabót eftir þetta tap,“ sagði Keane. „Ég var ánægður með framlag minna leikmanna en ég hefði viljað sjá okkur þjarna meira að marki United.“

Louis Saha kom af bekknum í leikhléi fyrir Anderson en Saha hefur verið mikið frá vegna meiðsla. Hann var fljótur að minna á sig og bjargaði stignum þremur fyrir United með marki 19 mínútum fyrir leikslok.

„Við erum búnir að sakna hans og það er frábært að vera búið að endurheimta hann,“ sagði Ferguson, stjóri United.

- hbg



GOÐSÖGN KVÖDD Leikmenn stóðu heiðursvörð þegar Ole Gunnar Solskjær var kvaddur.

NORDIC PHOTOS/AFP

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

BOLTON WANDERERS - EVERTON	1-2
0-1 Yakubu Aiyegbeni (11.), 1-1 Nicolas Anelka (55.), 1-2 Joleon Lescott (90.).	
FULHAM - TOTTENHAM HOTSPUR	3-3
0-1 Younes Kaboul (11.), 0-2 Dimitar Berbatov (28.), 1-2 Clint Dempsey (42.), 1-3 Gareth Bale (61.), 2-3 Alexei Smertin (77.), 3-3 Diomansy Kamara (90.).	
LIVERPOOL - DERBY COUNTY	6-0
1-0 Xabi Alonso (26.), 2-0 Ryan Babel (46.), 3-0 Fernando Torres (56.), 4-0 Xabi Alonso (69.), 5-0 Andriy Voronin (76.), 6-0 Fernando Torres (77.).	
MANCHESTER UNITED - SUNDERLAND	1-0
1-0 Louis Saha (71.).	
MIDDLESBROUGH - BIRMINGHAM CITY	2-0
1-0 David Wheater (12.), 2-0 Stewart Downing (36.).	
NEWCASTLE UNITED - WIGAN ATHLETIC	1-0
1-0 Michael Owen (87.).	
READING - WEST HAM UNITED	0-3
0-1 Craig Bellamy (7.), 0-2 Matthew Etherington (49.), 0-3 Matthew Etherington (94.).	

STADAN:

Liverpool	4	3	1	0	11-2	10
Everton	5	3	1	1	8-5	10
Chelsea	4	3	1	0	7-4	10
Man. City	4	3	0	1	4-1	9
Newcastle	4	2	2	0	6-3	8
Man. United	5	2	2	1	3-2	8
Wigan Athletic	5	2	1	2	6-4	7
West Ham	4	2	1	1	5-3	7
Arsenal	3	2	1	0	4-2	7
Middlesbrough	5	2	1	2	7-6	7
Portsmouth	4	1	2	1	6-5	5
Blackburn	3	1	2	0	4-3	5
Tottenham	5	1	1	3	8-8	4
Aston Villa	3	1	1	1	3-3	4
Fulham	5	1	1	3	8-10	4
Birmingham	5	1	1	3	6-9	4
Sunderland	5	1	1	3	3-8	4
Reading	5	1	1	3	2-8	4
Bolton	5	1	0	4	7-10	3
Derby County	5	0	1	4	3-15	1

Þýski handboltinn:

Flensburg-Wilhelmshaven	35-25
Minden-Gummersbach	23-24
Grosswallstadt-Kiel	26-40
Rhein Neckar Löwen-Balingen	33-28
Melsungen-Hamburg	29-39
Göppingen-Fuchse Berlin	22-20

Ítalski boltinn:

Empoli-Inter	0-2
0-1 Zlatan Ibrahimovic (14.), 0-2 Zlatan Ibrahimovic (83.).	

Á toppinn í fyrsta sinn í fimm ár

Liverpool skaust á topp ensku úrvalsdeildarinnar í gær þegar liðið slátraði Derby á Anfield, 6-0. Michael Owen tryggði Newcastle góðan sigur á Wigan en hrakfarir Tottenham héldu áfram. West Ham er að hressast og Eggert Magnússon fagnaði hreint ógurlega þegar liðið skellti Reading, 3-0.

FÓTBOLTI Liverpool byrjar leiktíðina í Englandi með miklum látum og er heitasta liðið á Bretlandseyjum um þessar mundir. Strákarnir hans Benítez voru sjóðheitir í gær þegar Derby kom í heimsókn, lokatölur 6-0, en þetta er stærsti sigur liðsins á Anfield síðan 1999. Nýju leikmennirnir voru áberandi og komust þrír þeirra á blað.

Liverpool er þar með komið á topp ensku úrvalsdeildarinnar í fyrsta skipti í fimm ár en Chelsea gæti velt liðinu af stalli í dag með sigri á Aston Villa.

„Við spilum mjög vel í fyrri hálfleik, fundum svæði, spilum boltanum vel og það var frábær hreyfing á boltalausum mönnum. Ég er ánægður með öll mörkin en markið hans Babels var líklega flottast. Það er gaman að sjá Torres halda áfram að skora. Voronin var fljótur að aðlagast leikkerfinu. Ég hefði viljað sjá Kuyt skora



KOMINN AFTUR Michael Owen er byrjaður að skora á ný.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



SJÓÐHEITIR Leikmenn Liverpool fara á kostum þessa dagana og þeir settu sex bolta í netið hjá Derby í gær. Hér fagna leikmenn Liverpool glæsilegu marki Ryans Babel.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

því hann lagði svo mikið á sig og átti það skilið,“ sagði glaðbeittur stjóri Liverpool, Rafa Benítez.

Raunir Tottenham eru ekki á enda en liðið tapaði 3-1 forystu gegn Fulham niður í jafntefli. Martin Jol, stjóri Spurs, var brjálður út í varnarmenn sína eftir leikinn.

„Það gengur ekki að fá á sig mörk eins og við gerðum, til að mynda úr innkasti. Við verðum að draga úr þessum mistökum því þau gera okkur erfitt fyrir að vinna leiki. Ég get ekki sagt eftir

hvern leik að við séum óheppnir en við verðum að verjast betur,“ sagði Jol.

Michael Owen skoraði sitt fyrsta mark á St. James's Park í tvö ár í gær þegar hann tryggði Newcastle sigur á Wigan. Þetta var annað mark Owen í tveim leikjum og hann er allur að koma til.

„Það er alltaf gott að spila 90 mínútur og enda síðan daginn á því að skora sigurmarkið. Þetta er ástæðan fyrir því að maður er í fótbolta,“ sagði Owen brosmildur en Steve McClaren landsliðsþjálf-

ari var á vellinum og sá hann skora.

Leikmenn West Ham duttu í gírinn í gær er þeir rúlluðu Reading upp, 3-0, en Reading er ekki að spjara sig jafn vel og síðasta vetur.

„Ég er gríðarlega ánægður með strákana sem eru að koma inn í liðið enda eru mikil meiðslu í okkar herbúðum. Þetta var mikilvægur sigur til að rífa sig frá neðri hlutanum,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham.

henry@frettabladid.is

www.expressferdir.is/fotbolli

BOLTINN ER HJÁ OKKUR!

Næstu leikir:



WEST HAM - MIDDLESBROUGH

15. september

Verð á mann í tvíbýli 55.900 kr.



ARSENAL - DERBY COUNTY

22. september

Verð á mann í tvíbýli 59.900 kr.

Yfir 70 fótboltaferðir í boði
Smelltu þér á expressferdir.is og skoðuðu úrvalið!



Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Íslendingar í sviðsljósinu í þýska handboltanum í gær:

Róbert tryggði Gummersbach nauman sigur á Minden

HANDBOLTI Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Gummersbach unnu sinn fyrsta sigur á leiktíðinni í gær þegar liðið heimsótti Einar Örn Jónsson og félagi í Minden. Sigurinn var mjög naumur, 23-24, en það var línumaðurinn Róbert Gunnarsson sem tryggði Gummersbach sigurinn með marki tíu sekúndum fyrir leikslok. Róbert skoraði fimm mörk í leiknum.

Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur í liði Gummersbach með sex mörk en Einar Örn skoraði tvö mörk fyrir Minden. Sverre Jakobsson komst ekki á blað hjá Gummersbach í leiknum. Gummersbach virkar ekki sannfærandi í upphafi tímabils en liðið tapaði fyrsta leik sínum í vetur



RÓBERT GUNNARSSON Skoraði sigurmark gegn Minden skömmu fyrir leikslok.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

með átta marka mun.

Alexander Petersson átti stórleik fyrir Flensburg, sem rúllaði yfir Wilhelmshaven, 35-25. Alexander var markahæstur í liði

Flensburg en hann skoraði sex mörk í leiknum. Einar Hólmgeirsson skoraði tvö mörk fyrir liðið en þeir félagar fara vel af stað með sínu nýja félagi.

- hbg

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

EINSTÖK UPPLIFUN



Láttu ekki snjóleysi
skemma skíðafríð...
Í Colorado snjóar
að meðaltali 8-10
metra yfir tímabilið.

SKÍÐAFERÐIR TIL COLORADO

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE • KEYSTONE

Fjölbreyttir gistimöguleikar í boði - Eitthvað fyrir alla - Bókaðu strax



www.icelandair.is

Samstarfsaðili GB ferða



> Holly Hunter

Pegar Holly flutti fyrst til Los Angeles leigði hún íbúð með hópi af fólki, þar á meðal leikkonunni Frances McDormand og Joel og Ethan Coen. Sagt er að Coen-bræður hafi skrifað handritið að myndinni Raising Arizona með Holly í huga en sú mynd varð upphafið að glæstum ferli hennar. Holly leikur í myndinni A Life Less Ordinary á Stöð 2 Bíó kl. 22.10.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR RIFJAR UPP AUGLÝSINGAR

Hlegið í hléum

Yfirleitt skipti ég um stöð um leið og auglýsingahlé verður á þáttum. Þessi hlé fara í taugarnar á mér en þó má segja að þau veiti mér leið til að fylgjast með mörgum þáttum í einu. Það er til dæmis fint að skipta yfir á „So You Think You Can Dance“ öðru hvoru og fá smá innsýn í hvað er að gerast.

Stundum nenni ég þó ekki að teygja mig í fjarstýringuna og sit því undir auglýsingastráumnum og læt gera mér tilboð um stærri og betri klósetthreinsi og þvottaefni sem gerir allar flikur skjannahvítar á ný. Mér þykir þó gleðilegt að slíkum auglýsingum, sem yfirleitt eru illa talsettar af væmnum konuröddum, fer fækkandi. Með auknum fjáráðum banka og annarra stórfyrirtækja hafa orðið til skemmtilegar og oft á tíðum myndar íslenskar auglýsingar.

Nokkrar slíkar eru sýndar í sjónvarpinu um þessar mundir. Fólk sem borðar Opal getur til dæmis talað saman með tveggja cm bil



á milli sín og það er hægt að finna kú með hjálp þjónustuværs Vodafone. Bankarnir eru ríkir og hafa efni á dýrum auglýsingum. Bláu og appelsínugulu aukakrónurnar sem elta fólk á röndum eru dæmi um vel heppnaða og myndna auglýsingu sem hægt er að spila endalaust með. Þá hef ég mjög gaman af úrræðagöða fátæka námsmanninum í auglýsingu frá Glitni sem nýtir sér ýmsar smugur til að spara.

Bestu auglýsingarnar eru þó ekki endilega þær dýrustu. Sem dæmi um dýra en hundleiðinlega auglýsingu er sú nýjasta frá Kaupthingi í anda Kill bill. Þar fara saman tæknibrællur, flott myndataka og hundleiðinleg útfærsla sem missir algerlega marks.

Fyndnar auglýsingar eru þó ekki nýmæli hér á landi. Hver man ekki eftir Sigga Sigurjóns og plankastrekkjaranum í Byko-auglýsingu frá niunda áratugnum? Snilldarauglýsing sem hefur lítið kostað en lifir endalaust.

EKKI MISSA AF



20.05 Impressjónistarnir

SIJÓNVARPIÐ



20.00 Örlagadagurinn

STÖÐ 2



20.00 Spanglish

STÖÐ 2 BÍÓ



22.00 So You Think You Can Dance

SIRKUS



21.50 Sleeper Cell

SIJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Róbert Bangsi 08.10 Bubbi byggir 08.20 Pósturinn Páll 08.35 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Liló og Stitch 09.22 Sfgildar teiknimyndir 09.29 Suðandi stuð

09.50 HM í frjálsum íþróttum Beint.

13.00 Út og suður e.

13.30 Danmerkurleiðangurinn (1:5) e.

14.00 Danmerkurleiðangurinn (2:5) e.

14.30 Popp og pólitik (3:3) e.

15.30 Bikarkeppnin í fótbolta Beint.

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Stundin okkar (15:32)

18.25 Skoppa og Skritla (1:8)

18.40 Trúður verður kúreki Þýsk heimildamynd um Timo sem vinnur í sirkus, en hann á sér þann draum að verða kúreki og hnífakastari.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Út og suður (14:16)

20.05 Impressjónistarnir (1:3) Bresk þriggja þátta röð sem lýsir listasögunni og hvernig impressjónistar svo sem Monet, Cezanne og Renoir, koma þar við sögu.

21.05 Fréttirnar Þýsk verðlaunamynd frá 2005 um Austur-Þjóðverja sem fluttist vestur yfir eftir fall múrsins. Hann hefur komið sér vel fyrir en þá bankar fortíðin upp á.

22.40 Sönn íslensk sakamál e.

23.30 Danskeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 e.

01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SIJÓNVARPIÐ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Envy

08.00 Fever Pitch

10.00 Moon Over Parador (e)

12.00 Spanglish

14.10 Envy

16.00 Fever Pitch

18.00 Moon Over Parador (e)

20.00 Spanglish

22.10 Life Less Ordinary Húsvörður er rekinn úr starfi og rænar ofdekraðri dóttur eigandans til að koma fram hefndum. Aðalhlutverk: Holly Hunter, Ewan McGregor.

00.00 Memoirs of a Geisha

02.20 Foyle's War - Eagle Day

04.00 Life Less Ordinary



07.00 Pocoyo 07.10 Funky Valley 07.15 Addi Paddi 07.20 Hlaupin 07.30 Véla Villi 07.40 Barney 08.05 Fifi and the Flowertots 1 08.15 Stubbarnir 08.40 Doddi litli og Eyrnastór 08.50 Charlie and Lola 1b 09.05 Könnuðurinn Dóra 09.25 Ofurhundurinn Krypto 09.45 Camp Lazlo 1 10.10 Tracey McBean 2 10.25 Sabrina - Unglingsnornin 10.50 Háheimar 11.15 W.I.T.C.H. 11.35 Hestaklúbburinn

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

14.30 So You Think You Can Dance (21.23)

15.15 Pirate Master (13.14)

16.00 Commander In Chief (15.18)

16.45 Til Death NÝTT

17.15 Heima hjá Jamie Oliver

17.45 Oprah

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.15 60 mínútur

20.00 Örlagadagurinn (14.31) Glæskonan Guðrún Svava þurfti að horfa upp á Védís dóttur sína breytast úr fallegri ungru konu yfir í hrömandi gamalmenni á tveimur árum vegna alnæmis. Hún þurfti síðan að fylgja henni til grafar þegar Védís var aðeins 27 ára gömul.

20.35 Monk (7.16) Fyrirverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. 2006.

21.20 The Tudors Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Mayers er hér í hlutverki Henrys VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstílinn. Stranglega bönnuð börnum.

22.15 The 4400 (8.13) 2006.

23.00 Poirot - Mystery of the Blue Train Poirot snýr aftur í hörkuspennandi sakamálamynd þar sem morð og svik eru í aðalhlutverki. Ruth Katterring er moldríkur erfingur sem á í ástarsambandi við tvo menn og þeir liggja strax undir grun þegar hún finnst myrt um borð í lest. 2005.

00.35 Detective

02.00 Detective

03.25 Monk (7.16)

04.05 Dark Water

05.45 Fréttir

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SYN besta sætið

09.30 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

11.10 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

12.50 Heights of Passion Í þessum þætti verða viðureignir Flamengo og Vasco Da Gama teknar til umfjöllunar.

13.45 PGA Tour 2007 Sýnt frá lokadegi.

16.50 Það helsta í PGA mótardöðinni

17.15 Gillette World Sport 2007

17.45 Landsbankadeildin 2007 Bein útsending frá leik Víkinga og Vals í Landsbankadeildinni í knattspyrnu. Valsmenn hafa veitt FH-ingum verðuga keppni í baráttunni um titilinn en Víkingar eru hins vegar að berjast fyrir lífi sínu í deildinni.

20.00 PGA Tour 2007 Bein útsending frá þriðja degi á Deutsche Bank mótinu á PGA mótardöðinni í golfi. Þetta er annað mótið af fjórum í FedEx bikamum sem 144 stíga-hæstu kylfingar ársins fá að taka þátt í. Nú eru 120 kylfingar.

22.00 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

23.40 Landsbankadeildin 2007 (Vikingur - Valur)

SYN2

09.10 Premier League 2007/2008 (Man. Utd. - Sunderland)

10.50 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylt í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tveikið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrágerð eins og hún gerist best.

12.10 Premier League 2007/2008 (Arsenal - Portsmouth)

14.40 Premier League 2007/2008 (Aston Villa - Chelsea)

17.15 Premier League 2007/2008 (Blackburn - Man. City)

18.55 Premier League 2007/2008 (Reading - West Ham)

20.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylt í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.

22.00 Premier League 2007/2008 (Bolton - Everton)

23.40 Premier League 2007/2008 (Fulham - Tottenham)

SKJÁREINN

07.45 Vörutorg

08.45 MotoGP Bein útsending frá San Marínó þar sem þrettánada mótið í MotoGP fer fram. Þetta er ný braut í mótardöðinni og það verður stuð og stemning í San Marínó.

13.15 Dr. Phil (e)

14.00 High School Reunion (e)

15.00 The Biggest Loser (e)

16.00 Blow Out III (e)

17.00 Giada's Everyday Italian (e)

17.30 Andy Barker, P.I. (e)

18.00 How Clean is Your House? (e)

18.30 7th Heaven Bandarísk unglingssería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarnin áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

19.15 Charmed (e)

20.10 Sport Kids Moms & Dads - NÝTT

Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrar sem leggja allt í sölnurnar til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttagein.

21.00 3 Lbs (6.8) Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Stanley Tucci og Mark Feuerstein leika aðalhlutverk.

21.50 Sleeper Cell Hörkuspennandi þáttaröð um bandarískan alríkislögreglu-mann sem kemst í innsta hring hryðjuverkasamtaka. Darwyn þarf að vinna með nýjum leiðtoga hryðjuverkahópsins sem vill ekki hafa hann með í undirbúningi næstu ársár.

22.40 The Black Donnellys (e)

23.30 Raines (e)

00.20 Sex, love and secrets (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

SIJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur - mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ
MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS

THEODÓR JÚLISSON MAGNÚS ÓLAFSSON KRISTJÓRÐ KJELD PÉTUR EINHARSSON HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR ÓMAR RAGNARSSON SKAPTI ÓLAFSSON

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.20

The Tudors

The Tudor er átakanleg þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Meyers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstítillinn. Í þætti kvöldsins fær Hinrik sér nýja ástkonu en hún nær aðeins að halda athygli hans í stutta stund.



▶ SPORT KIDS MOMS & DADS - NÝTT

Skjár einn kl. 20.10

Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrarir leggja allt í sölurnar til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttgrein. Fylgst er með krökkum ganga í gegnum líkamlega og andlega erfiðar æfingar og keppnir, vinna sæta sigra og kynnast sársaukanum sem fylgir því að tapa.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Framtíð lýðræðis
10.15 Landnemasögur
11.00 Guðspjónusta í Lágafellskirkju
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Bókmenntir og landafræði
14.00 Ljóðabókin syngur
15.00 Kampavín og kaloriur
16.10 Jazzhátíð Reykjavíkur 2007
18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Auglýsingar
18.26 Í tilefni dagsins
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Söngvar af sviði: Öskubuska
19.50 Óskastundin
20.35 Minningar um merkisfólk
21.15 Í grænni lautu
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Leitinn að eldsneytinu
23.00 Andarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

10.30 Hollyoaks (1.260) Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

10.50 Hollyoaks (2.260)

11.10 Hollyoaks (3.260)

11.30 Hollyoaks (4.260)

11.50 Hollyoaks (5.260)

18.00 The George Lopez Show (5.22) (e)

18.30 Fréttir

19.00 Bestu Strákarnir (19.50) (e)

19.25 Nánar auglýst síðar

20.30 E-Ring (4.22) Spennuþáttur úr smíðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.

21.15 Filthy Rich Cattle Drive (7.8) (e)

22.00 So You Think You Can Dance (20.23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri dansstækni í hverri viku. (20.23) Nú eru aðeins sex keppendur eftir. Hverjir verða í toppbaráttunni? 2007.

▶22.55 So You Think You Can Dance (21.23) Sex keppendur vonast til þess að fá að taka þátt í toppbaráttunni en tveir verða þó að víkja. 2007.

23.50 Stelpurnar (2.10) Stelpurnar sprenglæglegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari.

00.15 Smallville (7.22) (e)

01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Cutting It 13.00 Boss Women 14.00 Doctor Who 14.45 Doctor Who Confidential 15.00 Strictly Come Dancing - The Story So Far 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 Days that Shook the World 18.00 Great Railway Journeys of the World 19.00 Paparazzi 20.00 Deafblind 21.00 The Ship 22.00 EastEnders 22.30 EastEnders 23.00 Days that Shook the World 0.00 Great Railway Journeys of the World 1.00 The Ship 2.00 Paparazzi 3.00 Cash in the Attic 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Little Robots 5.10 Binka 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

12.00 Gudstjeneste í DR Kirken 12.45 Nationen 13.05 Sporløs 13.35 William og Harry mindes deres mor 14.00 Forsvundet 15.30 Bamse's Billedbog 16.00 Mr. Bean 16.25 OBS 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Opera i Fælledparken 18.00 Kongernes Dal 19.00 21 Søndag 19.40 SøndagsSporten 20.05 Dogville 22.55 Høök

NK1

12.00 Bokprogrammet spesial 12.30 Ingmar Bergman 13.30 Dame Joan Sutherland - en operalegende 14.30 Trav: Norsk Trav Derby 15.30 Åpen himmel 16.00 I Tornekattet: Høst i Tornekattet 16.25 Wummi 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.00 VM friidrett Ósaka 2007: Kveldsmagasín 18.45 Forfengelighetens marked 21.00 Kveldsnytt 21.15 Rally-VM: Rally New Zealand 22.10 Riviera Cocktail 23.00 Larry Sanders-show

SVT 1

11.55 Packat & klart 12.25 En Noman i Pakistan 12.55 I love språk 13.55 Världen 14.55 Kvinnor i Östafrika 15.25 Dr. John 15.55 Anslagstavlan 16.00 Fem myror är fler än fyra elefanter 16.30 Upp med humöret, Emil 17.00 Djurgalen 17.30 Rapport 18.00 Studio Sumo 19.00 Sportspelein 19.15 Agenda 20.10 Den perfekta skilsmässan 20.40 Vetenskap - Lev längre 21.10 Rapport 21.20 Kobra intervju 21.50 Stephen Fry - mitt liv som manodepressiv

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

TEKINN 2

HEFST 14. SEPTEMBER

HVAÐA STJÖRNUR FALLA Í GILDRU AUDDA?

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.

NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL
HEFST Á MIÐVIKUDAGINN

SOTT FOLK



skemmtilegri

LÆRDÓMUR VIKUNNAR



„Hann hlýtur að vera sá að dómarrar virðast ekki lengur vera óhultir hér á landi. Eg vona bara að dómarrar framtíðarinnar þurfi ekki að klæðast hjálmmum og brynklæðum inni á vellinum.“

Gylfi Orrason knattspyrnuþjálfari en íslenskir knattspyrnuþjálfarar hafa verið töluvert í umræðunni að undanförmum.

HIN HLIÐIN JÓHANN HELGASON TÓNLISTARMAÐUR

Hjátrú er þvæla

Hvað er að fréttu? Allt hið besta. Ég er nýbúinn að skila frá mér Ljósanæturlaginu sem heitir Ó, Keflavík og er nú að undirbúa dúettdisk með Páli Rósinkranz og Valgerði Guðnadóttur. Ég sem lögin og Þórir Baldursson útsetur þau.

Augnlitur: Blár.

Starf: Tónlistarmaður.

Fjölskylduhagir: Giftur Guðrúnu Einaradóttur og á fimm falleg börn. **Hvaðan ertu?** Ég er fæddur og uppalinn í Keflavík. Bý nú á Sel-tjarnarnesi og hef gert síðan 1981.

Ertu hjátrúarfullur? Nei. Hjátrú er þvæla.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:

Fer eftir stemningunni hverju sinni. Horfi annars mjög lítið á sjónvarp.

Uppáhaldsmatur: Indverskur. **Fallegasti staðurinn:** Hálendi Íslands.

iPod eða geislaspilari: Hvort tveggja hefur sína kosti og galla. Get hreinlega ekki gert upp á milli.

Hvað er skemmtilegast? Að semja.

Hvað er leiðinlegast? Að strauja skyrtur.

Helsti veikleiki: Ég á það til að skapa mér óþarfa áhyggjur að ástæðulausu.

Helsti kostur: Samviskusemi.

Helsta afrek: Börnin mín.

Mestu vonbrigðin: Ég reyni að líta jákvæðum augum á alla hluti og dvelja sem minnst við vonbrigðin.

Hver er draumurinn? Að ég og mínir nánustu haldi góðri heilsu.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Ólafía Hrönn og Laddi.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þröngsýni og alhæfing.

Hvað er mikilvægast? Að þroskast.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Þótt gengi KR-inga hafa verið langt undir væntingum Vesturbæjarstórveldisins hefur slök frammistaða Keflvíkinga að undanförmum einnig vakið mikla athygli. Keflvíkingar hafa aðeins hlotið tvö stig úr undanförmum leikjum og kom það síðara eftir jafntefli við Fram, sem nú á í harðri fallbaráttu. Athygli vekur að liðið hefur ekki unnið leik síðan **Bjarni Guðjónsson** skoraði frá miðju í frægum leik Skagans og Keflvíkinga og má með sanni segja að þetta skot landsliðsmannsins fyrrverandi hafi hreinlega tekið liðið frá Bítlabænum úr sambandi.



Og eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var aðstandendum Veðramóta meinað að hengja upp plakati í húsakynnum Menntaskólans í Reykjavík sökum þess að þar væri stúlka að reykja.

Þar var **Haldór Halldórsson**, sonur **Guðnýjar**, fremstur í flokki. Eitthvað virðast reykingar skipa stórt hlutverk hjá þeim sem að myndinni standa því í Morgunblaðinu var auglýst eftir salarkynnum fyrir veisluna eftir frumsýningu en þar stóð skýrt og greinilega að reykingar væru algjört frumskilyrði fyrir því að partið væri haldið þar.



Partið var haldið þar.



VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Finnur Ingólfsson.
- 2 Menntaskólanum í Reykjavík.
- 3 Bjarnólfur Lárusson, leikmaður KR.

KARL JÚLIUSSON: GERIR LEIKMYND VIÐ THE HURT LOCKER

Breytir Amman í Bagdad

„Ég er nú bara uppi á hótélherbergi hérna í Petra, sem er svona eiginlega Kópavogur Amman, rétt fyrir utan,“ segir Karl Júlíusson, sem hefur nú í fimm mánuði unnið í Jórdaníu að gerð leikmyndar fyrir kvikmyndina The Hurt Locker. Leikstjóri myndarinnar er Katherine Bigelow en með aðalhlutverkið fer Jeremy Renner. Karl og Renner ættu að vera farnir að þekkja ágætlega því bandaríski leikarinn lék einnig í kvikmynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven, sem Karl gerði leikmyndina við. „Við erum einmitt í smá pásu núna því hann sneri sig eitthvað illilega en við reiknum með að byrja aftur von bráðar,“ segir Karl en áætlað er að tókum ljúki 26. september.

Meðal annarra leikara í myndinni má nefna stórleikarann Ralph Fiennes og áströlsku stjórnuna Guy Pierce en gert er ráð fyrir að hún verði frumsýnd síðsumars á næsta ári eða næsta haust. „Tökuliðið heldur síðan til Bandaríkjanna að þeim loknum og þar fara fram einhverjar tókur en ég kem bara heim.“

Kvikmyndin The Hurt Locker segir frá sprengjusveit sem er gert að aftengja sprengjur frá Al-Kaída í Íraksstríðinu. Myndin gerist að öllu leyti í Bagdad en eðlilega var ekki hægt að fara með kvikmyndatökuliði þangað sökum ástandsins þar. Hlutverk Karls var því að breyta Amman í

Bagdad. „Ég hef verið að byggja rústir og einnig verið í nánú samstarfi við bandarískt sprengjuliði sem sérhæfir sig í þessum verkefnum,“ segir Karl.

Mið-Austurlönd hafa verið töluvert mikið í fréttum og oftar en ekki eru þær tengdar við heittrúaða múslima sem brenna bandaríska fána á götum úti. Karl segist vissulega hafa komið til Jórdaníu með fyrir fram ákveðnar skoðanir en fljótlega gert sér grein fyrir því að þær væru matreiddar að hætti CNN og annarra alþjóðlegra stöðva. „Nú horfi ég bara á Al-Jazeera, bestu sjónvarpsstöð í heimi,“ segir Karl og hlær en þar liggur augljóslega eitthvað meira að baki. „Að fá að vera hérna í allan þennan tíma hefur í einu orði sagt verið ótrúlega uppfræðandi og menntandi. Ég kann ótrúlega vel við mig hérna og að fá að kynna þessum heimshluta með eigin augum eru eiginlega forréttindi. Þetta er eitthvað það gestrisnasta og yndislegasta fólk sem ég hef kynnst,“ segir Karl og heldur áfram.

„Okkur hefur verið tekið með kostum og kynjum, verið boðið í mat og kaffi og þetta er bara eins og að sitja í teboði uppi í Mávalhlíð, einfaldlega fólk með sömu vandamál og við,“ útskýrir Karl. „Þessi dvöl hefur breytt mínu viðhorfi og að fá að kynna fólkinu hérna undir þessum formerkjum er algjörlega einstakt.“



BAGDAD The Hurt Locker segir frá sprengjusveit sem fær það hlutverk að aftengja sprengjur frá Al-Kaída.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



EINSTÖK DVÖL Karl hefur verið í fimm mánuði við störf í Jórdaníu og segir þetta hafa breytt viðhorfi sínu til þessa heimshluta.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

KVIKMYNDIR KARLS

Í skugga hrafnins (1988): Hrafn Gunnlaugsson
Breaking the Waves (1996): Lars von Trier
Dancer in the Dark (2000): Lars von Trier
K19: The Widow Maker (2002): Katherine Bigelow
A Little Trip to Heaven (2005): Baltasar Kormákur
The Hurt Locker (2008): Katherine Bigelow



Á Akrafjall eftir sigurleiki ÍA

Katrín Leifsdóttir, heimilisfræðikennari í Grundaskóla á Akranesi og móðir Páls Gísla Jónssonar, markvarðar Skagaliðsins í knattspyrnu, hefur í sumar gengið upp á Háahnúk á Akrafjalli í hvert skipti sem liðið ber sigur úr bítum í leikjum Landsbankadeildarinnar. Hún segir hugmyndina nánast úr lausu lofti gripna. „Strákarnir í Skagaliðinu töpuðu og töpuðu í vor. Ég sagði svo einhvern tímann við Pál Gísla að nú myndi ég labba á fjallið í hvert skipti sem þeir færu með sigur af hólm. Þá fóru þeir að vinna! Ég labbaði fyrst 10. júní og er búin að labba sjö sinnum síðan.“

Katrín gengur ekki alltaf ein því henni hefur tekist að fá tengdadóttur

ur sína, dóttur, systur og vinkonu með. Hún segist þó aldrei fresta göngunni að ráði og fer jafnvel upp á fjall strax eftir leiki. Hún segir að þótt gangan taki stuttan tíma sé þetta prýðis kraftganga en Háahnúk er í 555 m hæð.

Aðeins þrjár leikir eru eftir á þessari leiktíð en Katrín útilokar ekki að hún endurtaki leikinn og þótt Skagaliðið hafi fyrst farið að sigra í leikjum eftir að Katrín hét á það segist hún ekki þakka sér sigra liðsins. „Nei, þetta var nú meira gert í gríni. Annars er þetta ágætis hvatning fyrir mig til þess að fara á fjallið. Það er spurning hvort ég taki ekki að mér að labba fyrir fleiri lið.“



Á FÓTBOLTLEIK Katrín hefur staðið við stóru orðin og hefur allt í allt gengið áttá sinnum upp á Akrafjall í sumar.

- sók

Bumban burt

Átta vikna átaknámskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. Ný námskeið eru að hefjast, skráning er hafin. www.hreyfigreining.is

HREYFI GREINING

SJÚKRAPJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT

Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

SKÝRARI
MYND
en þú átt að venjast

DSLRA100W
SONY ALPHA D-SLR með 2 linsum
Stafræn Reflex myndavél frá Sony
10 megapíxlar
Alpha-mount notar Sony
og A-mount Minolta linsur
APS-C CCD (myndflaga)
Hristivörn á myndflögur
gerir allar linsur hristivarðar
Rykvörn á myndflögu hamlar ryki í myndum
ISO 100-1600
Lokuhraði 1/4000 - 30sek
2,5" LCD skjár
18-70mm linsa og 75-300mm linsa fylgja



149.950,-
49.950 kr kaupauki

DSCW85
SONY CYBERSHOT W85
7,2 megapíxlar
HD tengi fyrir HD sjónvörp (16:9)
Sjálfvirkir andlitsleitarkerfi fyrir betri fókus
BIONZ örgjörvi (ALPHA)
3x Optical zoom
Carl Zeiss Vario Tessar linsa
2,5" LCD skjár 115 þúsund punkta
350 myndir á hleðslu með skjá



34.950,-
Sparaðu 10.000 kr

DCRSR52
SONY HARD DRIVE HANDYCAM SR52
1Megapixel Advanced HAD myndflaga
Allt að 20 klst. upptaka á 30 GB harðan disk
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
25x optical aðdráttur
2000x stafrænn aðdráttur
3G fallvörn á hörðum disk
2.7" Wide" LCD snertiskjár
Super SteadyShot - hristivörn
Super NighShot Plus - myndaðu í myrkri í lit
MemoryStick Duo - fyrir kyrrmyndir
Tengistöð fylgir



69.950,-
Sparaðu 20.000 kr

SC

Sony Center®

KRINGLUNNI
588 7669



BAKÞANKAR

ÞÓRGUNNAR ODDSDÓTTUR

Að drepa hugsjónir

Þegar ég var lítil dreymdi flesta drengi um að verða lögreglu-menn. Þeim þótti spennandi að fá að aka greitt um götur bæjarins með sírenurnar í gangi og heilluð-ust af þeirri hugsjón að bjarga saklausum borgurum frá vondu körlunum. Nú til dags ætla ungir strákar að verða áhættufjárfestar, framkvæmdastjórar og verðbréfa-miðlarar þegar þeir verða stórir, og jafnaldrar mínir sem létu lög-regludrauminn rætast hafa skipt um starfsvettvang vegna lágra launa.

KANNSKI þykir ekki eftirsókn-arvert lengur að handsama glæpa-menn og halda uppi lögum og reglu. Kannski er það álíka ómerkilegt og að standa við kennaraborði-ð og uppfræða æsku landsins. Umræðan um kjaramál lögreglu-þjóna er vissulega ekki orðin eins gömul og rotin og umræðan um kennaralaunin en í grunninn er þetta sama þrotlausa baráttan.

„ÞAÐ þarf að hækka launin til þess að laða hæft starfsfólk í þessi störf,“ ómar úr sjónvarpinu og ég hef ekki hugmynd um hvort þar er verið að ræða kjör kennara eða lögregluþjóna. Umræðan gæti líka allt eins fjallað um sjúkraliða, sjúkraflutningamenn eða leik-skólakennara því alls staðar er það sama upp á teningnum. Það er ekkert að hafa upp úr klisjukenndum hugsjónum um að uppfræða fólk, bjarga mannslífum og standa vörð um réttlætið. Hugsanlega geta menn fundið einhverja fró í slík-um störfum en langi menn í pen-inga verða þeir að róa á önnur mið.

PENINGAR eru ekki allt en þeir skipta fjáru miklu máli. Þótt ráða-menn tali um mikilvægi mannaúðs við hátiðleg tilefni liggur það í augum uppi að peningar eru eini auðurinn sem virkileg virðing er borin fyrir. Við rifnum úr þjóðar-stolti þegar við sjáum nöfn íslensku peningamannanna skrifað upp lista yfir ríkustu menn í heimi, meðan engum dettur í hug að setja saman lista yfir bestu kennara heims.

ÉG er svo þröngsýn að ég get ekki skilið sjónarmið þeirra sem þykir laun kennara sanngjörn. Mér finnst líka eitthvað óhugnanlegt við tilhugsunina um lögreglu skip-aða mönnum sem nenna varla að eltast við bófana af því að launin sem þeir fá fyrir vikið eru svo lág. Lögregluþjónar og kennarar eiga skilið að störf þeirra séu metin til fjár, þó ekki sé nema til þess að börn geti áfram látið sig dreyma um að aka lögreglubíl með blikk-andi ljósum og sírenum.

PENINGAHYGGJAN má ekki drepa hugsjónirnar.

www.icelandexpress.is

Express JULEFROKOST



Góður kostur

» Julefrokost í Kaupmannahöfn er einhver huggulegasta upplifun sem hægt er að hugsa sér fyrir jólin. Borgin ljómar af jólaljósum og ilmurinn af ristudum möndlum og glöggi fyllir vitin. Danir kunna að magna upp jóla-stemninguna og julefrokostinn þeirra á sér enga líka. Verslunarmöguleikar í Kaupmannahöfn eru óþrjótandi og duglegir ferðamenn geta hæglega afgreitt jólainn-kaupin á einu bretti.

Express ferðir bjóða í nóvember og desember ferðir til Kaupmannahafnar á frábæru verði þar sem innfalið er gisting á fjögurra stjörnu hóteli, jólahlaðborð í Domhuskælderan við Strikið og miði í Tívoli.

Flug, hótél og julefrokost

16.–18. nóvember	54.900 kr.
23.–25. nóvember	54.900 kr.
30. nóvember–2. desember	54.900 kr.
7.–9. desember	54.900 kr.
14.–16. desember	54.900 kr.

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



» www.icelandexpress.is

Iceland Express

visir.is
Fyrstur með fréttirnar